# FRÉTTABLAÐIÐ

46. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 6. MARS 2021




## Ólga innan lögreglunnar

Kosning Fjölnis Sæmundssonar sem formanns Landssambands lögreglumanna er talin bera vott um óánægju meðal lögreglumanna og kom það mörgum á óvart að þeir kysu yfirlýstan sósíalista. Fjölnir vill gera gagn en segir undirmönnun lögreglunnar brot á réttindum borgaranna. → 22

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Þurfum að vanda okkur meira

Bryndís Bolladóttir hannar hljóðlausnir úr endurnýttri ull. → 26



## Enginn á skilið að gleymast

Snærós Sindradóttir fjallar um tvöfalt andlát á Steingrímsfjarðarheiði árið 1991. → 28



## Skekkjumörk dauðans

Réttarlæknirinn Pétur Guðmann gefur höfundum nasaþef af nálykt á námskeiði. → 50






**COVID-19 lék Strætó afar grátt á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Strætó bs. fær stóran yfirdrátt vegna faraldurs

**STRÆTÓ** Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt beiðni Strætó bs. um að sækja um 300 milljóna króna yfirdrátt, í öryggisskyni, til að tryggja fjárstreymi fyrirtækisins út árið.

Á fundi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í byrjun febrúar var fjárhagsleg staða og rekstraráætlun kynnt, þar sem var samþykkt að fyrirtækið fengi leyfi til að sækja um yfirdráttinn.

Á fundinum kom fram í máli Jóhannesar Rúnarssonar, framkvæmdastjóra Strætó, að gert væri ráð fyrir að tekjur ársins yrðu 80 prósent af tekjum ársins 2019. Tekjur fyrir COVID-árið 2020 hefðu verið 800 milljónum lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Taka þurfi lán til að mæta þessu tekjufalli. – bb

## Eldgos talið ólíklegt



**Keilir séður vestan megin frá á dulúðugu Reykjanesinu. Þótt kvikuhreyfingum sé ekki lokið telja vísindamenn ekki miklar líkur á eldgosi þegar þetta er skrifað. Ef til goss kemur benda öll fyrirliggjandi gögn til þess að það verði á svæðinu milli Fagradalsfjalls og Keilis.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hreinlæti gott á flugvellinum

**SAMGÖNGUMÁL** Keflavíkurflugvöllur hlaut viðurkenningu fyrir þjónustu við farþega hjá Alþjóðasamtökum flugvalla, ACI. Er hann meðal átta flugvalla í Evrópu sem taka við 5 til 15 milljónum farþega árlega sem hlutu viðurkenninguna. Hinir eru í Lundúnum, Belgrad, Portó, Möltu, Kraká, Faro og Sotsji.

**» Keflavíkurflugvöllur hlaut einnig viðurkenningu fyrir hreinlæti á COVID-tímum.**

Viðurkenningin hefur verið veitt síðan árið 2004 og Keflavíkurflugvöllur hefur áður verið með þeim efstu.

Að þessu sinni var bætt við sérstökum hreinlætisflokki í ljósi heimsfaraldursins. Hlaut Keflavíkurflugvöllur viðurkenningu þar einnig ásamt 14 öðrum flugvöllum í Evrópu. – khg

## Dómur hafnar kröfu ráðherra

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um að ógilda úrskurð kærunefndar jafnréttismála um að ráðherrann hefði brotið lög með því að vanmeta konu í samanburði við karl.

Málið var höfðað gegn Hafdísi Helgu Ólafsdóttur sem kærði ráðningu Páls Magnússonar í embætti ráðuneytisstjóra.

**» Málinu verður áfrýjað til Landsréttar.**

Íslenska ríkið mun bera 4,5 milljónir króna í málskostnað en ráðherra hefur þegar tilkynnt að dómnum verði áfrýjað til Landsréttar. Mun hún ekki tjá sig um málið meðan það er til afgreiðslu hjá dómstólum. – ilk, ókp

# Stólar á handverkið

**Flugstjórinn Jóhann Ingi var ráðinn til Play, sem hefur ekki enn hafið flugstarfsemi vegna COVID. Hann hugsar í lausnum og handsmíðar nú útistóla.**

**SAMFÉLAG** Jóhann Ingi Helgason starfaði á sínum tíma sem yfirflugstjóri hjá WOW air og nú er hann flugmaður hjá Play. Vegna heimsfaraldursins hefur síðarnefnda flugfélagið ekki náð að komast á flug, ef svo má að orði komast. Jóhann Ingi situr þó ekki auðum höndum og smíðar nú útistóla undir nafninu jHandmade.

„Ég var ráðinn sem flugstjóri hjá Play árið 2019 og út af COVID-19 er náttúrulega ekkert búið að gerast. Við sitjum því bara og bíðum eftir því að hlutirnir lagist. Í millitíðinni hefur maður verið á fullu að finna sér eitthvað að gera.

Ég var búinn að taka nánast allt húsið í gegn, smíða svefnloft, klifurveggi og ég veit ekki hvað og hvað. Svo núna um áramótin eru öll þessi verkefni búin. Þá fór maður að spyrja sig hvað maður ætti að taka sér næst fyrir hendur," segir Jóhann Ingi.

Hann segir það hafa hjálpað mikið að hafa nóg fyrir stafni til að halda sönsum.

„Ég veit ekkert hvernig þessi hugmynd kom til mín en ég ákvað að smíða útistól fyrir pallinn. Ég fór aðeins að líta í kringum mig og skoða ýmsar tegundir stóla. Síðan fann ég þessa tegund sem kallast Adirondack og er mjög vinsæl í Bandaríkjunum og Kanada. Þetta er svo svokölluð „Cape Cod"-útgáfa af stólum sem ég er að smíða. Ég fékk nokkurs konar uppskrift á netinu og byrjaði á fullu að smíða í bílskúrnum," segir hann.

Jóhanni Inga langaði til að gera veglegan en jafnframt þægilegan stól.

„Svo þegar ég er búinn að smíða stólinn þá hafa margir orð á því við mig að þeim langi í svona stól. Þá fer ég af stað með nokkurs konar fikt og þróun, til að þeir henti fyrir íslenskt veðurfar. Hugsunin hjá mér var sú að stóllinn geti staðið úti allan ársins hring, öðruvísi en með baststólana með pullunum sem enda úti um allt í veðrum og vindum."



**Flugstjórinn Jóhann Ingi situr ekki auðum höndum heldur smíðar nú Adirondack-stóla sem henta vel íslensku veðurfari.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég var búinn að taka nánast allt húsið í gegn, smíða svefnloft, klifurveggi og ég veit ekki hvað og hvað.
>
> Jóhann Ingi Helgason

Stólarnir koma í nokkrum tegundum og hefur Jóhann Ingi gefið þeim virðuleg nöfn á borð við Jarl og Hertogi.

„Þetta eru náttúrulega frekar massífir stólar úr þungum við. Ég smíða stólinn og unnustan mín sér um kynningarmálin, þú hefðir kannski átt að tala frekar við hana," segir hann og hlær.

Jóhann Ingi hefur alltaf verið handlaginn, í það minnsta að sögn móður hans.

„Mamma segir það allavega. Mér hefur alltaf þótt sérstaklega gaman að vinna úr timbri. Það er stundum eins og það hafi sprungið poki af sagi hérna og allt undirlagt af sagi, ryki og drullu.

En þetta er eins mikil heimaframleiðsla og hugsast getur. Ég smíða þá og mála úti í bílskúr, svo eru þeir teknir hérna inn í stofu til að þorna. Þetta er eins heimilislegt og hugsast getur," segir hann léttur í bragði. **steingerdur@frettabladid.is**




# BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!

## SIGURVEGARI EUROPEAN CAR OF THE YEAR AWARDS 2021




TOYOTA YARIS HYBRID ER BESTI BÍLLINN Í EVRÓPU 2021

Markmið ECOTY-verðlaunanna er að velja besta bílinn ár hvert, einn sigurvegara þvert á flokka.

Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1964.

Í nefndinni sátu 59 dómarar frá 22 löndum, fjölmiðlafólk úr fremstu röð bílatímarita.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ | 3 ÁRA ÞJÓNUSTA | SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

**TÖLUR VIKUNNAR** 28.02.2021 TIL 06.03.2021

**600** íbúðir flokkaðar sem sértæk úrræði koma inn á markaðinn í ár.





**90** prósent íslenskrar tónlistarsölu eru í gegnum Spotify.

**24%** fólks 18 til 25 ára segjast finna til einmanaleika.



**13** hættulegar vörur tilkynnti Ísland til ESB á síðasta ári.





**131** milljarður er umfram eigið fé stóru viðskiptabankanna.

## Þrjú í fréttum
## Formaður, þingmaður og hrafn

**Þóra Jónsdóttir**
*formaður Hæglætishreyfingarinnar á Íslandi*



segir að í grunninn snúist áhersla hreyfingarinnar um að taka sér tíma í það sem verið er gera. Þóra segir hæglæti snúa að því að vera með athygli á núlíðandi stund. „Að heyra og hlusta, að anda og njóta, að velja meðvitað að takmarka streitu, draga úr neyslu, taka sér minna fyrir hendur og gera færri hluti í einu,“ segir hún.

**Karl Gauti Hjaltason**
*þingmaður Miðflokksins*



vill vita hvort lögreglunemar skili sér til lögregluembættanna. „Það hefur verið talað um að konur hætti frekar í lögreglunni. Að þær fari í lögregluna í eitt eða tvö ár en haldi svo í önnur störf, sérstaklega á þeim tíma þegar atvinnuleysi var ekki hátt,“ segir Karl Gauti, sem sjálfur var skólastjóri Lögregluskólans árin 2014 til 2017, áður en náminu var breytt og það flutt til Háskólans á Akureyri.

**Hrafn Hrafnar**
*silfurhrafn*



var að spóka sig í Mosfellsbæ nýlega þar sem Halldór Pétur Halldórsson áhugaljósmyndari náði af honum mynd. Kristinn Haukur Skarphéðinsson dýravistfræðingur segir vanta litarefni í hrafna sem svona eru á litinn. Þeir séu oft móbrúnir, gráleitir eða silfraðir. Svona fuglar sjáist árlega en séu samt mjög sjaldgæfir.

# Andvíg siglingaklúbbi barna við skólpdælustöð í Skeljanesi

**Heilbrigðiseftirlitið mælir gegn tillögu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um aðstöðu fyrir siglingaklúbb fyrir börn við skólpdælustöð í Skerjafirði. Dælustöðin sé ekki með yfirfallsrás heldur aðeins neyðarlúgu sem hleypa myndi út gríðarlegu magni af skólpi sem meðal annars gæti borið með sér veirur eins og COVID-19.**

**SKIPULAGSMÁL** „Að mati HR ætti hafnsækin starfsemi og þá sérstaklega starfsemi fyrir börn og unglinga ekki að vera staðsett í nágrenni skólpdælustöðvar,“ segir í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um þá hugmynd frá skipulagsfulltrúa borgarinnar að aðstaða fyrir siglingaklúbb barna og unglinga verði við skólpdælustöð í Skeljanesi

Breytingar standa fyrir dyrum í Fossvogi og Skerjafirði, meðal annars smíði brúar yfir í Kársnes og nýtt íbúðahverfi vestan við brautarenda Reykjavíkurflugvallar og austan við byggðina í Skerjafirði. Til skoðunar er að flytja siglingaklúbb barna og unglinga úr Nauthólsvík að skólpdælustöðinni við Skeljanes.

„Þegar ráðist var í hreinsun strandlengjunnar í Reykjavík og tekin ákvörðun um að koma upp baðstað í Nauthólsvík, var dælustöð fyrir skólp fundinn staður við Skeljanes, til að tryggja að hætta á skólpmengun á baðstaðnum og aðstöðu fyrir siglingaklúbb fyrir börn og unglinga væri í lágmarki,“ rifjar heilbrigðiseftirlitið upp.

Dælustöðin sé ekki með yfirfallsútrás til að minnka líkur á skólpmengun, heldur aðeins neyðarlúgu sem opnast beint í fjöruborðið. „Á álagstímum svo sem vegna mikillar úrkomu við viðhald og ef bilun verður, rennur því óhreinsað skólp beint í sjóinn við hlið stöðvarinnar. Það magn sem losnar er 1.750 lítrar á sekúndu.“

Samkvæmt reglum skuli fjöldi hitaþolinna kólíbaktería eða saurkokka í að minnsta kosti 90 prósentum tilfella vera undir 100 per 100 millilítra við útivistarsvæði og fjörur.

„Ef óhreinsað skólp er losað í fjöruborð geta gerlatölur hlaupið á hundruðum þúsunda, jafnvel meira, og tugþúsundum þegar þynning eykst,“ segir í umsögninni. Siglingaklúbburinn ætti ekki að vera við skólpdælustöðina.




**Uppdráttur að fyrirhuguðum siglingaklúbbi barna og unglinga við skólpdælustöðina í Skeljanesi í Skerjafirði.**

> **Ef álag verður of mikið eða bilun verður getur neyðarlúga opnast án fyrirvara og gerlamengun borist á það svæði sem börn og ungmenni eru að stunda siglingar á.**
>
> Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

„Aðstaðan yrði staðsett innan varnargarðs við hlið núverandi dælustöðvar,“ bendir heilbrigðiseftirlitið á. Ný dælustöð sé teiknuð úti á varnargarðinum og athafnasvæði siglingaklúbbsins yrði því á áhrifasvæði dælustöðva. Ef neyðarlúga opnist verði gerlamengun í umhverfinu langt yfir leyfilegum mörkum.

„Ef álag verður of mikið eða bilun verður, getur neyðarlúga opnast án fyrirvara og gerlamengun borist á það svæði sem börn og ungmenni eru að stunda siglingar á. Í skólpi eru auk saurkóligerla og enterokokka fjöldi sjúkdómsvaldandi örvera, meðal annars ýmsar veirur, svo sem COVID-19. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggst því gegn því að siglingaklúbbur fyrir börn verði staðsettur á þessum stað,“ segir heilbrigðiseftirlitið.

Í tillögu skipulagsfulltrúa er einnig gert ráð fyrir smábátahöfn neðan við nýja byggð í Skerjafirði, nokkru innan við skólpdælustöðina. Segist heilbrigðiseftirlitið ítreka að slík starfsemi ætti ekki að vera í nágrenni skólpdælustöðvar.

„Umferð smábáta yrði um svæði sem hætta væri á gerlamengun ef neyðarlúga opnast. HER telur ekki æskilegt að beina útivist í formi siglingar inn á áhrifasvæði skólpdælustöðvarinnar og telur að slíkri aðstöðu ætti að finna stað í meiri fjarlægð.“ **gar@frettabladid.is**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep


kronotex
FLOORS FOR LIVING
2017-2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan
2016 2020
Framúrskarandi fyrirtæki
HARÐPARKET
DAGAR
VORUM AÐ FÁ TIL OKKAR
STÓRA SENDINGU
AF HÖRKU PLANKA HARÐPARKETI
YFIR 50 TEGUNDIR TIL Á LAGER
Á MJÖG GÓÐU VERÐI
DER BLAUE ENGEL
weil emissionsarm und recyclinggerecht
FEUCHTESCHUTZ
MOISTURE GUARD CORE
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

## Velta í ferðaþjónustu dróst saman



Minni velta var í rekstri gististaða.

**VIÐSKIPTI** Velta í ferðaþjónustu dróst saman um 79 prósent á milli áranna 2019 og 2020, úr 97 milljörðum í 21 milljarð. Á tímabilinu nóvember til desember árið 2019 veltu ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur tólf milljörðum en á sama tímabili á síðasta ári var veltan einn milljarður. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Velta á rekstri gististaða dróst einnig saman á milli ára og var í fyrra 35 milljarðar samanborið við 99 milljarða árið 2019. Þá dróst velta á veitingasölu og þjónustu saman um 40 prósent sé horft til tímabilsins nóvember til desember á síðasta ári og borið saman við árið á undan.

Í fyrra var veltan á umræddu tímabili tíu milljarðar miðað við sautján ári fyrr.

Velta í stórmörkuðum var fimmtán prósentum meiri á tímabilinu nóvember til desember árið 2020 en á sama tímabili árið áður. – **bdj**





**Tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum til verkefna sem framkvæmd verða á tímabilinu: 1. júlí – 31. desember 2021.**

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

**Umsóknarfrestur rennur út 3. maí 2020 kl. 15.00*.**

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á **www.rannis.is**. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Rannís,
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800
tonlistarsjodur@rannis.is.

*Ath. breyttan lokunartíma sjóðs.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun







Happdrætti Háskóla Íslands er annað tveggja fyrirtækja hérlendis sem sjá um rekstur spilakassa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vandinn hverfur ekki með lokun spilakassa

**Forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands segir lokun spilakassa ekki leysa vanda spilafíkla. Hlutverk HHÍ er að fjármagna uppbyggingu háskólans og nýta til þess hagnað. Um þriðjungur hagnaðar ársins 2019 fór til háskólans.**

**SAMFÉLAG** „Það leysir ekki allan vanda þeirra sem eiga við spilafíkn að etja, að loka happdrættisvélunum,“ segir Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands (HHÍ), aðspurð um afstöðu HHÍ til kröfu Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS) um lokun spilakassa.

Niðurstöður viðhorfskönnunar sem framkvæmd var af Gallup síðasta vor sýndu að 86 prósent Íslendinga vildu að spilakössum yrði lokað til frambúðar, en spilakössum var lokað vegna sóttvarnareglna í kórónaveirufaraldrinum. Happdrætti Háskólans er annað tveggja fyrirtækja sem reka spilakassa hér á landi, hitt er Íslandsspil sem rekið er af Rauða krossinum og Landsbjörg.

Fyrirtækin tvö reka einnig heimasíðuna abyrgspilun.is með það að markmiði að leggja sitt af mörkum til að styðja við íslenskar rannsóknir á spilafíkn og ábyrga spilun. Spurð að því hvort þversögn felist í því að HHÍ taki þátt í rekstri vefsíðunnar og leggi sitt af mörkum til að hjálpa spilafíklum þegar stór hluti þess hóps segir neyð sína og vanda mega rekja beint til spilakassanna sem sömu fyrirtæki reka segir Bryndís að svo sé ekki.

„HHÍ hefur lagt sig fram við að stuðla að ábyrgri spilamennsku og haft frumkvæði á þessu sviði án aðkomu eða afskipta eftirlitsaðila

> **Með núverandi fyrirkomulagi, skilar starfsemin umtalsverðum tekjum til samfélagslegra mikilvægra málefna, tekjum sem ella hyrfu alfarið úr landi.**
>
> Bryndís Rafnkelsdóttir, forstjóri HHÍ



og meðal annars fengið vottun samkvæmt staðli evrópskra ríkishappdrætta um ábyrga spilun (Responsible gaming certificate). Hér er því ekki um neina þversögn að ræða,“ segir Bryndís.

Hlutverk HHÍ er að fjármagna uppbyggingu Háskóla Íslands, bæði er varðar húsnæði og tæki. Bryndís segir það lögbundið hlutverk HHÍ að fjármagna húsbyggingar Háskólans og að happdrættið hafi nú fjármagnað á þriðja tug háskólabygginga. „Það hefur ríkt samfélagsleg sátt um þetta form og HHÍ heldur utan um reksturinn með ábyrgum hætti,“ segir hún.

Allur hagnaður af rekstri HHÍ skal nýttur til uppbyggingar Háskólans. Spurð að því hversu miklar tekjur HHÍ hlaut af spilakössum á síðasta ári segir Bryndís HHÍ ekki gefa upp tekjur „einstakra þátta í starfsemi sinni“.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2019 var hagnaður HHÍ það árið rúmir 1,6 milljarðar króna. Í árslok átti happdrættið tæpa þrjá milljarða í eigið fé, þar af um 1,2 milljarða í handbært fé. Sama ár voru framlög og greiðslur til Háskóla Íslands 580 milljónir króna.

Uppi hefur verið umræða um að taka upp svokölluð spilakort hér á landi en í þeim felst að spilarar spili með fyrirframgreiddum spilakortum. Þannig megi stjórna betur þeim fjárhæðum sem spilað sé fyrir. Bryndís segir HHÍ lengi hafa bent á kosti slíkra korta, en að einnig sé unnið að lausn sem snúi að því að spilarar auðkenni sig með rafrænum hætti.

Bryndís segir að horfa þurfi á málið í stærra og víðara samhengi en með lokun spilakassa. Til að mynda þurfi að taka erlenda netspilun inn í myndina. Þeir sem spili finni sér annan farveg og lokun kassanna gæti leitt til þess að spilun færðist úr löglegu umhverfi og undir radarinn, einnig yfir á netið. „Í stað þess og með núverandi fyrirkomulagi, skilar starfsemin umtalsverðum tekjum til samfélagslegra mikilvægra málefna, tekjum sem ella hyrfu alfarið úr landi.“

**birnadrofn@frettabladid.is**

## Segja Borgarlínu hágæðaverkefni

**GARÐABÆR** „Borgarlínan er hágæða almenningssamgangnakerfi sem mun aka að mestu í sérrými og hafa forgang á gatnamótum,“ segir í greinargerð með tillögu sem bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti varðandi breytingar á aðalskipulagi í sveitarfélaginu.

Segir í greinargerðinni að með Borgarlínu muni ferðatími styttast og tíðni ferða aukast. „Borgarlínunni má líkja við slagæð sem flytur fólk á greiðan og öruggan máta eftir helstu samgöngu- og þróunarásum höfuðborgarsvæðisins. Borgarlínan og Strætó verða tvinnuð saman í heildstæðu, hágæða leiðaneti en auk þess verður áhersla lögð á að borgarlínustöðvar séu vel tengdar hjóla- og göngustígum,“ segir nánar í greinargerðinni. – **gar**



Ein biðstöð fyrir Borgarlínu verður í Garðabæ. MYND/AÐSEND


9:41
UMBOÐ
UMBOÐ FYRIR MIG
Jón Jónsson
Ása Aradóttir
ÉG HEF UMBOÐ
Aron Magnússon
SÆKJA UM UMBOÐ
STUNDUM ER GOTT AÐ FÁ SMÁ HJÁLP
Þú sækir um umboð fyrir aðra í Lyfju appinu
Þú getur einnig pantað lyf hratt og örugglega í heimsendingu og fengið ráðgjöf sérfræðings í netspjalli.
Sæktu Lyfju appið í App Store og Google Play.
LYFJA

# Turner leyfir Borgarnesi að fá Latabæ

**Borgnesingar eru stoltir af Magnúsi Scheving, skapara Latabæjar. Magnús og hópur heimamanna vilja reisa stóran upplifunargarð byggðan á hugmyndafræðinni úr Latabæ. Hendur munu standa fram úr ermum, enda enginn latur í Latabæ, hvað þá Borgarnesi.**

**BORGARNES** „Þetta er ótrúlega spennandi og ég er mjög glöð yfir að vera komin á þennan stað eftir þriggja ára undirbúning," segir Helga Halldórsdóttir.

Áamt Magnúsi Scheving og fleirum stefnir Helga að því að setja upp svokallaðan upplifunargarð í Borgarnesi sem myndi byggja á hugmyndafræði Latabæjar. Byggðarráð Borgarbyggðar tók jákvætt í málið á fundi í vikunni.

„Við Magnús ásamt Páli Kr. Pálssyni ráðgjafa, sem hefur verið að vinna með okkur í þessu verkefni, fórum á fundinn þar sem við kynntum ákveðnar hugmyndir. Við fengum góðar viðtökur og byggðarráð er mjög áhugasamt um að þetta verði að veruleika," segir Helga sem fór inn í verkefnið nánast fyrir tilviljun.

Magnús, sem er uppalinn í Borgarnesi, og eiginmaður Helgu eru vinir frá því í gamla daga. Eftir samtal þeirra á milli árið 2017 tóku þau fjölmarga muni úr Latabæjarstúdíóinu í geymslu.

„Þá fórum við strax af stað að skoða þetta verkefni og höfum tvisvar fengið styrk úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands sem er hluti af sóknaráætlun landshlutans og hefur gert það að verkum að við erum komin á þennan stað sem við erum í dag. Við erum afar þakklát Uppbyggingarsjóðnum fyrir það af hafa trú á okkur."



Stefán Karlsson heitinn og Magnús Scheving sem Glanni glæpur og Íþróttaálfurinn á góðri stundu. MYND/LATIBÆR

Þegar Magnús seldi réttinn að Latabæ til Turner-samsteypunnar forðum daga eignaðist stórfyrirtækið einkarétt á vörumerkinu. Það hefur því tekið nokkurn tíma að semja við Turner og fá leyfi til að nota nafnið og munina.

„Það flækti málin aðeins en nú er ákveðið samkomulag komið í höfn við Turner," segir Helga.

Borgnesingar eru að sögn Helgu mjög stoltir af Magnúsi og því sem hann hefur afrekað.

„Okkur finnst þessi upplifunargarður hvergi eiga eins vel heima og í Borgarnesi í hans gamla heimabæ, því hann hefur auðvitað sagt það sjálfur að margar af fyrirmyndunum úr Latabæ séu persónur sem hann kynntist hér í gamla daga."

Lokið hefur verið við forhönnun sýningarinnar inn í 2.000 fermetra hús auk útiaðstöðu. Í húsinu verði safn, stúdíó og veitingastaður.

„Við teljum að þessu sé best komið fyrir á góðri lóð rétt fyrir utan bæinn. Borgarnes er auðvitað svolítið erfitt landfræðilega séð, langt og mjótt nes, en sveitarfélagið á töluvert af landi," segir Helga.

Fram undan eru viðræður við Borgarbyggð og lóðamálið.

Borgarbyggð sýnist í dauðafæri að auka afþreyingu í sveitarfélaginu þótt Borgarnes bjóði upp á ótal margt annað en vegasjoppur og Bjössaróló.

„Latibær er eitt þekktasta vörumerki Íslendinga, það var verið að sýna þættina í um 190 löndum og Magnús er sendiherra hreyfingar og heilsusamlegs lífsstíls. En nú tekur við frekari undirbúningur, fullmóta þarf hugmyndina, móta umgjörð framkvæmda og afla fjármagns sem þarf til að gera verkefnið að raunveruleika. Þetta mun kosta töluverða fjármuni og það fé þarf að koma frá fjárfestum. Þetta er vinnan fram undan og pappírsvinna og fleira, því það er svolítill frumskógur sem þarf að komast í gegnum fyrst. Við höfum tekið varfærin skref hingað til og ætlum að gera það áfram," segir Helga.

**Okkur finnst þessi upplifunargarður hvergi eiga eins vel heima og hér í Borgarnesi.**



Helga Halldórsdóttir hjá Upplifunagarði Borgarness

benediktboas@frettabladid.is



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á STEINNLOGI.IS

## Efnahagsleg framtíð ráðist á næsta árinu

**IÐNAÐUR** Iðnþing 2021 fór fram í Hörpu á fimmtudag og var það ályktun þingsins að á næstu tólf mánuðum ráðist að miklu leyti efnahagsleg framtíð landsins. Samtök iðnaðarins (SI) leggja það til í ályktun sinni að stjórnvöld vinni markvisst að því næstu mánuði að skapa eftirsótt störf og auka verðmæti.

**Í ályktuninni kemur fram að fjölga þurfi störfum um 29 þúsund til að mæta atvinnuleysi í landinu.**

Í ályktuninni kemur meðal annars fram að til þess að skapa efnahafsleg lífsgæði á Íslandi þurfi að auka landsframleiðslu um 545 milljarða króna á næstu fjórum árum og auka gjaldeyristekjur um 300 milljarða. Þá þurfi að fjölga störfum um 29 þúsund til að mæta atvinnuleysi í landinu.

Í ályktuninni segir að til þess að þetta verði að veruleika þurfi að „slíta fjötra og sækja verðmætin" og í því samhengi segjast SI munu leggja áherslu á starfsumhverfi, innviði, nýsköpun og menntun.



Árni Sigurjónsson.

Meðal áherslna samtakanna er til að mynda framlenging á átakinu Allir vinna, til ársins 2022, hækkun skattafrádráttar vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum og aukin framlög til Tækniþróunarsjóðs.

Árni Sigurjónsson var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins á þinginu. – bdj




**Viðspyrnustyrkir eru ætlaðir þeim fyrirtækjum, þar með talið einstaklingum í sjálfstæðum rekstri, sem orðið hafa fyrir miklu tekjufalli vegna áhrifa frá heimsfaraldri kórónuveirunnar.**

- Styrkurinn reiknast miðað við tekjur í hverjum almanaksmánuði fyrir sig á tímabilinu nóvember 2020 til og með maí 2021 í samanburði við tekjur í sömu mánuðum árið 2019
- Ein umsókn er fyrir hvern almanaksmánuð
- Tekjufall á milli umsóknarmánaðar og viðmiðunarmánaðar á árinu 2019 þarf að vera a.m.k. 60%
- Uppfylla þarf ýmis skilyrði m.a.:
  - að vera ekki í vanskilum með skatta og gjöld sem greiða átti fyrir árslok 2019
  - að hafa staðið í skilum með skattframtöl, staðgreiðsluskilagreinar, virðisaukaskattsskýrslur, ársreikninga o.fl.
- Fjárhæð viðspyrnustyrks er byggð á rekstrarkostnaði og stöðugildum í hverjum umsóknarmánuði með tilteknum skilyrðum og hámörkum

**Sótt er um í gegnum þjónustusíðu umsækjanda hjá Skattinum.**

**Umsóknarfrestur er til 30. júní 2021.**

Leitaðu nánari upplýsinga á *Skatturinn.is*, í þjónustusíma 442 1000 eða með tölvupósti til ***covid@skatturinn.is***

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00




Seyðfirðingar munu taka eftir miklum breytingum á ferjunni þegar hún kemur í höfn á þriðjudag. Fimmtíu káetna hæð og kaffihúsi með útsýni hefur verið bætt ofan á hana. MYND/SMYRIL LINE

# Nýuppgerð Norræna hefur siglingar

**Allar tíma- og kostnaðaráætlanir stórframkvæmdanna á ferjunni Norrænu hafa staðist og skipið kemur að höfn á Seyðisfirði á þriðjudag. Vegna faraldursins eru farþegarnir fáir um þessar mundir en fraktflutningar á ferskum fiski og laxi halda leiðinni uppi.**

FERÐAÞJÓNUSTA Norræna siglir frá Hirtshals í dag og kemur til Seyðisfjarðar á þriðjudag, í fyrstu siglinguna eftir miklar breytingar. Smyril Line, útgerð skipsins, ákvað að nýta tímann í faraldrinum til allsherjar andlitslyftingar á skipinu fyrir tvo milljarða króna, bætti við káetum, veitingastað og fleiru ofan á það.

Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi, segir framkvæmdirnar hafa gengið mjög vel og staðist allar áætlanir, bæði hvað varðar tíma og kostnað. Að bæta heilli hæð ofan á skip er ekki einfalt mál og því hafi þurft að hyggja að mörgu. En verkið var framkvæmt í Fayard-skipasmiðjunni í Mynkebo nálægt Óðisvéum. „Þetta gekk betur en við þorðum að vona og skipið er flott í sjó,“ segir Linda.



Að setja hæð og kaffihús ofan á ferjuna var ekki einfalt verk en það tókst.



Stíl ferjunnar var breytt og komið fyrir myndum frá Íslandi og Færeyjum.

Alls var 50 káetum bætt við, svítu og 49 tveggja manna herbergjum. Ofan á þær var sett kaffihús og bar með góðu útsýni. Samfara stóru breytingunum var farið gagngert yfir skipið og ýmislegt uppfært svo sem ný teppi, gardínur, innréttingar á veitingastaðina og móttaka. Þá var stíllinn yfirfarinn og komið fyrir mörgum myndum frá Íslandi og Færeyjum á gangana.

Linda segir að Seyðfirðingar og fleiri muni taka eftir miklum breytingum þegar skipið siglir í höfn á þriðjudag. „Vitaskuld hefðum við viljað halda viðburð og bjóða fólki að koma að skoða. Vegna faraldursins verður það að bíða að við getum haft opið skip,“ segir hún.

Áætlunarsiglingar hinnar nýuppfærðu Norrænu hefjast um helgina, en á meðan skipið var í slipp sinnti afleysingaskip siglingunum. Vegna aðstæðna eru farþegarnir ekki mjög margir þessa dagana en eitthvað um bókanir, meðal annars hjá Pólverjum búsettum á Íslandi.

„Við höfum væntingar til þess að seinnipartur sumarsins og haustið verði gott út frá farþegaflutningum séð,“ segir Linda. „Það sem heldur uppi leiðinni núna eru fraktflutningarnir. Við flytjum meðal annars ferskan fisk og lax að austan, vestan og norðan. Þetta er mjög mikilvæg leið í ferskútflutningi. Skipið fer héðan á miðvikudagskvöld og fiskinum er dreift í Evrópu aðfaranótt mánudags.“

> Þetta gekk betur en við þorðum að vona og skipið er flott í sjó.
>
> Linda Björk Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri Smyril Line á Íslandi



Linda segir þær miklu aurskriður sem féllu í desember síðastliðnum ekki hafa haft áhrif á starfsemi Norrænu. Skrifstofan og vöruhúsið séu hinum megin við höfnina og aðkoman og farþegahúsið hafi sloppið við skriðurnar. „Starfsfólk okkar hefur hins vegar orðið fyrir tjóni og skriðurnar voru mikið áfall fyrir Seyðisfjörð,“ segir Linda. „Bærinn er núna að rísa upp úr þessu. Þetta er duglegt fólk.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJÖLMENNING Í ÍSLENSKU ATVINNULÍFI

**Miðvikudaginn 31. mars** gefur Fréttablaðið út sérblaðið Fjölmenning í íslensku Atvinnulífi.

**Hefur fjölmenning styrkt þitt fyrirtæki?**
Mjög hefur borið á því að fyrirtæki hérlendis taki upp yfirlýsta stefnu í samfélagsmálum og innleiði samfélagsábyrgð eins og þekkist víða á alþjóðamarkaði og teljum við innleiðingu fjölmenningar(cultural diversity) vera hluta af samfélagsábyrgð.

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Ný Octavia
Sú besta
hingað til!
FRUMSÝNING
ŠKODA
OCTAVIA
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
ÓTAL KOSTUM BÚIN
Ný og rúmgóð Octavia uppfyllir allar þarfir fjölskyldunnar með enn rýmra farangurshólfi og farþegarými. Ný kynslóð stjórnrýmis veitir þér ferskt sjónarhorn á heiminn. Fjölmörg akstursaðstoðarkerfi eru í bílnum og ýmis þægindi í boði, eins og nudd í sætum, sjónlínuskjár, hiti í stýri og fjórhjóladrif. Komdu, upplifðu og njóttu!
Verð frá 5.190.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Veldu þína Octaviu á www.hekla.is/skodasalur
Fylgdu okkur!
@skoda
www.skoda.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Innviðasjóður**

Umsóknarfrestur **15. apríl kl. 15.00**

**Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Innviðasjóði**

Hlutverk sjóðsins er að byggja upp rannsóknarinnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa og uppbyggingar á tækjum, gagnagrunnum, hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Sérstaklega verður tekið tillit til innviðaverkefna á vegvísi sem njóta, að öðru jöfnu, forgangs við úthlutun styrkja.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er tekið mið af úthlutunarstefnu Innviðasjóðs og eftirtalin atriði lögð til grundvallar:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður styrkir
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

**Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Bólusetja yfir tvær milljónir daglega

**Fjöldi daglegra bólusetninga í Bandaríkjunum er nú kominn yfir tvær milljónir. Um 54 milljónir hafa nú fengið að minnsta kosti einn skammt. Joe Biden Bandaríkjaforseti hefur lofað 100 milljónum bólusetninga fyrir lok apríl.**


**Biðröð eftir bóluefni við ráðstefnuhús í New York.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**BANDARÍKIN** Meðalfjöldi daglegra bólusetninga í Bandaríkjunum fór í fyrsta skipti yfir tvær milljónir á miðvikudag. Fyrir mánuði var meðalfjöldinn um 1,3 milljónir. Þetta er haft eftir upplýsingum frá CDC, bandarísku sóttvarnastofnuninni.

Um 54 milljónir Bandaríkjamanna hafa nú fengið að minnsta kosti einn skammt af bóluefni gegn COVID-19. Þá eru ekki teknar með tölur fyrir eins skammts bóluefni Johnson & Johnson, sem var heimilað til neyðarnotkunar fyrir um viku.

Joe Biden Bandaríkjaforseti setti landinu það markmið skömmu eftir að hann tók við embætti að daglegar bólusetningar yrðu 1,5 milljónir. Þá hefur hann einnig lofað að 100 milljónum bólusetninga fyrir 30. apríl, sem verður hundraðasti dagur hans í embætti.

Biden hefur undanfarna daga gagnrýnt Greg Abbott, ríkisstjóra Texas, og aðra sem hafa slakað á COVID-19 takmörkunum og sagt að það væru „stór mistök“ fyrir fólk að hætta að nota grímur.

„Það síðasta sem við þurfum er Neanderdals-hugsunarháttur um að fyrst allt sé í lagi í augnablikinu sé hægt að taka grímuna af sér og gleyma henni,“ sagði Biden á blaðamannafundi í Hvíta húsinu. „Þvoið hendurnar með heitu vatni. Gerið það oft, notið grímu og virðið fjarlægðarviðmið. Ég veit að þið vitið það öll. Ég vildi óska þess að nokkrir af kjörnum embættismönnum okkar vissu það líka.“

Dr. Rochelle Walensky, yfirmaður CDC, lýsti fyrr í vikunni yfir áhyggjum vegna þróunar sjúkdómsins og sagðist óttast að ný og meira smitandi afbrigði veirunnar gætu valdið fjórðu bylgjunni þar í landi.

Í dag hafa 28,9 milljónir greinst með COVID-19 í Bandaríkjunum og 520 þúsund látið lífið af völdum veirunnar.

**arnartomas@frettabladid.is**







**Breytingu á mörkum sveitarfélaganna var hafnað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ölfus og Hveragerði í hart

**SVEITARSTJÓRNIR** Það andar köldu á milli Hveragerðis og Ölfuss þessa dagana eftir að Hveragerðisbær óskaði eftir breytingu á sveitarfélagamörkum. Því var neitað og urðu Hvergerðingar svo reiðir við nágranna sína að þeir ætla að hækka kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum verkefnum.

Um miðjan febrúar sendi bæjarráð Ölfuss grönnum sínum svarbréf og benti þeim á að þeir hefðu til umráða níu ferkílómetra en nýttu aðeins tvo undir íbúðabyggð. Þá sagði í bréfinu að Ölfus gæti ekki fallist á þau rök að íbúar í Hveragerði gætu ekki notið útivistarsvæða nema þau væru hluti af skipulagssvæði Hveragerðis. Enda væri það svo að ýmsir góðir staðir í Ölfusi nýtast íbúum í Hveragerði til útivistar þrátt fyrir að tilheyra Ölfusi. Hafnar bæjarráð Ölfuss frekari viðræðum um sveitarfélagamörk en er ávallt tilbúið til viðræðna við granna sína um sameiginleg hagsmunamál.

Þetta fór öfugt ofan í Hvergerðinga sem bókuðu á bæjarráðsfundi sínum á fimmtudag að þeir hörmuðu afstöðu nágranna sinna. Fyrst Ölfus sé ekki tilbúið til viðræðna ætlar bæjarráðið í Hveragerði að hækka kostnaðarhlutdeild Ölfusinga í þeim verkefnum sem rekin eru sameiginlega.


**Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi.**


**Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.**

„Þó að Ölfusingar greiði hlutfall af rekstrarkostnaði leik- og grunnskóla miðað við fjölda nemenda á hverjum stað er ljóst að annar afleiddur kostnaður er ekki greiddur,“ segir í bókun bæjarráðs og er talin upp vinna tæknideildar, umhverfisdeildar og bæjarskrifstofu sem allar sinni mikilli vinnu við fræðslustofnanir bæjarins. „Eðlilegt hlýtur að teljast að Ölfusingar greiði hlutdeild í rekstrarkostnaði þessara stoðdeilda miðað við umfang rekstrar fræðslumála í bæjarfélaginu,“ segir enn fremur í bókuninni.

Hefur Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóra ásamt skrifstofustjóra verið falið að ræða við Elliða Vignisson og félaga í Ölfusi um aukna þátttöku í þeim kostnaði sem felst í rekstri fræðslustofnana bæjarins. **– bb**



Þægilegt og öruggt ferðalag.
Kia Sportage.
*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
SPORTAGE
Movement that inspires
Kia Sportage kemur hlaðinn tæknibúnaði eins og fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, bakkmyndavél, hita í stýri og sætum, íslensku leiðsögukerfi og snertiskjá. Allt hjálpast þetta að við að gera ferðalagið þægilegt og öruggt.
Pantaðu reynsluakstur á kia.is eða í síma 590 2100.
Opið í dag frá kl. 12-16. Við tökum vel á móti þér.
Kia Sportage verð frá:
5.590.777 kr.
1.6 dísil, 2WD, 7 þrepa sjálfskipting, 130 hö, eyðsla frá 4,7 L/100 km
Askja · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.
Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland
7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI



Semina egg á fótum 10 cm
**2.590 kr. stk**

## MATARSTELL OG ELDHÚSVÖRUR – FJÖLBREYTT ÚRVAL



BROSTE COPENHAGEN



Semina kanína í eggi
**3.290 kr. stk**










## PÁSKABÆKLINGUR

Þú finnur nýja páskabæklinginn á www.husgagnahollin.is



Semina kertastjaki
**1.490 kr. stk**



Semina kanína 39,5 cm
**8.990 kr.**



Lene Bjerre kanína
**6.990 kr.**






## HAVANA

Hægindastóll með snúningi.
Svart leður og krómfótur.

ÞÚ SPARAR **20.000** KR.

**109.990 kr.** ~~129.990 kr.~~



## SINGLE

Stækkanlegt borðstofuborð. Fáanlegt viðarlit með hvítiri plötu eða svörtum gegnheilum viði með hvíta plötu. Stærð: 80 x 120/216 x 76 cm. Tvær stækkanir (48 cm hvor) sem renna undir borðið þegar þær eru ekki í notkun, fylgja.

SVART/HVÍTT – ÞÚ SPARAR **10.000** KR

**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

VIÐARLITT/HVÍTT – ÞÚ SPARAR **15.000** KR

**59.990 kr.** ~~74.990 kr.~~



## WALTON

Flottur hægindastóll frá Riverdale.
Dökk viðargrind og grátt leður í sæti og baki.

ÞÚ SPARAR **20.000** KR.

**159.990 kr.** ~~179.990 kr.~~



## FALKEN

Glæsilegir, vandaðir 2ja og 3ja sæta sófar úr koníaksbrúnu eða svörtu split leðri. Fætur úr olíuborinni eik. Kaldpressaður svampur og dúnmjúkar trefjar.

2ja sæta: 144 x 80 x 84 cm
ÞÚ SPARAR **40.000** KR.
**179.990 kr.** ~~219.990 kr.~~

3ja sæta: 206 x 80 x 84 cm
ÞÚ SPARAR **50.000** KR.
**229.990 kr.** ~~279.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS C198

Vandaðir 2ja og 3ja sæta leðursófar frá Natuzzi Editions. Gæða Natuzzi leður og vönduð bólstrun. Fáanlegur bæði í kaffibrúnu leðri eða orange litu.

2ja sæta: 172 x 94 x 79 cm
SÓFI – ÞÚ SPARAR **70.000** KR.
**369.990 kr.** ~~439.990 kr.~~

3ja sæta: 204 x 94 x 79 cm
SÓFI – ÞÚ SPARAR **80.000** KR.
**419.990 kr.** ~~499.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Land í mótun



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Umbrot á Reykjanesskaganum undanfarið hafa vakið íbúum þessa landshluta ugg. Það er ekkert grín að búa við stöðuga jarðvá æ ofan í æ. Í rúmt ár hafa íbúar á svæðinu þurft að búa við óvissu um hvert framhald jarðhræringanna verður, sem hófst með jarðskjálftum og landrisi við Þorbjörn, ofan Grindavíkur, fyrir rúmu ári.

Íslendingar virðast vera haldnir einhvers konar hamfarablæti. Í hvert sinn sem mikið gengur á, jarðhræringar, snjóflóð eða skriðuföll, þyrpast þeir á fréttamiðla og endurhlaða síður á netinu í gríð og erg. Í jarðskjálftunum undanfarið keppast menn á vinnustöðum við að giska á hversu stór skjálftinn var.

Þetta er svo sem góðlátlegt, sérstaklega vegna þess að ekki virðist mikil hætta á ferðum að þessu sinni.

Nábýli við eldfjöll og jarðhræringar er hluti lífsins í landinu og það hefur meðal annars leitt til þess að margir læra jarðvísindi hér á landi. Forsenda þess að hér er gnótt af heitu vatni og þeirra lífsgæða sem við njótum í því sambandi, er einmitt vegna þessarar nálægðar. Því má ekki gleyma. Það er aðdáunarvert hversu vandaða jarðvísindamenn Ísland á. Og greiningartæknin sem þeir beita er mögnuð. Á þekkingu þeirra hljótum við öll að hafa traust.

En því verður ekki á móti mælt að sérkennilegt er að á svæðinu öllu skuli ekki vera til rýmingaráætlanir eða önnur tiltæk plön, brjótist út eldgos. Yfirmaður lögreglumála á Suðurnesjum hefur sagt í fjölmiðlum að nú sé unnið að þeim. Var ekki ástæða til þess fyrr en nú? Alls staðar í byggð ættu að vera til áætlanir sem grípa má til þegar hætta steðjar að, af hvaða toga sem hún er.

Ekki verður hjá því komist að víkja aðeins að samskiptum fjölmiðla og almannavarnayfirvalda á svæðinu í tengslum við átökin á Reykjanesi.

Þegar svo virtist að líkleg atburðarás myndi leiða til að hraun tæki að renna, hvenær sem það yrði, biðu fjölmiðlamenn klukkutímunum saman við afleggjarann að Keili, því fyrirmæli þeirra sem lokuðu slóðanum voru að engum skyldi hleypt inn á hann.

Fjölmiðlar hafa ríkum skyldum að gegna, sér í lagi í aðstæðum sem þessum. Þeir eru alvanir að umgangast hættur, gæta sín og vita að á hættusvæðum eru þeir á eigin ábyrgð. Um leið og skilaboð til almennings voru að halda sig frá svæðinu var eina glugganum sem almenningur gat skyggnst út um og fylgst með lokað. Það var ekki fyrr en eftir stímabrak við almannavarnayfirvöld, þar sem hver vísaði á annan, að fjölmiðlamönnum var veitt leyfi til að fara inn á svæðið en með fylgd.

Ísland er land í mótun og hver sem framvindan verður á Reykjanesskaga eru þetta ekki síðustu atburðirnir af þessu tagi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem takmarkanir sem þessar hefta eðlilega fjölmiðlaumfjöllun. Þetta þarf að færa til betri vegar og viðbragðsáætlanir þurfa að ná til þess að þeim sem segja fréttir sé veittur aðgangur að vettvangi svo hægt sé að varpa ljósi á yfirvofandi eða orðna atburði.

**Alls staðar í byggð ættu að vera til áætlanir sem grípa má til þegar hætta steðjar að, af hvaða toga sem hún er.**

**Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt**

Næstu íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt verða haldin sem hér segir:

- **Akureyri: 26. maí 2021, kl. 13.00 hjá Símey, Akureyri.**
- **Egilsstaðir: 27. maí 2021, kl. 13.00 hjá Austurbrú, Egilsstöðum.**
- **Ísafjörður: 28. maí 2021, kl. 13.00 hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafirði.**
- **Reykjavík: Vikuna 31. maí til 4. júní. Próf verða haldin kl. 9.00 og 13.00 hjá Mími, Höfðabakki 9, 110 Reykjavík.**

Skráning hefst 16. mars og henni lýkur 12. maí.
**Skráning á www.mimir.is**

Ekki er hægt að skrá sig eftir að skráningarfresti lýkur.
Verð: 35.000 kr.

**Gunnar**




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Veröldin er garnhnykill

Í miðborg Parísar er torg sem hét einu sinni Torg Loðvíks XV. Á miðju torginu stóð stytta af Loðvík XV., konungi Frakka. En styttan fékk ekki að standa lengi. Árið 1789 hófst franska byltingin. Styttan af Loðvík var rifin niður. Í hennar stað var reist fallöxi á torginu sem fékk nýtt nafn: Byltingartorgið. Ríkjandi konungur var hálshöggvinn, skrifuð var stjórnarskrá og hugmyndir um lýðræði tóku að breiðast út.

Sex árum fyrr, árið 1783 hófst eitt mesta eldgos Íslandssögunnar: Skaftáreldar. Hraunkvikan lagði tugi bæja í eyði og olli eitruð gjóskan mikilli mengun um allt land og gífurlegum búfjárdauða. Talið er að tíu þúsund manns, eða fimmtungur þjóðarinnar, hafi látið lífið.

Það voru ekki aðeins skyndilegar óvinsældir konunga sem ollu frönsku byltingunni. Eitruð gjóska úr Skaftáreldum dreifðist um allt norðurhvel jarðar og olli í mörgum löndum kulda og uppskerubresti. Margir telja ástæður frönsku byltingarinnar hafa verið efnahagslegar; fólk krafðist betri lífskjara í kjölfar uppskerubrests sem rekja mátti til eldgossins á Íslandi.

Ekki þarf annað en að opna dagblað og það blasir við: Veröldin er garnhnykill; allt er samtvinnað.

- Í vikunni vöruðu vísindamenn við veikingu hafstrauma sem flytja hlýjan sjó norður á bóginn. „Það er ekkert eitt sem hefur jafnmikil áhrif á hitafar hér hjá okkur eins og meðalhitinn í sjónum, af því að við erum eyja úti í miðju Atlantshafi,“ sagði Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur, en hringrás Golfstraumsins gerir Ísland byggilegt.
- Samkvæmt fréttabréfi landlæknis jókst einmanaleiki hér á landi á síðasta ári. Afleiðingarnar eru margþættar en rannsóknir sýna að skortur á félagstengslum er jafnhættulegur heilsunni og reykingar.
- Sandfok frá Saharaeyðimörkinni barst nýverið alla leið til Frakklands. Í ljós kom að sandkornin eru geislavirk. Rekja má geislarykið aftur til sjöunda áratugar síðustu aldar þegar Frakkar gerðu tilraunir með kjarnorkuvopn í eyðimörkinni.
- Bóluefni gegn COVID-19 kláraðist fyrr en ætlað var í Laugardalshöll í vikunni. „Enginn er óhultur fyrr en allir eru óhultir,“ sagði Tedros Ghebreyesus, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og biðlaði til ríkra þjóða að tryggja fátækum ríkjum aðgengi að bóluefni. Á sama tíma rifust menn um það hvort þakka ætti einkaframtakinu eða ríkisframtakinu fyrir þróun COVID-19 bóluefnanna. Hagfræðingurinn Mariana Mazzucato skammaði heiminn fyrir að hefja á stall frumkvöðulinn í eintölu og færði rök fyrir því að allar helstu tækni- og vísindaframfarir síðustu áratuga – Google, iPhone-inn, framfarir í læknis- og lyfjafræði – byggðu á afrakstri rannsókna sem fjármagnaðar hefðu verið með skattfé, rannsóknir sem leiddu af sér internetið, GPS-tæknina, snertiskjáinn og örflöguna.

### Tíðarandinn og veruleikinn

Enginn er eyland. Nema einn. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, stendur keikur í auglýsingu fyrir flokkinn ásamt tilvitnun: „Okkar stefna snýst um að veðja á einstaklinginn.“

Fréttir herma að heimurinn sé jafnvel enn tengdari en við héldum. Samkvæmt nýrri rannsókn doktorsnema í landafræði við Arizonaháskóla, ollu Skaftáreldar hungursneyð meðal Inúíta í Alaska.

Jörð skelfur og eldgos ógnar á ný. Frakkar fjarlægðu styttuna af Loðvík XV. í kjölfar eldhræringa á Íslandi. En ekki einu sinni hamfarir fá haggað pólitískri hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins. Vatnsgreiddir í teinóttu standa Sjálfstæðismenn staðfastir við sjónvarpsskerm og tilbiðja skurðgoð sitt frá níunda áratugnum, Gordon Gekko, óskilgetið afkvæmi Thatcher og Reagan, með Maxí popp í annarri og ÍsCola í hinni, ótengdir við strauma, stefnur, orsakir, afleiðingar, aðra menn og móður náttúru; sambandslausir við tíðarandann og veruleikann.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Kjarabíla dagur

**100.000 kr. GJAFAKORT**

## VALDIR NÝIR BÍLAR Á EINSTÖKU VERÐI

**100.000 KR. GJAFAKORT** FYLGIR KJARABÍLUM Í DAG

**KJARAVERÐ**
**4.450.000 kr.**



JLX64
**Nissan Qashqai Acenta**
Bensín, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll
Listaverð: 4.950.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**6.590.000 kr.**



AGU84
**Nissan X-Trail Acenta+**
Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll
Listaverð: 7.290.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**5.990.000 kr.**



ZVF21
**Subaru XV Premium**
E-Boxer Hybrid, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll
Listaverð: 6.490.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**4.490.000 kr.**



NTP88
**Nissan Juke N-Connecta**
Bensín, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll
Listaverð: 4.922.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**4.139.500 kr.**



DBY67
**Renault Nýr ZOE**
Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll
Listaverð: 4.870.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**3.943.548 kr. án vsk.**
4.890.000 kr. m. vsk.



AFK06
**Renault Trafic Business-stuttur**
Dísil, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll
Listaverð: 4.592.742 kr. án vsk.
Listaverð: 5.695.000 kr. m. vsk.

**KJARAVERÐ**
**4.090.000 kr.**



KBM24
**Dacia Duster Comfort**
Bensín, fjórhjóladrifinn, beinskiptur, nýr bíll
Listaverð: 4.450.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**3.250.000 kr.**



GJA40
**Renault Clio V Intens**
Dísil, framhjóladrifinn, beinskiptur, nýr bíll
Listaverð: 3.690.000 kr.

**KJARAVERÐ**
**7.390.000 kr.**



ESB40
**MINI Countryman SE Pepper**
Tengiltvinnbíll, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluaksturbíll
Listaverð: 8.1450.000 kr.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM004763

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Böðvar er farinn frá pólska liðinu Jagiellonia. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Böðvar vonast eftir boði frá Skandinavíu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Böðvar Böðvarsson hefur samið við pólska úrvalsdeildarfélagið Jagiellonia Bialystok. Böðvar tilkynnti þetta á Instagram í gær.

Böðvar, sem gekk til liðs við Jagiellonia Bialystok frá uppeldisfélagi sínu, FH, árið 2018, var fastamaður hjá pólska liðinu framan af yfirstandadi leiktíð en missti svo sæti sitt í liðinu um áramótin.

„Eins og staðan er núna er ég samningslaus og er ekki í viðræðum við neitt félag. Ég er að vonast til þess að semja við félag í Skandinavíu áður en glugginn lokar þar,“ segir Böðvar um stöðu mála.

„Ég er á leiðinni heim núna til Íslands og eins og staðan er núna mun ég æfa með FH næstu vikurnar þar til málin skýrast. Ég vonast til þess að ganga frá mínum málum sem fyrst,“ segir vinstri bakvörðurinn um framhaldið.

Böðvar varð Íslandsmeistari með FH árin 2015 og 2016 en hann hefur spilað fimm A-landsleiki og 11 leiki með U-21 árs landsliðinu á ferli sínum. **– hó**



Snæfríður Sól. MYND/SUNDSAMBANDIÐ

## Snæfríður náði B-lágmarki ÓL

**SUND** Sundkonan Snæfríður Sól Jórunnardóttir setti í gær nýtt Íslandsmet í 200 metra skriðsundi í fimmtíu metra laug þegar hún kom í mark á 2:00,50 í Vejle í Danmörku. Með því bætti hún eigið Íslandsmet um rúma sekúndu, en áður átti hún metið á 2:01,82.

**»** Snæfríður Sól var valin sundkona ársins í fyrra.

Með þessum tíma komst Snæfríður um leið inn á Evrópumótið í 50 metra laug sem fer fram í Búdapest síðar á þessu ári og náði um leið B-lágmarki á Ólympíuleikana sem fram fara í Tokýo í sumar. B-lágmarkið var 2:00,8 og var Snæfríður því 0,3 sekúndu á undan því í mark.

Líklegt er að það dugi henni til að öðlast þátttökurétt í Tókýó, en ef það dugar Snæfríði varð hún annar íslenski keppandinn til að tryggja sér farseðil til Tókýó á eftir sundkappanum Antoni Sveini McKee. **– kpt**

# Undanþáguhugmyndirnar aðeins til að flækja hlutina

**Fjögur lið á Reykjavíkursvæðinu eru búin að leggja fram breytingartillögu fyrir ársþing KKÍ, sem á að takmarka fjölda útlendinga inni á vellinum hverju sinni. Í útskýringu kemur fram að þetta sé gert til að hlúa að yngri leikmönnum deildarinnar með ýmsum undanþágum, sem gera tillöguna talsvert flóknari.**

**KÖRFUBOLTI** Reykjavíkurfélögin KR, Stjarnan, Valur og Haukar, eru búin að leggja fram tillögu fyrir næsta ársþing KKÍ, þar sem aftur verður deilt um fjölda erlendra leikmanna inni á vellinum á hverjum tíma. Samkvæmt tillögunni um breytingu á 15. grein sem fjallar um erlenda leikmenn, er lagt til að það þurfi alltaf þrír leikmenn sem eru uppaldir hjá liði innan KKÍ að vera inni á vellinum á sama tíma.

Undanþága er veitt þegar leikmaður hefur dvalið á Íslandi samfellt í þrjú ár eða lið getur sý nt fram á að hann sé búfastur á Íslandi. Önnur undanþága verður fyrir lið utan suðvesturhorns Íslands, en landsbyggðalið fá samkvæmt nýju reglunum heimild til að tefla fram einum erlendum leikmanni til viðbótar og þurfa því aðeins að hafa tvo uppalda leikmenn inni á velli hverju sinni.

Reglubreytingin nær til efstu deildar og 1. deildar í karla- og kvennaflokki ásamt bikar- og meistarakeppni KKÍ. Brjóti lið gegn þessari reglu teljast þau hafa teflt fram ólöglegum leikmanni og þurfa að sæta viðurlögum.

Í greinargerðinni sem fylgir tillögunni kemur fram að vægi uppalinna leikmanna innan félaga KKÍ hafi minnkað verulega. Mínútum hafi fækkað sem og skottilraunum og fráköstum, en með þessu á að auka spilatíma íslenskra leikmanna um 20 prósent.

Mínúturnar sem íslensku leikmennirnir fá séu yfirleitt undir lok leikja þegar úrslitin eru ráðin og skipti því ekki máli. Þetta telja félögin leiða til þess að áherslan á yngri flokka starf minnki og að yngri leikmenn fái ekki tækifæri til að þroska hæfileika sína, en flestir af núverandi landsliðsmönnum hafi komið upp þegar regluverkið um fjóra Íslendinga var í gildi.

Til rökstuðnings benda félögin á að í nýrri skýrslu FIBA um erlenda leikmenn komi sömu áhyggjur fram og að fyrir vikið sé búið að grípa til aðgerða. Í því samhengi er nefnt að í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi sé búið að grípa til aðgerða.

Þess er getið að til að gæta jafnræðis sé gert ráð fyrir að lið utan suðvesturhorns landsins geti haft fleiri erlenda leikmenn inn á hverju sinni, til að mæta þeim sjónarmiðum liða af landsbyggðinni að erfitt sé að fá leikmenn af höfuðborgarsvæðinu. Línumörkin eru dregin við Borgarnes og Selfoss samkvæmt tillögunni.

Aðspurður út í þessa tillögu og undanþágu fyrir landsbyggðaliðin segir Viðar Örn Hafsteinsson, þjálfari Hattar, að slíkar undanþágur séu ekki til að bæta regluverk, sem hann sé fyrir ósammála um.

„Þetta er glórulaust. Allar þessar undanþágur flækja þetta enn meira,“ segir Viðar hreinskilinn, aðspurður út í flækjustigið sem er á bak við tillöguna. „Það verður örugglega ekki samstaða um þetta. Segjum sem svo að landsbyggðalið eins og Tindastóll verði Íslandsmeistari á næsta ári með einn auka erlendan leikmann. Þá verða liðin fyrir sunnan fljót að fara að kvarta um að þetta sé ósanngjarnt,“ segir hann hreinskilinn.

Hann segir það ekki hafa mikil áhrif á spilatíma yngri leikmanna ef félög geta samið við nokkra landsliðsmenn til móts við erlendu leikmennina.

„Það eru lið að leggja þetta til sem eru búin að semja við marga landsliðsmenn undanfarin ár. Get ég þá ekki alveg eins haft fjóra erlenda leikmenn? Ég skil ekki muninn þar á milli. Auðvitað getur verið að fólki finnist of margir erlendir leikmenn í deildinni núna, en menn sníða sér stakk eftir vexti og fara ekki fram úr sér. Reynslan hefur sýnt að verð á Íslendingum mun snarhækka með breytingum sem þessum, þannig að þetta skiptir ekki miklu máli peningalega.“

Viðar tekur undir að það sé erfitt að finna rétta leið í þessum málum.

„Með núverandi fyrirkomulagi fá þeir sem eiga það skilið mínútur og hlutverk. Efsta deild á ekkert að vera fyrir alla heldur þá bestu,“ segir Viðar og heldur áfram:

„Mín sýn er sú að það sé ekki endilega gott að fækka erlendum leikmönnum. Það eru allir með sínar hugmyndir um hvernig breyta mætti mótafyrirkomulaginu. Mér dettur helst í hug að að fara í prefalda umferð í efstu og næstefstu deild og gefa félögum færi á að vera með B-lið í næstefstu deild. Þar gætu yngri leikmenn fengið dýrmætt tækifæri í fullorðinsbolta á leið sinni í efstu deild. “

kristinnpall@frettabladid.is



Haukar eru eitt þeirra höfuðborgarliða sem unnu að tillögunni sem myndi einnig ná til Þórs Þ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Reynslan hefur sýnt að verð á Íslendingum mun snarhækka með breytingum sem þessum, þannig að þetta skiptir ekki miklu máli peningalega.



Viðar Örn Hafsteinsson, þjálfari Hattar

# Þrír nýliðar valdir í hópinn fyrir komandi keppni

**HANDBOLTI** Arnar Pétursson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í handbolta, hefur valið leikmannahóp fyrir forkeppni heimsmeistaramótsins 2021 sem fram fer í Skopje seinna í þessum mánuði.

Þrír nýliðar eru í hópnum en það eru Saga Sif Gísladóttir, markvörður Vals, Harpa Valey Gylfadóttir, leikmaður ÍBV og Tinna Sól Björgvinsdóttir hjá HK.

Díana Dögg Magnúsdóttir, leikmaður BSC Sachsen, á ekki heimangengt í þessa leiki vegna sóttvarnareglna í Þýskalandi. Elín Jóna Þorsteinsdóttir, leikmaður danska liðsins Vendsyssel, er eini leikmaðurinn í hópnum að þessu sinni sem leikur með erlendu liði.

Riðill íslenska liðsins fer fram dagana 19. - 21. mars. Með íslenska liðinu í riðli eru Litháen, Grikkland og heimakonur í Norður-Makedóníu. Stelpurnar okkar koma saman 11. mars og halda utan 14. mars.

Hópur íslenska liðsins er þannig skipaður fyrir þetta verkefni:

**Markverðir:** Elín Jóna Þorsteinsdóttir, Katrín Ósk Magnúsdóttir og Saga Sif Gísladóttir.

**Aðrir leikmenn:** Ásdís Guðmundsdóttir, Birna Berg Haraldsdóttir, Eva Björk Davíðsdóttir, Harpa Valey Gylfadóttir, Helena Rut Örvarsdóttir, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Karen Knútsdóttir, Lovísa Thompson, Ragnheiður Júlíusdóttir, Rut Jónsdóttir, Sigríður Hauksdóttir, Steinunn Björnsdóttir, Sunna Jónsdóttir, Thea Imani Sturludóttir og Tinna Sól Björgvinsdóttir. **– hó**



Efstu tvö lið riðilsins fara í umspil um sæti á HM á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




3499.-




990.-




1490.-







990.-




4499.-




1790.-




1290.-




3999.-




1490.-




1990.-




1999.-

# Tímamót eftir erfiðan vetur

**Vetrarhátíð við Mývatn hefst um helgina og stendur til 14. mars. Hátíðin markar tímamót fyrir ferðaþjónustufyrirtæki svæðisins því eftir erfiðan vetur þar sem atvinnuleysi fór í 20 prósent munu heimamenn opna dyrnar.**




Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is




**Skijoring er sambland af því að vera á gönguskíðum og á hundasleða. Það fer svo dálítið eftir því hversu vel hundarnir eru tamdir hversu vel samstarfið gengur og getur verið hin besta skemmtun að horfa á.**

Aukinn áhugi á gönguskíðum hefur aldeilis skilað sér í Mývatnssveitina. Það eru margir slóðar víðs vegar um svæðið og heimamenn eru duglegir að halda þeim úti. Jarðböðin hafa til að mynda fundið fyrir aukinni aðsókn hjá sér vegna slóðanna í kringum böðin og það seldist strax upp á gönguskíðanámskeið sem Sel Hótel Mývatn bauð upp á,“ segir Úlla Árdal hjá Mývatnsstofu, en um helgina hefst Vetrarhátíð við Mývatn og hún stendur til 14. mars.

Hátíðin hefur skipað sér sess sem einn allra skemmtilegasti vetrarviðburður Norðurlands þar sem bæði hefðbundnar og óhefðbundnar vetraríþróttir eru stundaðar í náttúrufegurð sveitarinnar.

Af íþróttamótum sem keppt verður á má nefna Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands á hundasleða og svokallað skijoring, hestamótið Mývatn Open, sem fer fram á ísilögðu vatninu og fyrsta snowcross-mót vetrarins.

Fyrir þá sem vilja ekki keppa bendir Úlla á að gönguskíðaslóðir verði lagðar víðs vegar um svæðið, skíðalyftan í Kröflu verður opin og heimamenn kenna gestum að dorga – nokkuð sem lætur engan ósnortinn. „Dorgveiðin sem var órjúfanlegur þáttur í tilveru Mývetninga hér áður fyrr hittir alltaf í mark, enda spennandi og öðruvísi. Að dorga er eitthvað sem flestir hafa heyrt af en ekki endilega prufað. Á annað hundrað manns kynntu sér dorgveiðina hjá Veiðifélagi Mývatns á síðustu Vetrarhátíð og mikil ánægja var meðal gesta,“ segir Úlla.

Hátíðin markar líka þau ánægjulegu tímamót að verið er að opna ferðaþjónustufyrirtæki í sveitinni aftur eftir vetrar- og COVID-lokun. Það verða því ýmiss konar tilboð á gistingu, mat og afþreyingu. Fátt er betra en að enda svo góðan dag með því að láta svo líða úr sér í jarðböðunum.

Úlla segir að Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands hafi verið haldið í Mývatnssveit síðan 2010 og séu 45 skráningar komnar fyrir mótið í ár. Það sé svipað og síðustu ár. Það stefnir þó í metskráningu á Mývatn Open. „Það er mikil stemming fyrir mótinu í ár. Síðustu ár hafa verið 80-112 skráningar á mótið en það stefnir í metskráningu. Það er allt klárt fyrir mótið og þykkt íssins verður mæld á föstudaginn. Ef hann reynist ekki nægilega þykkur er mótið fært af Stakhólstjörn yfir á Skútustaðaengi. Það sama á við um Hundasleðamótið, ef ísinn reynist ekki traustur er mótið fært til.“

Eftir að Mývetningar gangsettu gömlu skíðalyftuna í Kröflu að nýju hefur skíðaáhugi aukist mikið í sveitinni. Kröflubrekkan er fínasta brekka og í vetrarfríinu voru um 60 manns þegar mest var. Þá höfðu margir komið í sveitina frá biðröðunum á Akureyri og Dalvík. „Það var mikið um að vera á skíðasvæðinu þegar vetrarfríin voru, þá komu um 60 manns á laugardeginum en svæðið tekur sirka 70-80 áður en það fara að myndast biðraðir. Það er enginn eiginlegur aðgangseyrir en tekið við frjálsum framlögum og fólk er duglegt við að borga, enda er svæðið allt rekið í sjálfboðavinnu og innkoma fer öll í að halda svæðinu við,“ segir Úlla.

Að ógleymdum öllum náttúruundrum svæðisins, eins og Höfða, Hverfjalli, Dimmuborgum, Víti og fleiri fallegum stöðum sem margir hafa séð í sumarbúningi, er Mývatnssveit ekki síðri að vetri til. Úlla bendir á að hátíðin taki að sjálfsögðu mið af sóttvarnareglum og ekki verði nein sérstök setningarathöfn.

„Veturinn hefur verið erfiður enda Skútustaðahreppur eitt af þeim sveitarfélögum sem treysta hvað mest á ferðamennsku. Það var spáð allt að 30 prósenta atvinnuleysi þegar það varð ljóst hvaða afleiðingar COVID myndi hafa, það hefur sem betur fer ekki náð í þá tölu en atvinnuleysi fór engu að síður í um 20 prósent.

Nú eru heimamenn að opna gistiheimili og hótel aftur eftir að hafa haft lokað í vetur og það hefur verið fínt að gera síðustu tvær vikur samhliða vetrarfríum. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á svæðinu vegna Vetrarhátíðar og það er vel bókað í gistingu í kringum hátíðina sem er frábært og vonandi boð um betri tíð,“ segir Úlla.



**Það er mikil stemming fyrir Mývatn open í ár og stefnir í metskráningu. Þykkt íssins verður mæld á föstudaginn.** MYND/MARCIN KOZACZEK



**Úlla Árdal hjá Mývatnsstofu segist hlakka til að taka á móti gestum.**

**ÞAÐ ER VEL BÓKAÐ Í GISTINGU Í KRINGUM HÁTÍÐINA SEM ER FRÁBÆRT OG VONANDI BOÐ UM BETRI TÍÐ.**



**Að ferðast um á hundasleða er ævintýraleg upplifun sem seint gleymist. Hér er Bergþóra hjá Snow dogs.**



**Um 200 manns kynntu sér dorgveiðina hjá Veiðifélagi Mývatns á síðustu hátíð.** MYND/MARCIN KOZACZEK



**Það eru dásamlegar sekúndur að klappa hundunum.**

# Appotek.is

***Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira***
***Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land****



Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum




Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.

Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks
*Sjá nánari skilmála á appotek.is

GARÐS APÓTEK -rétt leið

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS

**GARÐS APÓTEK** · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Fjölnir starfaði sem skólastjóri í Fljótshlíð en breytti um kúrs og fór í lögregluskólann á síðasta séns 35 ára gamall. Hann er nú formaður Landssambands lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Keyrði sig í kaf og fór til Afríku

Í upphafi árs var **Fjölnir Sæmundsson** kjörinn formaður Landssambands lögreglumanna, með yfirburðakosningu. Er kosningin talin bera vott um kraumandi óánægju lögreglumanna með kjör sín, aðstöðu og manneklu.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Fjölnir er ekki óvanur kjaramálum því hann er alinn upp í stéttabaráttu. Faðir hans, Sæmundur Árnason, samdi um kaup og kjör fyrir prentara og síðar Félag bókagerðarmanna og móðir hans, Guðrún Eyberg, starfaði hjá útvarpsstjóra. Fjölnir ólst upp á Kársnesinu, Kópavogsbúi í þriðja ættlið. „Ég er alinn upp við prentaraverkföll og að fara í kröfugönguna 1. maí," segir hann stoltur.

Sem barn og unglingur langaði hann til að verða kennari. Eftir Menntaskólann í Kópavogi lærði hann félagsfræði við Háskóla Íslands en hafði einnig áhuga á mannfræði og afbrotafræði. Lögreglumannsneistinn var því alltaf undir. „Ég kunni Geirfinnsmálið utanbókar og fékk aukavinnu sem næturvörður í Ríkisútvarpinu," segir Fjölnir en kennsluáhuginn varð ofan á, alla vega til að byrja með. Árið 1992 kynntist hann eiginkonu sinni Arndísi Valgerðar Pétursdóttur, sem átti tvær dætur fyrir og saman eiga þau eina til viðbótar.

Í eitt ár starfaði Fjölnir sem félagsfræðikennari við sinn gamla menntaskóla. Ákváðu hjónin þá að breyta til og flytja út á land þegar staða grunnskólastjóra í Fljótshlíðinni losnaði. „Þetta var lítill skóli með 32 nemendur og skólatíminn aðeins átta og hálfur mánuður, því krakkarnir þurftu að fara í sauðburð og réttir," segir Fjölnir. „Þess vegna fór ég að leysa af í lögreglunni á sumrin."

**Í lögregluna á síðasta séns**

Fjölnir fann sig alltaf betur og betur í lögreglunni í Rangárvallasýslu. „Ég sá fram á að þessir litlu sveitaskólar væru að fara að hætta og fór því að líta í kringum mig. Ég fann að lögreglumaður væri starf sem ég gæti unnið," segir Fjölnir.

Fór svo að hann fór í lögregluskólann og útskrifaðist þaðan 2005. „Ég var á seinasta séns, því ég var orðinn 35 ára sem er hámarksaldurinn inn í skólann," segir hann. „Mörgum þótti þetta nú skrýtið. Að vera búinn að byggja upp feril í kennslu og setjast þá á skólabekk í lögregluskólanum, sem á þeim tíma var framhaldsskólastig. Þetta voru mikil viðbrigði en ég lít svo á að ég hafi ekki lokað öllum dyrum í kennslunni."

Hann segir starf landsbyggðarlöggu nokkuð öðruvísi en borgarlöggu. Málin séu hins vegar ekki síður alvarleg en í borginni því Rangárvallasýsla sé mikið slysasvæði, sérstaklega eftir að ferðamannabylgjan hófst. Nándin við íbúana sé hins vegar meiri og algengt að fólk hringi í hans persónulega símanúmer eftir aðstoð. Allir þekki alla. Þetta passar vel inn í sýn Fjölnis á löggæsluna. „Mín sýn er að lögreglan eigi að vera hluti af samfélaginu og tala við fólk án þess að nokkuð sérstakt sé að," segir hann.

**Rýkur ekki á dyr**

Frá unga aldri hefur Fjölnir haft sterkar skoðanir í pólitík „og færst alltaf lengra og lengra til vinstri" að eigin sögn. Hann hefur þó söðlað um allt frá ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins yfir í Samfylkinguna og er nú varaþingmaður Vinstri grænna. Hann gekk í flokkinn til að styðja bæjarfulltrúa í núverandi heimabæ sínum Hafnarfirði, en tók síðar sjálfur sæti í nefndum.

> ÞAÐ KOM MÖRGUM Á ÓVART AÐ LÖGREGLUMENN HEFÐU KOSIÐ YFIRLÝSTAN SÓSÍALISTA SEM FORMANN LANDSSAMBANDSINS OG ÞAÐ VAR EKKI EINS OG ÉG HEFÐI FARIÐ LEYNT MEÐ SKOÐANIR MÍNAR.

„Ég er sósíalisti," segir Fjölnir og viðurkennir að hvorki Vinstri græn né aðrir flokkar rúmi allar hans skoðanir. Hann hafi til að mynda lagst gegn myndun núverandi ríkisstjórnar og lýsti þeirri skoðun á flokksráðsfundi. „Ég er líka liðsmaður og vinn úr þeirri stöðu sem uppi er hverju sinni. Ef ég er í minnihluta, þá er ég í minnihluta. Ég er ekki einn af þeim sem rjúka á dyr og skella hurðum."

Þegar litið er um öxl finnst Fjölni þó kjörtímabilið hafa verið gott fyrir sinn flokk og fleiri stefnumál komist í gegn en hann átti von á. „Það er alveg á hreinu að Katrín Jakobsdóttir er verkstjórinn í þessari ríkisstjórn," segir hann. Í umhverfis- og heilbrigðismálum hafi flokkurinn einnig sýnt sig.

**Brot á réttindum borgaranna**

Eðli málsins samkvæmt hefur Fjölnir talað mikið fyrir málefnum lögreglunnar á sviði stjórnmálanna, og hvað betur megi fara. En lögreglan hefur lengst af verið talin málaflokkur Sjálfstæðisflokksins.

„Lögreglumál skipta ekki aðeins lögreglumenn máli. Fyrir nokkrum árum biðu um fimm þúsund mál rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu," segir Fjölnir. „Það getur tekið marga mánuði að rannsaka nauðgun. Ekki út af slóðaskap heldur af því að það vantar mannskap. Með undirmönnun í lögreglunni er því verið að brjóta á réttindum borgaranna."

Hann segir það rétt að lögreglan og hægrið hafi verið spyrt saman, ekki aðeins á Íslandi, og sums staðar lögreglan og fasismi. „Það kom mörgum á óvart að lögreglumenn hefðu kosið yfirlýstan sósíalista sem formann Landssambandsins og það var ekki eins og ég hefði farið leynt með skoðanir mínar," segir hann og brosir. Þó segist hann ekki ætla að beita sér í flokkspólitík á sama tíma og hann gegnir formennsku í Landssambandinu. „En lögreglumenn koma úr öllum flokkum. Ég mun reyna að tala fyrir alla lögreglumenn, fólkið sem sinnir þessum störfum, og benda á að þeir séu eins mismunandi og þeir eru margir."

**Pressa vegna reiði samfélagsins**

Fjölnir hóf störf sem lögreglufulltrúi í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra árið 2007 en var lánaður yfir til sérstaks saksóknara árið 2009 í um átta manna teymi til að rannsaka bankahrunið. Þótti hann talnaglöggur og kunni að lesa bókhaldstölur vegna búðareksturs eiginkonu sinnar. Seinna meir var fjölgað í liðinu, bæði lögreglumönnum, lögfræðingum og fólki með reynslu og þekkingu úr bankageiranum og endurskoðun.

Hann segir álagið hafa verið mikið enda reiði samfélagsins kraumandi undir. „Ég lagði mig 110 prósent fram og lúslas gögn í strætó og öllum stundum. Fólk vildi að málin yrðu leyst á sem stystum tíma en þetta voru svo ofboðslegar flækjur. Flækjur sem búnar voru til á mörgum árum og við þurftum að leysa hratt úr," segir hann.

Aðspurður hvernig honum finnist hafa tekist til við að rekja hrunið segist Fjölnir ekki fyllilega dómbær á það en þó hafi nokkuð góður árangur náðst. „Stundum vissum við um ýmislegt sem ekki var hægt að sanna og þurftum að láta mál niður falla," segir hann. Það hafi ekki verið léttbærar ákvarðanir. „Þá stíga hinir grunuðu oft fram og segjast vera saklausir. En það er ekki endilega svo, það tókst bara ekki að afla nægilegra sönnunargagna."

Einn af stóru sigrunum var að ➡



# Hringdu – við aðstoðum

**Þeim sem hafa fengið aðstoð við framtalsskil í afgreiðslum Skattsins er bent á að hægt er að panta símtal á vefsíðu okkar *www.skatturinn.is* og við hringjum í þig!**

**Saman getum við þá skilað skattframtalinu þínu.**

**Símaþjónusta í 442-1414**

Starfsfólk Skattsins veitir þjónustu virka daga frá kl. 09:00 til 15:30 í síma 442-1414 á meðan á framtalsfresti stendur.

**Vegna sóttvarnarráðstafana verður ekki unnt að veita aðstoð við gerð skattframtala á starfsstöðvum Skattsins.**

Viðskiptavinir eru eindregið hvattir til að nýta sér þær rafrænu lausnir sem boðið er upp á um hvernig má afgreiða sig sjálfur, senda tölvupóst eða hringja frekar en að koma á staðinn.

*Skilafrestur er til 12. mars*

Skatturinn | framtal@skatturinn.is | 442 1414



Yfirburðakosning Fjölnis til formanns Landssambandsins er talin bera merki um kraumandi óánægju lögreglumanna með kjör sín og aðstöðu.



Í Síerra Leóne hjálpa Fjölnir og fjölskylda hans heimakonum að mennta sig og koma undir sig fótunum. Aðstæður þar eru mjög erfiðar eftir langvinna borgarastyrjöld og mannskæðan ebólufaraldur. Samfélagið er mjög karllægt og margar ungar konur verða einstæðar mæður. MYND/AÐSEND

➔ sýna fram á markaðsmisnotkun bankanna. Nokkrir hafi fengið hámarksdóm fyrir, sem eru sex ár.

„Margir urðu reiðir vegna þess að fólk sem fékk tiltekin lán slapp við refsingu. En þegar málin voru rannsökuð ofan í kjölinn var ekkert saknæmt við það. Heldur var sá sem lánaði sakborningurinn."

Flækjustigið var einnig áskorun og fékk teymið þau ráð frá Páli Hreinssyni lagaprófessor að hafa framsetninguna einfalda. Það gæti orðið flókið að skýra sum brot fyrir dómi. Meðal þess sem reyndi á var umboðssvikaákvæðið, sem fram að þessu hafði aðallega verið notað vegna smábrota, svo sem misnotkunar á greiðslukortum. Eftir hrunið reyndi á umboð hvers og eins bankastjóra í víðtækum skilningi.

**ÉG BAÐ HANA AÐ KOMA NIÐUR Á STÖÐ OG TALA VIÐ OKKUR EN KLUKKUTÍMA SÍÐAR FÁUM VIÐ ÚTKALL ÞAR SEM HÚN HAFÐI REYNT SJÁLFSVÍG.**

### Frændi í Síerra Leóne

„Eftir bankahrunið var ég orðinn þreyttur á sál og líkama. Ég keyrði mig í kaf," segir Fjölnir og játar að hafa verið orðinn nokkuð kulnaður. „Ég bað því um árs leyfi til að skipta um gír og fara í nám erlendis." Hélt hann út til Amsterdam árið 2013 þar sem hann nam alþjóðlega þróunarfræði og hluti af náminu var að gera rannsóknir á vettvangi. Hélt hann suður til Síerra Leóne á vesturströnd Afríku með Arndísi og yngstu dótturinni Valgerði.

Dvöldu þau í borginni Kenema í austurhluta landsins hjá konu er heitir Henrietta og rekur lítinn stúlknaskóla fyrir ungar einstæðar mæður. Í gegnum Henriettu kynntust þau Gateway-samtökunum sem aðstoða þessar stúlkur að mennta sig, koma undir sig fótunum og berjast fyrir ýmsum réttindum svo sem banni við umskurði.

Samfara rannsókninni fóru Fjölnir og fjölskylda hans að taka meiri þátt í starfi Gateway-samtakanna og safna peningum. Gefa þau enn þá reglulega til samtakanna og árið 2018 fóru þau Arndís aftur út með peninga og fatasendingu frá Íslandi.

En Fjölnir segir starfið ekki aðeins snúast um gjafir, heldur að kenna stúlkunum að standa á eigin fótum. Svo sem að útvega efni og kenna þeim að sauma. Það sama gildi um baráttuna gegn umskurði og vitnar Fjölnir í Henriettu. „Það getur enginn komið á banni við umskurði nema heimakonur. En þær þurfa stuðning til að standa á eigin fótum," segir hann.

Fjölnir segir aðstæðurnar í Síerra Leóne mjög frumstæðar miðað við það sem við eigum að venjast, enda mikið gengið á. Í rúman áratug geisaði þar blóðug borgarastyrjöld og síðar mannskæð ebólusótt. Munurinn á höfuðborginni Freetown og sveitunum sé einnig talsverður.

„Spillingin er rótgróin og alltaf er verið að reyna að fá mann til að borga. Vopnaðir lögreglumenn eða verðir stöðva fólk á miðjum þjóðvegi og spyrja það spjörunum úr," segir Fjölnir og segir það hafa verið talsvert menningarsjokk að koma þangað í fyrsta skiptið. „Þarna sá ég fyrst menn gangandi um með vélbyssur, jafnvel inni í búðum. Það er augljóslega ennþá mikil spenna í landinu þrátt fyrir að stríðinu hafi lokið fyrir meira en fimmtán árum."

Hann segir menninguna afar karllæga, sem meðal annars sýni sig í hversu margar ungar konur verða einstæðar mæður því karlarnir yfirgefa þær. Þá þurftu þau hjónin að passa sérstaklega upp á dóttur sína, sem var þá á unglingsaldri, því hún varð fyrir miklu áreiti.

Þó að Gateway-samtökin séu ekki stór, og sveiflist með hversu vel Henriettu gengur, sáu Fjölnir og fjölskylda hans þó nokkurn afrakstur af starfinu. Það eru stúlkur sem hafa menntað sig og hafið störf sem saumakonur. Ákváðu þau að taka dóttur eins skjólstæðings Henriettu, Jenebu Kallon sem bjó með þeim í Kenema og aðstoðaði, undir sinn verndarvæng og styðja til náms. Er hún sjö ára í dag. „Það mynduðust mörg persónuleg tengsl milli okkar og fólksins í Síerra Leóne," segir Fjölnir og að sumir hafi kallað hann frænda, sem þýddi að hann væri orðinn hluti af fjölskyldunni.

### Eymd hinna lifandi erfiðust

Eftir dvölina í Afríku og Hollandi sneri Fjölnir aftur til héraðssaksóknara og starfar nú hjá lögreglunni í Rangárvallasýslu. En hann kúplaði sig út úr rannsóknarvinnu. „Þetta er gefandi starf, að tala við fólk og hjálpa þeim sem eru í neyð," segir hann. „Ég vil vera þar sem ég get gert gagn og geri miklar kröfur til sjálfs mín."

En erfiðleikar og álag fylgja starfinu líka. Fjölnir segist vera ágætlega brynjaður fyrir því að sjá dáið fólk. Eitt sumarið í Rangárvallasýslunni urðu til að mynda þrjú flugslys. „Þegar ég var að vinna á bakvöktum hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og það kom símtal um miðja nótt vissi ég að sennilega var einhver dáinn," segir hann.

Eymd hinna lifandi situr hins vegar meira í honum en að sjá fólk sem er farið. „Um daginn var ég að tala í síma við manneskju sem leið mjög illa. Ég bað hana að koma niður á stöð og tala við okkur en klukkutíma síðar fáum við útkall þar sem hún hafði reynt sjálfsvíg," segir hann. „Á svona stundum spyr ég mig hvort ég hefði getað gert eitthvað meira. Kannski farið rakleitt til hennar."

### Börnin treysti lögreglunni

Víkur samtalinu aftur að mannfæð lögreglunnar. Rúmlega 700 lögreglumenn séu starfandi í landinu og þörf á alla vega 200 til viðbótar. En þeir 40 nýútskrifuðu lögreglumenn sem koma inn á hverju ári rétt ná að dekka þá sem hætta störfum. Sumir menntaðir lögreglumenn starfi við allt annað.

Fjölnir segir lögreglumennina sjálfa vel starfi sínu vaxna, en þeir séu of fáir og hafi of lítinn tíma til að sinna verkefnum. Sýnileiki lögreglunnar skipti miklu máli, að fólk sjái lögreglumenn í fullum skrúða og fái tækifæri til þess að tala við þá. Og ekki aðeins þegar eitthvað slæmt kemur fyrir. „Það er töluverð löggæsla fólgin í því að vinka börnum," segir hann og brosir. „Það er mikilvægt að krakkarnir treysti lögreglunni alveg frá byrjun."

Í kjöri til formanns Landssambandsins í janúar sigraði Fjölnir sitjandi formann til rúmlega áratugar með um 75 prósentum atkvæða á móti 25. Fjölnir segir að hann hafi verið hvattur til að bjóða sig fram allt frá árinu 2012 en hummað það fram af sér og einbeitt sér að framboðum fyrir Vinstri græn.

Fjölnir jánkar því að kjör hans beri vott um uppsafnaða óánægju meðal lögreglumanna. „Lögreglumenn gera ágætis kjarasamninga en það eru aðeins tæplega 60 prósent sem samþykkja þá. Það hefur verið kraumandi ólga innan lögreglunnar nokkuð lengi núna," segir hann.

Lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt en þeir hafa sýnt fram á óánægju sína með því að þramma í kröfugöngum og hringja sig inn veika í stórum stíl. Ýmis óánægjumál hafa komið upp á undanförnum árum, svo sem hvað varðar búninga, bifreiðar, vaktafyrirkomulag og fleira. Fjölnir segir að launin mættu einnig vera betri og að styttingu vinnuvikunnar komi ekki endilega nógu vel út fyrir stéttina.

„Launin eru enn of mikið byggð á álagi á meðan grunnlaunin sitja eftir. Það er vegna þess að hér áður fyrr voru lögreglumenn aðeins karlar sem vildu vinna 200 yfirvinnutíma í mánuði á meðan konurnar sáu um heimilið. Umhverfið er gjörbreytt í dag," segir Fjölnir. „Ég vantreysti fjármálaráðuneytinu til að sjá um styttinguna, því það er aðeins búið að taka frá þrjá milljarða í hana á meðan þörfin er tugir milljarða."

Nefnir hann sem dæmi Lögreglunа á Suðurlandi sem sé lítið lögregluembætti en þurfi 200 til 250 milljónir til að stytta vinnuvikuna.

### Vopn og neysluskammtar

„Ég hef ekki hitt neinn lögreglumann sem hefur þrýst á aukinn vopnaburð," segir Fjölnir spurður um umræðuna eftir hið voveiflega morð í Rauðagerði. Bendir hann á að lögreglan sé nú þegar þjálfuð í vopnaburði og hafi vopn í bílum. Sérsveitin sjái um sérstakar aðstæður, sem eru þó allnokkur útköll.



Fjölnir, Arndís og Valgerður með heimamönnum í Síerra Leóne árið 2013.

„Það kemur aldrei til að lögreglan á Íslandi myndi beita skotvopni að fyrra bragði," segir Fjölnir og bendir á að lögreglan hafi einu sinni beitt skotvopni gegn manni, í Árbæjarhverfinu árið 2013, eftir að byssumaður hafði skotið bæði í hjálm og skjöld lögreglumanns. Vopnaburður lögreglu snúist fyrst og fremst um ógnarjafnvægi.

„Ef lögregla færi að bera skotvopn á búningum sínum værum við að breyta þjóðfélaginu. Löggæsla á Íslandi snýst um að tala við fólk og fá það til að koma með friðsömum hætti og að fólk geti nálgast lögreglumenn til að ræða við þá," segir Fjölnir. „Ef ég væri með byssu á mjöðminni mætti enginn koma nálægt mér."

Annað deiglumál er afglæpavæðing neysluskammta en fyrir þinginu liggur frumvarp um það. Fjölnir segist hafa efasemdir um málið, meðal annars með tilliti til skilgreiningar. Neysluskammtur sé ekki jafn stór hjá 18 ára einstaklingi og 40 ára sem hafi verið lengi í neyslu. Erfitt sé einnig að álykta hvenær einhver sé orðinn sjúklingur vegna neyslu og á hvaða stigi þetta sé orðið heilbrigðisvandamál.

„Ég hef skilning á að við komum upp öruggum neyslurýmum og bíl Frú Ragnheiðar fyrir fólk sem er djúpt sokkið. Ég er fylgjandi félagslegum úrræðum," segir hann. „En ég efast um að við getum sagt að allir megi sökkva djúpt í fíkniefnaneyslu og við ætlum ekki að hafa nein verkfæri til að stoppa fólk fyrr."

Þá verði að huga að því að afglæpavæðingin spyrjist út og hingað komi fólk frá öðrum löndum beinlínis til þess að neyta fíkniefna. Þar sem fíkniefni hafi verið leyfð hafi stórfyrirtæki hafið framleiðslu og tekið yfir markaðinn.

„Það liggur falleg hugsun að baki afglæpavæðingunni en staðreyndin er sú að við erum ekki alltaf að refsa fólki sem er djúpt sokkið í neyslu," segir Fjölnir. „Miðlæga rannsóknardeildin einbeitir sér fyrst og fremst að þeim sem standa í innflutningi."


NÝTT &
NÁTTÚRULEGT
NIVEA
GOTT FYRIR HÚÐINA
OG NÁTTÚRUNA
NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI*
SJÁLFBÆR FRAMLEIÐSLA
VEGAN
NIVEA NATURALLY GOOD
MICELLAR WATER
ORGANIC ALOE VERA
98% OF NATURAL ORIGIN* 2% ADDITIONAL INGREDIENTS
MAKE-UP REMOVAL
97% recycled bottle
OIL INFUSED SHOWER GEL
BODY LOTION
NORMAL SKIN
50%
NEW
NATURALLY GOOD ANTI AGE
ORGANIC BURDOCK EXTRACT & ARGAN OIL
99% OF NATURAL ORIGIN* 1% ADDITIONAL INGREDIENTS
NIGHT CARE
REMOVES EVEN WATERPROOF MAKE-UP
97% OF NATURAL ORIGIN 3% ADDITIONAL INGREDIENTS
BIODEGRADABLE CLEANSING WIPES
25 WIPES
Blái herinn 25 ára
NIVEA STYÐUR HREINSUNARÁTAK BLÁA HERSINS
* Náttúruleg innihaldsefni halda meira en 50% af náttúrulegri stöðu sinni eftir að hafa verið unnin, þ.m.t. vatn.



Bryndís hefur þróað leið til að nýta ull sem fellur til í framleiðslu. „Í okkar framleiðslu höfum við fundið skapandi leið til að minnka sóunina en búa um leið til verk sem við teljum einstök og við erum mjög stolt af.“ MYND/AÐSEND

# Hefur aldrei skilið fjöldaframleiðslu

**Bryndís Bolladóttir** varð ástfangin af eiginleikum ullarinnar í námi við Listaháskólann, en það var ekki fyrr en eftir hrun að hugmynd hennar að hljóðdempandi kúlu fékk vængi og sló í gegn.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Bryndís Bolladóttir varð ástfangin af eiginleikum ullarinnar í námi við Listaháskólann, en það var ekki fyrr en eftir hrun að hugmynd hennar að hljóðdempandi kúlu fékk vængi.

„Ég varð ástfangin af eiginleikum ullar og sérstaklega þæfðrar ullar þegar ég kynntist henni í námi. Ég fann strax að hún gæfi mikla möguleika og ekki eyðilagði að hún væri mér svona nærri. Það var síðan kona úr Setberginu sem hringdi í mig árið 2006 og biðlaði til mín að búa til fyrir sig listaverk. Verk sem jafnframt hefði hljóðdempandi virkni fyrir heimili hennar,“ útskýrir Bryndís.

Konan bjó í stóru húsi með leðursófa og stórum glergluggum. „Hún þekkti til verka minna og sá eitthvað í mér sem ég var ekki sjálf búin að gera,“ segir Bryndís en þetta varð upphafið að því að hún fór að horfa í þessa átt en hönnun hennar hefur vakið heimsathygli.

> ULLIN BÝÐUR LÍKA UPP Á HLÝLEIKA SEM PLAST Á TIL DÆMIS ERFITT MEÐ AÐ NÁ.

„Ég reyndi að nálgast hljóðverkfræðinga og annað fagfólk árið 2007, en það var allt á yfirsnúningi og fáir tilbúnir í að fjárfesta tíma í nýsköpun. Það var síðan í ársbyrjun 2009 sem tækifærin sköpuðust eftir hrunið. Þá fékk skapandi hugsun að njóta sín og þverfaglegt starf átti auðveldara með að blómstra.“

Bryndís var þá sjálf í fæðingarorlofi en nýtti tímann vel og kynnti minni gerðina af Kúlu árið 2010, en hún er brýtur hljóð upp og ári síðar kynnti hún fyrstu hljóðdempandi kúluna.

„Síðan þá hefur hún verið í þó nokkurri þróun þó svo útlitið hafi haldist óbreytt. Eftir 2011 hef ég svo búið til öll helstu form sem hægt er að finna í þrívídd.“

### Góð hljóðvist mikilvæg

Mikilvægi góðrar hljóðvistar verður fólki sífellt ljósara. „Einbeitingarskortur, höfuðverkir og önnur vanlíðan er algengur fylgifiskur slæmrar eða rangrar hljóðvistar,“ segir hún og bendir á að víða megi gera betur í þessum efnum.

„Góð hljóðvist eykur vellíðan og einbeitingu, dregur úr þreytu og auðveldar samskipti. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi hljóðvistar til að bæta heilsu og auka lífsgæði fólks. Margar þeirra hafa síðan verið heimfærðar upp á krónur og aura: Til dæmis að hljóðvandamál geti leitt til 66 prósenta minnkunar á framleiðni.



Lína sem hér má sjá, kemur sem hálfur og heill sívalningur. „Hún gefur óþrjótandi möguleika rétt eins og teiknuð lína. Það hefur verið gaman að fylgjast með hugmyndaauðgi okkar erlendu samstarfsaðila þegar kemur að Línu því takmörkin á því sem hægt er að gera eru lítil,“ segir Bryndís.



Fyrsta og þekktasta verk Bryndísar er Kúlan sem notið hefur mikilla vinsælda, enda hefur hún fyrir löngu sannað eiginleika sína, en nú hafa bæst við verkin Land og Lína.



Bryndís sækist eftir því að skapa náttúruáferð í Earth Matters.

> VIÐ EIGUM AÐ BÚA TIL VANDAÐA HLUTI SEM KOSTA MEIRA OG ÆTLA HLUTUNUM Í KRINGUM OKKUR AÐ ENDAST LENGUR.

Einnig að tilraunir hafi sýnt fram á 48 prósenta aukningu á einbeitingu og 10 prósentum betra skammtímaminni þegar hljóðvist er bætt. Auk fjölmargra rannsókna sem hafa sýnt fram á neikvæð áhrif á heilsu starfsmanna ef hljóðvist er léleg.“

Fyrsta og þekktasta verk Bryndísar er Kúlan sem notið hefur mikilla vinsælda og sjá má víða, enda hefur hún fyrir löngu sannað eiginleika sína, en nú hafa bæst við verkin Land og Lína.

„Kúla hefur þá eiginleika að eftir henni er tekið. Hún er áræðin og kraftmikil og því vel sýnileg. Þó svo hún sé flókin í framleiðslu er hún einföld í útliti og fólk tengir við hana. Kúluformið hreyfir við okkur sem manneskjum. Rannsóknir hafa sýnt að form af þessari gerð ná að slá á strengi sem bæta líðan og eru okkur svo eðlislæg.“

Bryndís segir eina bestu viðurkenningu sem hún hafi fengið, koma frá erlendum kollegum hennar sem hafa sagst oftar en ekki hafa spurt sig: Af hverju datt mér þetta ekki í hug? „Það sem vinnur með Kúlu er einnig hennar Akkílesarhæll því margir eiga erfitt með að trúa því að eitthvað svona ólíkt því sem finnst á markaði sé að virka svo vel. Hún er náttúrlegur skúlptúr með hljóðdempandi virkni í hæsta gæðaflokki.“

### Þróaði sinn eigin textíl

Ástríða Bryndísar liggur í áferðinni: „Þannig hafa efnin sem ég hef klætt Kúlur í í gegnum tíðina verið mín efni. Eiginleikar efnisins og framleiðsluaðferð hafa töluverð áhrif á hljóðísogs-eiginleika þess sem ég hef gert. Sumarið 2019 hóf ég að þróa nýtt efni, Earth Matters textíl þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín. Vélbúnaðurinn er auðvitað ennþá til staðar en honum er nú beitt þannig að hugur og hönd ráða meiru um útkomuna,“ segir Bryndís sem sækist eftir að skapa náttúruáferð í efninu.

Hún segist aldrei almennilega hafa skilið fjöldaframleiðslu. „Ég hef alltaf sagt að maður beri meiri virðingu fyrir því sem kostar aðeins meira. Þannig virka hlutirnir og við vitum það öll. Offramleiðsla og ofneysla hefur verið að ágerast síðustu 50 ár og hraðinn eykst og eykst. En ég vona svo innilega að heimurinn sé að átta sig á að við þurfum öll að vanda okkur mikið meira, hugsa meira í langtíma-

**ULL SEM FELLUR TIL Í FRAMLEIÐSLU ER AF SAMA MEIÐI OG MATARSÓUN SEM VERÐUR Í VIRÐISKEÐJU MATVÆLA.**

lausnum. Við eigum að búa til vandaða hluti sem kosta meira og ætla hlutunum í kringum okkur að endast lengur. Við sköpum lausnir sem eru búnar til úr efnum sem náttúran skaffar okkur og eru hluti af keðjunni sem hefur verið ríkjandi síðustu aldir.

**Listrænt gildi og náttúruleg efni**

Bryndís segist leggja áherslu á að bjóða hönnun sem hefur listrænt gildi og er unnin úr náttúrulegu efni. „Svo heppilega vill til að ullin hefur veitt mér það flæði skapandi hugsunar og vellíðunar sem ég vona að endurspeglist í því sem ég er að búa til. Ullin býður líka upp á hlýleika sem plast á til dæmis erfitt með að ná.“

Earth Matters textíllinn er að sögn Bryndísar afsprengi listrænnar sköpunar sem og umhverfisvitundar og sjálfbærnimarkmiða.

„Til ársins 2019 var ég í samstarfi við gott fólk fyrir austan sem sá um framleiðsluna á ullarefnunum: Frú Laugu á Seyðisfirði, sem Þórdís Bergs veitti forstöðu, og Hallgrím Jónsson á Höfn. Þau eiga mikið hrós skilið, en slíkt samstarf og þekkingarbræðingur opnar nýjar víddir. Eftir að við tókum við vélunum árið 2019 og færðum starfsemina nær gat ég betur leitað skapandi leiða til að betrumbæta enn frekar nýtinguna með notkun á ull sem annars hefði verið sóað.“

**Endurnýta ullina**

Bryndís sótti innblástur að endurnýtingu ullarinnar í ferðalög um landið sem hún svo kynnti fyrir dreifingaraðilum sínum á Stokkhólms-messunni fyrir ári.

„Viðbrögðin voru vægast sagt góð, en svo kom COVID sem eftir á að hyggja gerði það að að verkum að við höfum náð að byggja upp meiri þekkingu á þessum tíma. Kula by Bryndis er því að byggja upp skapandi vinnustað fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á að koma að nýsköpun og vinna með hráefni sem er séríslenskt,“ segir Bryndís ákveðin.

Earth Matters textíllinn sem að hluta til er unninn úr ull sem hafði farið til spillis er notaður í Kúlu, Land og Línu og segir Bryndís að þannig náist aukin vídd og flæði í framsetninguna.

„Ull sem fellur til í framleiðslu er af sama meiði og matarsóun sem verður í virðiskeðju matvæla. Í okkar framleiðslu höfum við fundið skapandi leið til að minnka sóunina, en búa um leið til verk sem við teljum einstök og við erum mjög stolt af. Áherslan hefur verið á að draga úr okkar sóun en við höfum líka verið í samstarfi við aðra um að draga úr henni á víðari skala með nýtingu hennar í okkar framleiðslu.“

**Útrásin minnir á utanvegahlaup**

Aðspurð hvernig gangi að koma vörunni á framfæri erlendis svarar Bryndís að þar sé um langhlaup að ræða.

„Eða kannski meira eins og einhver lýsti utanvegahlaupi fyrir mér. Tilgangur hlaupsins er að vera lengi að, villast svolítið um, finna til en gleðjast um leið yfir hverju skrefi og þeirri staðreynd að maður einfaldlega hafi getuna til að standa í þessu. Þetta er sem sagt mjög áhugavert og spennandi verkefni sem snýst um að koma eigin hugviti á heimskortið,“ segir Bryndís, en hún er með umboðsmenn í þremur heimsálfum. „Þeir eru meðal annars í Bandaríkjunum, en líka á stöðum eins og Singapúr, Sviss, Danmörku, Finnlandi og Hollandi. Þá erum við loks að byrja í Þýskalandi.

Það er alltaf gaman að sjá þegar sköpun manns fær notið sín á fallegan máta í fallegu umhverfi. Nýlega höfum við þannig unnið verk fyrir skrifstofur lyfjaframleiðandans Roche í gegnum Kinnarps í Danmörku, fundar- og veitingaaðstöðu á efstu hæð Van Nelle Factory í Rotterdam sem er á Heimsminjaskrá UNESCO og í miðrými milli hæða nýlegrar byggingar Reha Rheinfelden sem hefur rekið endurhæfingarstöð í Sviss í 125 ár.“



Earth Matters textíllinn er að hluta til unninn úr ull sem annars hefði verið sóað. MYND/AÐSEND




Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



# Þrjátíu ára ráðgáta óleyst

**Þrjátíu ár eru liðin frá því að tveir ungir menn létust á Steingrímsfjarðarheiði. Lögreglan rannsakaði aldrei hvað mennirnir voru að gera fyrir vestan, en fjölskyldan taldi að þeir hefðu verið myrtir. Snærós Sindradóttir fjölmiðlakona sökkti sér ofan í málið.**



Snærós gerir hlaðvarpsþætti þar sem hún varpar ljósi á hverjir piltarnir voru og hvað gerðist . FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á mánudaginn verða liðin 30 ár frá því að Jón Gísli Sigurðsson og Hafsteinn Hálfdánarson héldu af stað frá Reykjavík til Ísafjarðar. Lík þeirra fundust nokkru síðar uppi á Steingrímsfjarðarheiði. Þeir voru 18 og 19 ára gamlir. Dánarorsökin var sögð að þeir hefðu orðið úti. Mál þeirra vakti litla sem enga athygli á sínum tíma og er það ekki fyrr en nú sem einhverju ljósi er varpað á þetta örlagaríka ferðalag. Á mánudaginn verða frumfluttir í hlaðvarpi RÚV útvarpsþættir Snærósar Sindradóttur, Heiðin, þar sem hún ræðir við þá sem að málinu komu, sem og fólk sem þekkti Jón Gísla og Hafstein.

„Þetta er mál sem kom til mín árið 2017 þegar ég var að vinna á Fréttablaðinu. Ég var leiðandi þar í að fjalla um hvarf Birnu Brjánsdóttur. Í tengslum við það ræddi ég töluvert í fjölmiðlum um múgæsinguna sem myndaðist áður en hún fannst. Það var allt morandi í sjálfskipuðum rannsóknarlöggum og eina nóttina var ég að vinna til fimm um nóttina en þá var hópur fólks að leita við Hvaleyrarvatn. Þá var einnig mikið af sögum í gangi um grænlenska togara og um meint glæpsamlegt athæfi þar um borð. Það var í því umhverfi sem góður samstarfsfélagi minn, Svavar Hávarðsson, mundi eftir sögu sem hann hafði heyrt 24 árum áður um grænlenskan togara sem tengdist mögulega hvarfi á tveimur ungum mönnum árið 1991.“

## Gömul saga kemur upp

Sagan sem Svavar sagði var eftirfarandi. „Tveir ungir menn fóru til Ísafjarðar og urðu úti á Steingrímsfjarðarheiði, en lögreglan hafði ekki rannsakað tilgang ferðarinnar. Ástæða ferðarinnar var sú að þeir höfðu mælt sér mót við grænlenskan togara til að selja skipverjum fíkniefni. Sá bakgrunnur leiddi til þess að sögur um hvarfið fóru á flug á meðal fjölskyldu og vina. Kenning margra var að þeir hefðu verið myrtir af grænlenskum sjómönnum sem eltu þá upp á heiðina.“

Snærós ákvað að kynna sér málið. „Ég komst fljótlega að því að það hafði nánast ekkert verið fjallað um þetta mál. Það voru sagðar fréttir af leitinni frá 16. mars, en ekki mikið meira en það. Þeir lögðu af stað vestur 8. mars og snúa til baka sama dag, sem ég taldi mjög óvenjulegt. Á þessum tíma var keyrð lengri leið en í dag, ferðalagið hefur tekið þá að minnsta kosti um átta tíma aðra leið. Ég komst seinna að því að þeir ætluðu að stoppa á Ísafirði í tvo daga, en þeir lögðu af stað til baka til Reykjavíkur nokkrum klukkutímum eftir að þeir komu í bæinn.“

Í minningargrein um annan þeirra fann Snærós nafn systur hans, konu sem hún kannaðist við. „Með hennar aðstoð fæ ég að vita meira um bakgrunn málsins. Fjölskyldan hafði óteljandi spurningar en hafði alla tíð verið neitað um lögregluskýrslurnar. Málið kemur aldrei inn á borð lögreglunnar fyrir sunnan. Lögreglan á Hólmavík var fyrst á vettvang, málið fer svo inn á borð lögreglu á Ísafirði. Skjölin voru komin á Landsbókasafn en ég þurfti aðstoð systurinnar til að verða mér úti um þau,“ segir Snærós.

## Lögregluskýrslan þunn

Átti Snærós von á þykkum bunka af pappírum en skýrslan sem hún fékk í hendur var hins vegar mjög þunn. „Mér varð ljóst að lögreglan hafði aldrei velt því upp hvað tveir ungir menn, 18 ára og 19 ára, hefðu verið að gera uppi á heiði um miðja nótt að vetri til, á bláum Volvo á sumardekkjum. Það var aldrei hluti af rannsókninni hvers vegna þeir fóru til Ísafjarðar og hvers vegna þeir fóru aftur sama dag.“



Hafsteinn Hálfdánarson, 18 ára.



Björgunarsveitarmenn við leit á Steingrímsfjarðarheiði. MYNDIR/TIMARIT.IS



Leitað að tveimur mönnum við Djúp:

Bíll þeirra sást mannlaus á þriðjudagsmorgun

FÉLAGAR úr björgunarsveitinni á Hólmavík hófu um hádegið í gær leit við Djúp að tveimur ungum Reykvíkingum, sem saknað er. Einnig voru sendir leitarhundar með björgunarbáti frá Ísafirði til að nota við leitina. Bíll mannanna fannst mannlaus Djúpmegin við Steingrímsfjarðarheiði á föstudaginn og var lögreglu þá tilkynnt um að mannanna væri saknað, en hins vegar hefur komið í ljós, að vegagerðarmenn sáu bílinn á þessum stað á þriðjudagsmorgun. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Ísafirði er vitað að mennirnir lögðu af stað frá Ísafirði áleiðis til Reykjavíkur föstudaginn 8. mars.

Mennirnir, sem saknað er, eru 19 og 20 ára gamlir. Þeir heita Hafsteinn Hálfdánarson, til heimilis að Gnoðarvogi 34, Reykjavík, og Jón Gísli Sigurðsson, til heimilis á Sólvallagötu 72, Reykjavík.

Að sögn lögreglunnar á Ísafirði sáu vegagerðarmenn bílinn þar sem hann fannst á þriðjudagsmorguninn þegar vegurinn var ruddur, en þá var ekki farið að sakna mannanna. Nokkuð snjóþungt er á þeim slóðum sem bíllinn fannst, en í gær hafði ekkert komið í ljós, sem benti til þess að bilun hefði orðið í bílnum eða hann stöðvast vegna ófærðar.

Hljóp ber fyrir áttatíu krónur

LÖGREGLUMENN á ferð um Grafarvog nýlega mættu ungum pilti sem hljóp um buxnalaus á sokkaleistunum.

Þegar grennslast var fyrir um hvað olli sagðist pilturinn, sem er 13 ára, hafa veðjað við kunningja sinn um að hann þyrði að gera þetta og kvaðst eiga 80 krónur í vændum fyrir vikið.



Bíll mannanna finnst Djúpmegin við Steingrímsfjarðarheiði á föstudag. Þeir lögðu af stað frá Ísafirði 8. mars áleiðis til Reykjavíkur. Leit hófst að mönnunum um hádegisbil í gær.

Fréttir voru sagðar af leitinni en ekki var mikið meira fjallað um málið.

Snærós fékk gögnin vorið 2017, stuttu síðar skipti hún um vinnu og fór að starfa sem verkefnisstjóri RÚV Núll. Á meðan voru gögnin í náttborðsskúffunni. „Mér fannst þetta mál ekki eiga heima á síðu í Fréttablaðinu. Ég hef samt alltaf ætlað að gera eitthvað með þetta. Síðasta vor var svo skorað á mig að klára þetta bara.“ Hóf hún þá að hafa samband við fólk og taka við það viðtöl. „Sumir vildu ekki tala við mig, þá er það bara þannig. Eitt skiptið var ég mætt heim til manns sem mér skildist að vildi koma í viðtal en var rekin öfug út. Þegar á hólminn var komið fannst honum ég vera að garfa í málum sem voru honum sár og vildi ekki ræða við ókunnuga manneskju um mál sem honum þótti að kæmi engum við. Ég skil það sjónarmið alveg.“



Jón Gísli Sigurðsson, 19 ára.

## Eiga inni að fjallað sé um þá

Vekur það upp siðferðislegar spurningar um hvort það eigi yfirleitt að fjalla um mál sem eru fólki sár, í þessu tilfelli mál þar sem gróið hefur yfir sárin í þrjá áratugi. Sýkt sár gróa hins vegar seint. Er það jafnvel spurning um sanngirni eða virðingu að saga þeirra Hafsteins og Jóns Gísla sé sögð.

„Jón Gísli og Hafsteinn eiga það inni hjá blaðamönnum að um þá sé fjallað. Ég man eftir að hafa fjallað um fólk sem hefur horfið. Minnisstætt er mál tveggja kvenna sem hurfu í gljúfri á Suðurlandi. Við gerðum þeim missi þau skil sem við gátum, auðvitað er það sárt en þetta snýst um ákveðna virðingu að sagan sé sögð. Þarna erum við með tvo menn sem hurfu og fundust, en enginn veit hverjir þeir eru. Það eru sum mannshvörf hér á landi sem eru á allra vörum. Í þessu máli eru persónur og leikendur hins vegar öllum hulin ráðgáta. Það á enginn skilið að gleymast svona hratt.“

Færa má rök fyrir því að það sé hluti af þjóðarsálinni að hugsa til þeirra sem hafa horfið. Er það meðal annars hluti af persónusköpun Erlendar Sveinssonar í bókum Arnaldar Indriðasonar. Á það einnig við um þá sem hafa horfið og fundist látnir. „Það er erfitt að segja nákvæmlega hvað það er við svona mál. Við veltum þessu ekki mikið fyrir okkur þegar um er að ræða erlenda ferðamenn, þau mál eru yfirleitt afgreidd þannig að viðkomandi hafi ekki þekkt íslenskar aðstæður. Svo kemur að málum eins og í tilfelli Birnu og Einar Arnar Birgissonar þar sem almenningur vill taka þátt í að leita og hjarta þjóðarsálarinnar slær með fólkinu. Í máli Hafsteins og Jóns Gísla sýndu fjölmiðlar og almenningur engan áhuga.“

Það kom margt óvænt í ljós þegar Snærós hóf að taka viðtölin. „Það sem kom við mig var að þeir sem áttu að þekkja þá, miðað við þær upplýsingar sem ég hafði, mundu margir hverjir ekki eftir þeim. Áttu engar minningar af þeim.“ Er það til marks um að kannski sé of langur tími liðinn til að rétt mynd fáist af atburðunum og persónum þeirra. „Ég hefði ekki þurft að grafa svona mikið ef allir hefðu unnið vinnuna sína árið 1991.“

MÉR VARÐ LJÓST AÐ LÖGREGLAN HAFÐI ALDREI VELT ÞVÍ UPP HVAÐ TVEIR UNGIR MENN, 18 ÁRA OG 19 ÁRA, HEFÐU VERIÐ AÐ GERA UPPI Á HEIÐI UM MIÐJA NÓTT AÐ VETRI TIL, Á BLÁUM VOLVO Á SUMARDEKKJUM.

*Hefur þér tekist að leysa hvað gerðist 8. mars 1991?*

„Ég er búin að ná að svara fullt af spurningum sem fjölskyldan hafði. Ég er búin að ná að púsla saman stóru myndinni. En svo er það þannig að það eru bara tveir menn sem vita nákvæmlega hvað gerðist þessa nótt uppi á Steingrímsfjarðarheiði og þeir eru ekki til vitnis um það.“

Það vantar þó aðeins upp á heildarmyndina. „Það er eitt stórt púsl, hornpúsl, sem mér hefur ekki tekist að leysa. Ég vonast til þess, þó ólíklegt sé, að einhver þarna úti hlusti á þættina og viti. Það er minn draumur að einhver hafi samband eftir þættina og komi með það púsl. Þá get ég gert aukaþátt,“ segir Snærós glettin.

Fyrsti þátturinn af þremur verður aðgengilegur í hlaðvarpi RÚV á mánudaginn. Þættirnir verða jafnframt fluttir í útvarpi í páskadagskrá Rásar 2.

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 6. MARS 2021




Sigurður Helgason, stofnandi og eigandi DJI Reykjavík, með nýjasta meðliminn í DJI fjölskyldunni. Dróninn heitir DJI FPV og er kappakstursdróni sem getur flogið á allt að 140 km hraða, tekið krappar beygjur og flogið hratt upp og niður. Hann getur flogið lengur en aðrir svipaðir drónar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Náið samstarf tryggir einstaka þjónustu

DJI Reykjavík er í mjög nánu samstarfi við drónaframleiðandann DJI, sem gerir ríka kröfu um fagmennsku. Þar er gengið lengra í þjónustu en almennt tíðkast og boðið upp á úrval af einhverjum allra bestu drónum heims. →2








Sigurður segir að nýi dróninn sé sannkallaður adrenalíndróni og það þurfi að æfa sig vel til að ná tökum á að fljúga honum á 140 km hraða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sérstök gleraugu eru notuð til að stýra DJI FPV. Ef sambandið rofnar skilar hann sér svo aftur heim.

Framhald af forsíðu ➩

DJI Reykjavík er eini söluaðilinn á landinu sem er í samstarfi við hinn leiðandi drónaframleiðanda DJI. Þetta samstarf gerir fyrirtækinu kleift að bjóða betra verð og víðtækari þjónustu en gengur og gerist. Nýjasti dróninn er kappakstursdróni sem getur flogið lipurlega á allt að 140 km hraða og í allt að 20 mínútur í senn og skilar sér alltaf heim.

„DJI er stærsti drónaframleiðandi í heimi og fyrirtækið er í flestum tilfellum fyrst með nýjungarnar, enda eyðir það mikilli orku og mannafla í þróun, en um 30% starfsmanna eru verkfræðingar sem vinna að þróun á vörum,“ segir Sigurður Helgason, stofnandi og eigandi DJI Reykjavík. „Þessi áhersla á þróun útskýrir kannski hvers vegna fyrirtækið er í þessari leiðandi stöðu.“

## Mikið aðhald frá DJI

„Ég hafði samband við DJI vorið 2016 og hafði áhuga á að selja þessa vöru, enda hafði mig sjálfan dreymt um að geta flogið dróna í nokkra áratugi áður en þeir voru til,“ segir Sigurður. „Þau tóku mér fagnandi og ég seldi svo mikið á fyrstu þremur mánuðunum að þau buðu mér að vera dreifingaraðili fyrir DJI á Íslandi.

Stuttu síðar báðu þau mig svo um að opna stóra sérverslun í miðbænum í samstarfi við fyrirtækið þar sem það var svo mikil ánægja með samstarfið og söluna,“ segir Sigurður. „Þannig að núna erum við viðurkennd sérverslun með vörur DJI.

Við fáum bæði mikla þjálfun og stuðning frá framleiðandanum sjálfum, sem gerir okkur meðal annars kleift að bjóða betra verð en aðrir og við stöndumst vel verðsamanburð við önnur Evrópulönd,“ segir Sigurður. „DJI gerir líka ríka kröfu um fagmennsku og sérþekkingu, þar sem við erum andlit fyrirtækisins á Íslandi.

Samstarfið hefur verið mjög náið frá upphafi og við hjálpum þeim til dæmis varðandi ýmis mál sem tengjast áhrifavöldum og markaðsefni. DJI leggur líka áherslu á að halda okkur þjálfuðum og sendir okkur reglulega á námskeið til að viðhalda sérþekkingu okkar,“ segir Sigurður. „Við erum líka send á þjónustunámskeið og þurfum að standast

DJI bað Sigurð um að opna stóra viðurkennda sérverslun í samstarfi við sig í miðbænum. Búðin er rúmgóð og glæsileg og þar er frábært úrval af drónum og aukabúnaði fyrir þá.





Matrice 300 RTK atvinnudróninn getur flogið í mjög vondu veðri og er með hitamyndavél og góða aðdráttarlinsu. Hann er nú líka að fá LIDAR viðbót.

próf á því sviði, þannig að við erum í stöðugum skóla.“

## Einstaklega víðtæk þjónusta

„Þetta samstarf gefur okkur líka tækifæri til að bjóða mjög víðtæka og góða þjónustu og við leggjum mikla áherslu á það. Viðskiptavinir sem nota dróna frá okkur sem atvinnutæki þurfa til dæmis aldrei að hafa áhyggjur af því að geta ekki unnið verkefni sín ef dróninn bilar, brotlendir eða eitthvað kemur upp á,“ segir Sigurður. „Við erum alltaf með lánstæki af öllum drónunum okkar sem við rukkum ekki krónu fyrir. Það er fjárfesting í þjónustu sem tryggir að viðskiptavinir geta alltaf haldið áfram að gera verkefnin sem þeir ætla. Núna er hægt að kaupa kaskótryggingar hjá okkur með öllum drónum sem við seljum.

Ef það þarf að leysa úr ágreiningsefnum með ábyrgð, sem gerist stundum, gera þessi góðu tengsl við DJI okkur líka yfirleitt alltaf kleift að fá niðurstöður sem eru viðskiptavinum að skapi,“ segir Sigurður.

„Ólíkt flestum framleiðendum býður DJI upp á tveggja ára ábyrgð á sínum vörum til allra, líka fyrirtækja og stofnana, og ef dróninn hrapar vegna notendamistaka gildir ábyrgðin samt áfram út tímabilið eftir viðgerð,“ segir Sigurður. „Þessi ábyrgð gengur miklu lengra en neytendalöggjöf segir til um og er hluti af okkar sérstöðu.

Þetta sérlega háa þjónustustig hefur gert okkur kleift að ávinna okkur traust frá mörgum af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins,“ segir Sigurður. „Viðskiptavinir okkar eru meðal annars Vegagerðin, Fiskistofa, RARIK, Landsnet, Lögreglan, Ríkislögreglustjóri, Reykjavíkurborg, Orkuveitan, Háskóli Íslands, björgunarsveitir, RÚV, ÍAV, Svarmi, Resource og ótal aðrir. Við erum alltaf á tánum og með bakvakt til að leysa úr vandamálum og veita ráðgjöf.“

## Vinnuþjarkur með LIDAR

„Við leggjum mikla áherslu á atvinnudeildina okkar, sem kallast Enterprise deildin, og við erum að fá mjög spennandi nýjungar þangað. Einn öflugasti atvinnudróninn sem við seljum er Matrice 300 RTK, sem er til dæmis notaður af björgunarsveitum, lögreglunni og Fiskistofu og Landsnet notar hann í eftirlit með rafmagnslínum,“ segir Sigurður. „Þetta er veðurþolinn dróni sem getur flogið í allt að 20 metrum á sekúndu og grenjandi rigningu eða ausandi snjókomu. Hann getur flogið þegar aðrir drónar geta það ekki, til dæmis við leitarstörf eða snjóflóðaeftirlit.

Þessi dróni er að fá viðbót þannig að hann verður ekki bara með hitamyndavél og góða aðdráttarlinsu sem er vatns- og veðurþolin, heldur er líka að bætast við LIDAR. Hann getur skannað landslag eða vettvang, til dæmis slysavettvang, í þrívídd með blöndu af laser og myndavél á mun styttri tíma en er gert í dag með LIDAR á þrífæti,“ útskýrir Sigurður. „Þetta nýtist líka við ýmsar rannsóknir, til dæmis á hopun jökla eða vegna breytinga vegna hugsanlegs eldgoss.“

## Öruggur og flugþolinn kappakstursdróni

„Við erum líka mjög öflugir í drónum fyrir almenning og þar erum við að kynna nýjasta fjölskyldumeðliminn. Hann heitir DJI FPV og þetta er kappakstursdróni sem getur flogið á allt að 140 km hraða, tekið krappar beygjur og flogið hratt upp og niður. Þetta er sannkallaður adrenalíndróni,“ segir Sigurður. „DJI hefur ekki farið inn á þennan markað áður en svona drónar hafa verið frekar takmarkaðir. Þeir hafa haft takmarkaðar rafhlöður sem endast bara 3-10 mínútur og takmarkað myndsamband. En dróninn frá DJI getur flogið í allt að 20 mínútur og það þarf ekki að setja hann saman sjálfur.

Marga hefur dreymt um svona fimleikaflug og þetta er góður staður til að byrja, því þetta er mjög öruggt tæki. Það er hægt að ýta á „panik“ takka á fjarstýringunni og þá stoppar dróninn í loftinu, fer í GPS mode og getur komið öruggur heim aftur,“ segir Sigurður. „Þetta er ekki hægt á öðrum kappakstursdrónum, þeir nota ekki GPS og eru því óáreiðanlegri. Ef þú missir samband við þá brotlenda þeir bara.

Það er líka hægt að læra á hann í skrefum. Það er hægt að fljúga honum eins og venjulegum dróna, setja hann á miðlungshraða og þá fer hann upp í allt að 100 km hraða og svo er manual mode og þá fer hann upp í allt að 140 km hraða,“ útskýrir Sigurður. „Þú sérð svo allt með gleraugum. Það er áskorun að fljúga svona en DJI er með flughermi svo það er hægt að æfa sig vel heima í stofu. Það er hrikalega gefandi að ná þessu og þetta er rosaleg upplifun. Ég skora á fólk að kíkja á netið og sjá myndbönd úr drónanum og skoða dómana sem hann hefur fengið.

Við erum með alla breiddina af drónum, allt frá þungavigtardrónum alveg niður í 249 gramma 4K GPS dróna á 77.990 kr. sem er mjög öflugur,“ segir Sigurður. „Hann heitir DJI Mini 2 og þolir allt að 10 m/sek, þrátt fyrir smæðina.“

Nánari upplýsingar er að finna á www.djireykjavik.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Brizo™

## Sérhannað fæðubótarefni **fyrir karlmenn**

Þegar karlmenn eldast breytist hormóna-magnið í líkamanum sem getur valdið því að blöðruhálskirtillinn stækkar lítillega með tilheyrandi vandamálum eins og tíðari kló-settferðum, næturbrölti og svefntruflunum.




**Kannast þú við þessi vandamál?**

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátarþörf
- Erfitt að hefja þvaglát



**Skúli Sigurðsson** hefur góða reynslu af Brizo og segist nú vakna úthvíldur en áður voru tíðar salernisferðir að trufla svefninn. Skúli segir jafnframt að hann hafi mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geti hjálpað og þá án aukaverkana.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Sannir vinir hverfa ekki

Íslensku systurnar Brynja Mary og Sara Victoria Sverrisdætur hafa búið í sex löndum á ævi sinni. Þó táningar séu eru þær komnar á samning hjá útgáfurisanum Universal, sem dúóið EYJAA.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Samband okkar einkennist af miklum systrakærleik. Auðvitað rífumst við stundum, eins og önnur systkin, en við erum aldrei ósáttar í langan tíma í einu. Við erum svo rosalega samrýmdar og góðar vinkonur, og höfum alltaf verið,“ segir Brynja Mary Sverrisdóttir, sautján ára tónlistarkona um einstakt og skapandi samband þeirra Söru Victoriu, fimmtán ára systur hennar.

„Persónuleikar okkar eru mjög ólíkir, sem og stíllinn,“ segir Sara Victoria, beðin um að lýsa systur sinni. „Brynja Mary er þolinmóðari, sveigjanleg og með mikið jafnaðargeð. Stíllinn hennar er stelpulegur og hún elskar allt sem er bleikt.“

Brynja Mary hefur þetta að segja um systur sína:

„Sara Victoria er ákveðnari en ég og með meiri fullkomnunaráráttu, hún er óhrædd við að segja skoðanir sínar og lætur engan vaða yfir sig. Stíllinn hennar er svalur og hún er meira fyrir svart en ég. Persónuleikar okkar eru mjög góðir saman, sérstaklega á framabrautinni, því að við vegum hvor aðra upp og vinnum mjög vel saman.“

Þær systur vita vel hversu dýrmætar þær eru hvor annarri.

„Það besta við að eiga systur er að vera besta vinkona annarrar manneskju sem maður elst upp með og enginn getur skilið betur. Maður hefur alltaf einhvern til að tala við og um hvað sem er. Systur eru alltaf til staðar fyrir hvora aðra og maður getur deilt öllu með þeim, bæði upplifunum og tilfinningum,“ segja þær.

## Endalaust þakklátar

Frá barnsaldri hefur systurnar dreymt um frægð og frama á tónlistarsviðinu og hafa samið eigin tónlist. Í dag skipa þær dúettinn EYJAA og á dögunum lönduðu þær samningi við útgáfurisann Universal, sem er eitt af þremur stærstu plötuútgáfufyrirtækjum heims og hafa á sínu bandi margar af stærstu stjörnum veraldar.

„Marga dreymir um að komast að hjá Universal og það er sannarlega stórt að hafa fengið samning hjá þeim. Þeir gera allt fyrir sína listamenn, fjárfesta í þeim, taka upp tónlistarmyndbönd, markaðssetja, kynna og gefa út tónlistina, taka viðtöl við þá og auglýsa í bak og fyrir. Síðast en ekki síst redda þeir manni tónleikahaldi,“ upplýsir Brynja Mary, sæl með tímamótin.

„Við gætum ekki verið þakklátari fyrir að fá svona góða byrjun á okkar framabraut og geta unnið með jafn traustu, góðu og frábæru fólki sem heldur vel utan um okkur og er yndislegt í alla staði,“ segir Sara Victoria.

Þær vita hvað þarf til til að komast á mála hjá Universal.

„Fyrst og fremst hæfileika til að semja lög og syngja. Það er líka mikill kostur ef maður spilar á hljóðfæri og við spilum báðar á gítar, ukulele og píanó. Persónuleiki listamannsins skiptir líka miklu máli sem og trú á sjálfan sig og mikill vilji til að gera sitt besta og ná langt,“ segja systurnar sem gætu séð draum sinn rætast um samstarf við stóru nöfnin í bransanum.

„Já, við myndum elska að vinna með Ariana Grande, Camila Cabello, Lauv og Dua Lipa.“



Brynja Mary og Sara Victoria sjá æskudraumana rætast með samningi við Universal. MYND/PHILIP TEMPEL/UNIVERSAL

## Sakna Íslands mikið

Þótt Brynja og Sara séu aðeins táningar að aldri hafa þær þegar búið í sex löndum: í Danmörku, Noregi, Þýskalandi, Hollandi, á Spáni og Íslandi.

„Það er ótrúlega dýrmætt að hafa átt heima á svona mörgum stöðum. Við höfum fengið að upplifa svo margt fjölbreytt og skemmtilegt og kynnst yndislegu fólki alls staðar að, með mismunandi menningu. Það er líka gjöf að læra sex tungumál og mun koma sér vel í framtíðinni. Þetta hefur þroskað okkur mikið, gefið okkur aukið sjálfstraust og reynslu, og gert okkur sveigjanlegri og sjálfstæðari. Þetta hefur gert okkur að þeim manneskjum sem við erum í dag og hjálpað okkur að takast á við markmið okkar í lífinu og að ná svona langt miðað við ungan aldur. Við erum endalaust þakklátar fyrir það,“ segir þær Brynja Mary og Sara Victoria.

Þeim hefur þó þótt best að búa í Danmörku.

„Þar líður okkur mest heima, því þar höfum við búið lengst og þar búa margir vina okkar. Annars fannst okkur líka æðislegt að búa á Spáni út af veðrinu. Öll löndin hafa fært okkur eitthvað gott. Við söknum svo alltaf Íslands, aðallega fjölskyldu og vina, en auðvitað líka fallegu náttúrunnar, góða matarins og vatnsins! Það væri geggjað að koma heim til tónleikahalds þegar heimurinn opnast á ný. Við erum meira en tilbúnar til þess og getum ekki beðið eftir að syngja lögin okkar saman á tónleikum fyrir framan fólk!“




Sælar systur eftir undirritun samnings hjá Universal. MYND/SVERRIR EINISSON

## Óttinn við að missa vini

Fyrsta lag EYJAA hjá Universal, Don‘t forget about me, kom út föstudaginn 26. febrúar.

„Lagið fjallar um óttann við að missa vini þína. Við höfum alltaf verið svolítið hræddar um að í hvert skipti sem við eignumst góða vini glatist samband okkar þegar við flytjum burt. Við erum einfaldlega hræddar um að minningar okkar dugi ekki til að halda vinskapnum á lofti,“ segir Brynja Mary.

Samfélagsmiðlar hjálpi þó mikið við að halda vinskap á milli landa.

„Við höfum auðvitað misst einhverja vini, en sannir vinir fara ekki, sama hvar maður er. Stundum er vinskap kannski ekki ætlað að endast en öðrum er það. Þegar við höfum flutt höfum við séð hverjir eru raunverulega vinir, og hverjir ekki, og við erum þakklátar fyrir þá sem eru enn vinir okkar þótt lönd og höf skilji að,“ segir Sara Victoria.

Þær semja tónlist sína í sameiningu. Brynja er góð í að finna laglínur og Sara texta.

„Þegar kemur að því að semja lög erum við gott teymi. Við byrjum venjulega á að spila nokkra hljóma á hljóðfæri, sköpum síðan nokkrar laglínur sem passa og skrifum textann,“ upplýsir Sara og fleiri lög eru væntanleg.

„Við reynum að semja eins mikið og við getum þegar við erum saman, en COVID hefur verið mjög erfitt í Þýskalandi. Þar hefur verið tekið hart á hlutunum og strangara útgöngubann miðað við önnur lönd. Við nutum þess þó fyrir stuttu að Sara gat komið með mér í skólann minn í Hollandi, Wisseloord Academy, og þá viku notuðum við mjög vel og sömdum mörg lög í Wisseloord Studios sem eru heimsþekkt stúdíó,“ upplýsir Brynja Mary.

Plan B er í bakhöndinni ef tónlistin verður ekki framtíðarstarf.

„Ég mun alltaf vinna að tónlist en hef einnig áhuga á leiklist, dansi, förðun og eldamennsku,“ segir Sara Victoria.

„Plan B hjá mér er að verða fatahönnuður og hanna eigin fatalínu, en ég sé líka alveg fyrir mér að vinna við dans, leiklist og módelstörf,“ segir Brynja Mary.

Helginni munu þær systur verja sín í hvoru landinu.

„Vegna útgöngubannsins hér í Þýskalandi er lítið hægt að gera sér til skemmtunar. Ég ætla bara að njóta tímans með fjölskyldunni og borða góðan mat,“ segir Sara Victoria.

Brynja Mary er stödd í skólanum sínum í Hollandi.

„Ég fer í tíma á laugardögum. Annars ætla ég að vera í stúdíóinu alla helgina að semja tónlist.“

*Uppáhaldstónlistarmaður?*
**Sara:** Whitney Houston og Ariana Grande.
**Brynja:** Ariana Grande, Kiana Lede og Lauv.
*Uppáhaldsleikari?*
**Sara:** Rebel Wilson, Adam Devine, Adam Sandler og Katherine Heigl.
**Brynja:** Zendaya, Rebel Wilson, Dwayne Johnson, Adam Devine og Vanessa Hudgens.
*Uppáhaldsmatur?*
**Sara:** Kínverskur og mexíkóskur matur.
**Brynja:** Grillkjöt með kartöflum og piparsósu, sushi, snitzel með steiktum kartöflum og Hollandaise-sósu og sænsku snúðarnir, Gifflar.
*Uppáhaldsdrykkur?*
**Sara:** Jarðaberja-smoothie og íste með ferskjubragði
**Brynja:** Macchiato, ískaffi, mjólk, vatn og íste.
*Uppáhaldssjónvarpsþáttur?*
**Sara:** Riverdale, Insatiable, Gossip girl, You, RuPauls Drag Race.
**Brynja:** Modern Family, The Good place, Keeping up with the Kardashians, Jane the virgin, Alexa and Katie, Unsolved Mysteries Crime.
*Uppáhaldsbók?*
**Sara:** Baksturs- og matreiðslubækur.
**Brynja:** From Start to Stardom eftir Lisu London.
*Uppáhalds TikTok stjarnan?*
**Sara:** Addison Rae.
**Brynja:** @sjbleau, @Jamescharles og @madison bee

EFLING STÉTTARFÉLAG

# KJARAMÁLAFULLTRÚI

Efling stéttarfélag er vinnustaður þar sem lögð er áhersla á þjónustu við félagsmenn, fagmennsku og metnað í starfi, gagnkvæma virðingu, menningarlæsi og fordómalaus samskipti. Efling býður upp á vinnuumhverfi sem stuðlar að velferð starfsmanna, heilbrigðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og umbótahugsun. Á skrifstofu Eflingar starfa um 60 manns og eru starfsstöðvar í Reykjavík og í Hveragerði.

Meginhlutverk kjaramálasviðs er að veita félagsmönnum Eflingar faglega, skilvirka og persónulega þjónustu. Undir sviðið heyrir þjónusta og móttaka einstaklinga varðandi launa- og kjaramál. Kjaramálafulltrúi veitir góða ráðgjöf og kynnir sér mismunandi aðstæður verkafólks og leitar leiða til að koma málum þeirra í réttan farveg. Við leitum eftir þjónustulunduðum og samviskusömum starfsmanni í hóp kjaramálasviðs þar sem starfa í dag 10 manns.

**Helstu verkefni**

- Samskipti og þjónusta við félagsmenn og atvinnurekendur
- Móttaka, svörun og eftirfylgni erinda félagsmanna
- Bréfaskriftir og kröfugerðir fyrir hönd félagsmanna
- Útreikningar á kröfum félagsmanna
- Samstarf við lögmenn félagsins og aðra aðila á vinnumarkaði

**Hæfniskröfur**

- Reynsla og þekking á vinnumarkaðsmálum og kjarasamningum kostur
- Góð færni í mannlegum samskiptum og menningarlæsi
- Rík þjónustulund og umburðarlyndi
- Skipulags- og greiningarhæfni
- Góð tök á íslensku og ensku í ræðu og riti, önnur tungumálakunnátta mikill kostur
- Góð tölvukunnátta og reynsla af Excel og Word
- Nákvæmni og vönduð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **22. mars nk**. Umsóknir ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur**

HAGVANGUR

# Framkvæmdastjóri

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) auglýsa starf framkvæmdastjóra samtakanna laust til umsóknar. Leitað er að faglegum stjórnanda og leiðtoga sem hefur áhuga á heilbrigðisþjónustu. Áhersla er lögð á stjórnunar- og skipulagshæfileika, faglegan metnað og hæfileika til að vinna sjálfstætt. Framkvæmdastjóri vinnur í nánu samstarfi með stjórn samtakanna að fjölbreyttum verkefnum.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri skrifstofu samtakanna
- Framkvæmd ákvarðana stjórnar og þátttaka í stefnumótun
- Yfirumsjón með gerð samninga og annarra verkefna á vegum samtakanna
- Hagsmunagæsla fyrir samtökin og aðildarfélög þeirra
- Utanumhald og skipulag viðburða og vinnuhópa á vegum samtakanna
- Miðlun upplýsinga til aðildarfélaga og samstarf við ýmsa aðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Reynsla af samningagerð skilyrði
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **21. mars 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eru hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við velferðarþjónustu og eru sjálfseignarstofnanir, í eigu félagasamtaka, einkaaðila eða opinberra aðila.

Aðildarfélög SFV eru 48 talsins. Mörg aðildarfélaganna eru öldrunarstofnanir, en einnig fyrirtæki með aðra starfsemi eins og dagþjálfun, áfengismeðferð, endurhæfingu o.fl.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samtakanna: **www.samtok.is**

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

**BORGARVERK**

**Borgarverk er stórt verktakafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í viðhaldi á vegum og jarðvinnu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Borgarnesi en einnig er rekin starfsstöð á Selfossi og skrifstofa á höfuðborgarsvæðinu. Borgarverk hefur verið starfrækt í yfir 40 ár og hefur stækkað ört á síðustu árum. Fyrirtækið hefur síðan 2016 fengið viðurkenningu sem Framúrskarandi fyrirtæki. Um 80 manns starfa hjá Borgarverki.**












# SVIÐSSTJÓRI Á SELFOSSI

Við óskum eftir að ráða sviðsstjóra/svæðisstjóra með aðsetur á Selfossi. Mikil uppbygging er á Selfossi og er Borgarverk með allmörg stór verk á svæðinu.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Verkumsjón, verkefnastýring og eftirfylgni
- Tilboðsgerð
- Innkaup og samþykki reikninga
- Reikningagerð
- Kostnaðareftirlit/árangursmælingar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun s.s. tæknifræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og hæfileiki á sviði stjórnunar og reksturs
- Góð almenn tölvukunnátta, svo sem Excel og færni í upplýsingatækni
- Hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð skipulagshæfni, framsýni og að vera árangursdrifinn
- Búa yfir leiðtogahæfileikum og snerpu
- Metnaður og áhugi á að leiða ný verkefni

# SVIÐSSTJÓRI VÉLA OG VIÐHALDS

Við óskum eftir að ráða sviðsstjóra véla og viðhalds. Sviðsstjóri er mikið á ferðinni á milli starfsstöðva og aðsetur því nokkuð frjálst.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Umsjón með viðhaldsdeild fyrirtækisins
- Innkaup og samþykki reikninga
- Samskipti við birgja
- Þjónusta, upplýsingagjöf og ráðgjöf við verksvið
- Kostnaðareftirlit/árangursmælingar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Vélvirki eða bifvélavirki með meistararéttindi eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og hæfileiki á sviði stjórnunar og reksturs er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð skipulagshæfni, framsýni og að vera árangursdrifinn
- Búa yfir leiðtogahæfileikum og snerpu

# BÓKARI

Við óskum eftir að ráða bókara á fjármálasvið með aðsetur í Borgarnesi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Móttaka, skráning og bókun reikninga auk afstemmingarvinnu
- Samskipti við viðskiptamenn, birgja og starfsmenn
- Önnur tengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðurkenndur bókari eða menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Haldgóð þekking og reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af bókhaldskerfinu DK er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta og færni í upplýsingatækni
- Hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

# BIFVÉLAVIRKI/VÉLVIRKI

Við óskum eftir að ráða bifvélavirkja á nýja verkstæðið okkar á Selfossi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Bilanagreiningar, viðgerðir og viðhald á fólks- og vörubifreiðum auk vinnuvéla
- Ýmis smíði og uppsetningar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði bíla- eða vélaviðgerða
- Reynsla af viðgerðum á vörubílum og vinnuvélum er skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði, metnaður og vandvirkni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Íslenska eða enska skilyrði

Nánari upplýsingar um störfin veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **17. mars 2021**.
Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

HAGVANGUR



# FORSTÖÐUMAÐUR TÆKNIDEILDAR

Snæfellsbær óskar eftir að ráða forstöðumann tæknideildar Snæfellsbæjar. Forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar hefur yfirumsjón með skipulags- og byggingarmálum og öllum verklegum framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála sbr. 8 gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er skilyrði
- Þekking á lögum um mannvirki og á skipulagslögum, ásamt byggingarreglugerð er æskileg
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Faglegur undirbúningur við mótun stefnu sveitarfélagsins á sviði skipulags- og byggingamála
- Tryggja að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt
- Fjárhagsáætlunargerð og gerð framkvæmdaáætlana
- Ábyrgð á stjórnun og starfsmannamálum sviðsins ásamt rekstri stofnana sviðsins
- Umsjón með umhverfismálum, náttúruvernd, fegrun bæjarins og umhirðu, opnum svæðum, sorphirðu og sorpeyðingu, fráveitu og vatnsveitu og starfsemi áhaldahúss
- Að vera skipulags- og byggingarnefndum, bæjarstjóra og bæjarstjórn til ráðgjafar
- Undirbúningur funda sem tilheyra málaflokknum og ábyrgð á eftirfylgni mála
- Ábyrgð á skráningu mannvirkja og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Umsjón og eftirlit með viðhaldi fasteigna í eigu sveitarfélagsins og verklegum framkvæmdum þeim tengdum
- Umsjón með gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa

# LEIKSKÓLASTJÓRI

Snæfellsbær óskar eftir að ráða leikskólastjóra við leikskóla Snæfellsbæjar. Leikskóli Snæfellsbæjar er rekinn á tveimur starfsstöðvum, Kríubóli á Hellissandi og Krílakoti í Ólafsvík. Markmið leikskóla Snæfellsbæjar er að veita börnum og fjölskyldum í bæjarfélaginu heildstæða þjónustu og stuðla að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð íbúa að leiðarljósi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á að leikskólinn starfi samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitarfélagsins
- Að stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskólans
- Að tryggja að rekstur leikskólans sé innan ramma fjárhagsáætlunar
- Umsjón með ráðningum starfsfólks, gerð ráðningarsamninga, vinnuskýrslna, skipulagi vinnutíma og vinnutilhögun
- Önnur verkefni samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf sem kennari (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða
- Stjórnunarreynsla og víðtæk þekking/reynsla af leikskólastarfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Þekking á rekstri og opinberri stjórnsýslu er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði í starfi og skýr framtíðarsýn
- Góð tölvufærni og þekking á nauðsynlegum kerfum

**Snæfellsbær er landstærsta sveitarfélagið á Snæfellsnesi með um 1.700 íbúa. Í Snæfellsbæ er vel tekið á móti nýjum íbúum og þar má finna góða leik- og grunnskóla auk öflugs félags- og íþróttalífs fyrir börn sem fullorðna. Sjávarútvegur er burðarstoð atvinnulífs í Snæfellsbæ auk ferðaþjónustu enda Snæfellsjökull miðdepill sveitarfélagsins og sést víða að. Í Snæfellsbæ er boðið upp á vinnuaðstöðu fyrir störf án staðsetningar.**

Launakjör forstöðumanns tæknideildar eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

Launakjör leikskólastjóra eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. maí nk., eða eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með **23. mars 2021**. Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar um störfin veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

HAGVANGUR

# LÖGREGLAN
## Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er nútímaleg og framsækin þjónustustofnun sem er til staðar fyrir alla alltaf. Megin áhersla er lögð á jafnrétti, starfsánægju, heilbrigðan starfsanda, traust og gagnsæi í samskiptum og að starfsfólk búi yfir þekkingu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg verkefni. Starfsfólk embættisins er um 430 á fjórum megin starfsstöðvum.

Gildi embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eru **TRAUST, FAGMENNSKA** og **ÖRYGGI**.

# Mannauðsstjóri

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar eftir drífandi og framsýnum einstaklingi í starf mannauðsstjóra embættisins. Um spennandi, krefjandi og fjölbreytt starf er að ræða sem heyrir undir lögreglustjóra.**

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Fagleg forysta í mannauðsmálum embættisins
- Þróun mannauðsstefnu og eftirfylgni hennar
- Þróun starfsumhverfis í anda stefnu embættisins
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk
- Umsjón, undirbúningur og eftirfylgni starfsmannasamtala
- Ábyrgð á helstu mannauðsferlum, gerð starfagreininga og starfslýsinga
- Yfirumsjón með ráðningum, móttaka nýs starfsfólks, þjálfun, starfsþróun og starfslokum
- Túlkun kjara- og stofnanasamninga, launasetning og yfirumsjón launavinnslu
- Samskipti við stéttarfélög, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður
- Jafnlaunavottun og gæðamál á mannauðssviði
- Seta í yfirstjórn embættisins og þátttaka í stefnumótun

### Hæfniskröfur
- Háskólagráða sem nýtist í starfi auk framhaldsmenntunar á sviði mannauðsstjórnunar eða sambærilegrar menntunar
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af mannauðsmálum
- Þekking eða reynsla af opinberri stjórnsýslu og vinnurétti
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Mjög góð þjónustulund, jákvætt og sveigjanlegt viðhorf
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Árangurs- og lausnamiðuð hugsun
- Þekking og reynsla af að leiða breytingar
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli

Þess er vænst að umsækjandi hafi reynslu af störfum þar sem reynt hefur á þessa eiginleika.
Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið, auk afrita af prófskírteinum.
Við ráðningar hjá LRH er tekið mið af jafnréttisáætlun embættisins.
Vakin er athygli á því að engan má ráða til starfa hjá lögreglu sem hlotið hefur fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu, sbr. 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og hafa gert.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf við fyrsta tækifæri eða eftir nánara samkomulagi.
Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 1000/2019 um auglýsingar á lausum störfum, sem settar eru samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
Starfshlutfall er 100%
**Umsóknarfrestur er til og með 16.03.2021**

**Nánari upplýsingar veitir**
Emma Ásudóttir Árnadóttir - emma@lrh.is - 444-1000
Eygló Huld Jónsdóttir - eyglo.huld@lrh.is - 444-1000

Sækja skal um stöðuna með rafrænum hætti á vef Starfatorgs, **www.starfatorg.is.**

---

## KÓPAVOGSBÆR LEITAR AÐ LEIÐTOGA

Í stefnu Kópavogsbæjar segir að hlutverk sveitarfélagsins sé að tryggja lífsgæði íbúanna með góðri og fjölbreyttri þjónustu. Með það að markmiði samþykkti bæjarstjórn nýverið breytingar á skipuriti bæjarins svo að rekstur og stjórnsýsla sveitarfélagsins verði enn skilvirkari. Skipurit Kópavogs telur því fimm svið. Tvö stoðsvið; stjórnsýslusvið og fjármálasvið og þrjú fagsvið; menntasvið, velferðarsvið og umhverfissvið.

# SVIÐSSTJÓRI VELFERÐARSVIÐS

Meðal verkefna velferðarsviðs eru almenn félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, málefni aldraðra, félagsleg heimaþjónusta, málefni fatlaðs fólks og málefni barna og ungmenna, þar með talin vinnsla mála samkvæmt barnaverndarlögum.

Sviðsstjóri velferðarsviðs er ráðinn af bæjarstjórn og er bæjarstjóri hans yfirmaður. Sviðsstjóri er hluti af stjórnendateymi bæjarins.

### Helstu verkefni
- Dagleg yfirstjórn og samhæfing þjónustu og starfskrafta velferðarsviðs
- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd velferðarþjónustu í umboði bæjarstjórnar og velferðarráðs
- Undirbúningur mála fyrir velferðarráð og ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins
- Forysta við þróun og innleiðingu nýrra tækifæra og úrræða í velferðarþjónustu, ásamt mati á árangri og eftirliti
- Ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun ásamt annarri áætlanagerð fyrir velferðarsvið
- Ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum
- Samráð við félagasamtök og aðra hagsmunaaðila um velferðarmál
- Samstarf við opinbera aðila í velferðarmálum innanlands og utan

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf á meistarastigi sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla, ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Þekking og reynsla af rekstri, þjónustustarfsemi og opinberri stjórnsýslu
- Víðtæk þekking og reynsla af velferðarmálum
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku, kunnátta í norðurlandatungumáli kostur

Umsóknarfrestur er til og með **22. mars 2021**. Nánari upplýsingar á **hagvangur.is**

HAGVANGUR

nox medical

# Is this your dream job?

We are seeking talented people to join our energetic and passionate team. We build products used by healthcare professionals in over 40 countries to help people to sleep better.
Nox Medical was founded in 2006 and now employees more than 70 people.

## Technical Writer

**Technical Writer at Nox Medical is a part of the R&D team and will collaborate with other team members as well as members of other departments on preparing and organizing device and design documentation.**

### Function & Responsibilities

- Participates in overall management, creation and reviewing of documents
- Participates in content management of Requirements, Designs, Test Specifications and Test Results during development
- Support with Documentation for Clinical Studies and other validation activities applicable
- Participates in Design Output creation, extraction of data and creation of Design History File and Technical File Data

### Qualification

- Degree in Science, Technology, Engineering or Mathematics or equivalent experience
- Comfortable working in highly regulated Medical Device Development environment
- Good English skills, especially written English and understanding technical text and architecture
- Problem-solving skills and an ability to respond and adapt to change

## Quality Assurance Developer

**The QA Developer will be integrated into the software development teams, focused on building automated tests and working with the development team to provide support for the Nox Cloud product.**

### Function & Responsibilities

- Reviewing quality specifications and technical design documents to provide timely and meaningful feedback
- Creating detailed, comprehensive and well-structured test plans and test cases
- Estimating, prioritizing, planning and coordinating quality testing activities
- Write automated tests for functionality and processes
- Provide support for incoming support requests

### Qualification

- Experience with writing automated software tests
- Good knowledge of HTML, CSS and Javascript
- Experience in mobile application testing experience, test documentation and framework

## Software Engineer - Full Stack

**The Software Engineer will join the team that delivers software products used by patients and providers of medical services.**

### Function & Responsibilities

- Design and develop functionality for the Nox Cloud platform and work closely with testing and deployment teams
- Analyse requirements and develop specifications along with business analysts and stakeholders
- Provide production troubleshooting and support

### Qualification

- 5+ years of software engineering experience working with large scale applications and projects
- Experience developing and/or deploying highly scalable, cloud-based web applications, using Java or Kotlin for the back-end and Angular/ Typescript for the front-end
- Experience with relational DBs like PostgreSQL, MySQL or SQL Server as well as NoSQL databases such as MongoDB or Cassandra



**Please apply via our homepage www.noxmedical.com/jobs**
**The application deadline is 21st of March.**

2020 Strongest in Iceland

2020 Framúrskarandi fyrirtæki

ICELANDIC STARTUPS

# Framkvæmdastjóri

*Hlutverk Icelandic Startups er að aðstoða frumkvöðla við að hraða ferlinu frá því að hugmynd kviknar þar til viðskipti taka að blómstra og tengja frumkvöðla og sprotafyrirtæki við öflugan hóp leiðandi sérfræðinga.*

**Brennur þú fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarfi?**
Icelandic Startups leitar að jákvæðum og drífandi einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni og brennandi áhuga á nýsköpun, tækni og frumkvöðlastarfi í starf framkvæmdastjóra. Viðkomandi ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með starfi félagsins, gerð fjárhagsáætlana og stefnumótun í samvinnu við stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri Icelandic Startups vinnur náið með starfsmönnum og stjórn félagsins, ber ábyrgð á að móta og framkvæma stefnu félagsins í takt við þær nýjungar og breytingar sem eiga sér stöðugt stað í nýsköpunarumhverfinu hérlendis og í nágrannalöndum okkar.

Við bjóðum upp á einstakt starfsumhverfi, fjölbreytt og krefjandi verkefni, fögnum nýjum hugmyndum og veitum tækifæri til þess að efla tengslanetið, bæði hér heima og erlendis.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á nýsköpun, tækni og frumkvöðlastarfi mikilvægur
- Faglegur metnaður til að ná árangri, frumkvæði öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Reynsla af stjórnun verkefna, gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni þeirra
- Góð þekking á sviði sölu og markaðsmála
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Hæfni til að vinna að mörgum verkefnum á sama tíma

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

**Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF



# METNAÐARFULLUR VERKEFNASTJÓRI ÓSKAST

## Við leitum að verkefnastjóra undirbúnings framkvæmda.

Verkefnastjóri undirbúnings framkvæmda hjá Landsneti leiðir verkefni í gegnum undirbúningsferli. Starfið felur meðal annars í sér utanumhald verkefna, umsjón með hönnun, umhverfismatsvinnu og skipulagsmálum, samskipti við ráðgjafa, áætlanagerð og þátttöku í samráði við hagsmunaaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af framkvæmdum er æskileg
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagsfærni
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í starfi

Starfið felur í sér spennandi og krefjandi verkefni á umbótasinnuðum og metnaðarfullum vinnustað þar sem áhersla er lögð á vellíðan og ánægju alls starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til 21. mars 2021.** Sótt er um starfið á **landsnet.is**. Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starf. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Kári Júlíusson, mannauðssérfræðingur, **mannaudur@landsnet.is**.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

LANDSNET

sensa®

# Erum við að leita að þér?

## Sérfræðingur á tækniborði

Hugsar þú í lausnum? Starfsfólk á tækniborði þarf að geta unnið sjálfstætt og vera með einstaka þjónustulund.

**Helstu verkefni:**

- Þjónusta við viðskiptavini í gegnum fjartengingar og síma varðandi rekstur netþjóna, útstöðva og annarra jaðartækja.
- Umsýsla og aðstoð með **Microsoft 365** umhverfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð þekking og reynsla af rekstri miðlægra kerfa.
- Hæfileiki til að vinna skipulega að mörgum verkefnum á sama tíma.
- Hæfileiki til að læra og aðlagast nýrri tækni.
- Hæfileiki til að miðla þekkingu á skipulagðan máta.
- **Microsoft** gráður æskilegar.

## Sérfræðingur í Microsoft/Azure - skýjalausnum

Við leitum að starfsmanni með djúpa og yfirgripsmikla þekkingu á hýsingu og rekstri tölvukerfa, ekki síst þegar kemur að skýjaþjónustum. Viðkomandi þarf að vera lausnamiðaður og geta unnið með stór og umfangsmikil verkefni.

**Helstu verkefni:**

- Hönnun og ráðgjöf Microsoft lausna.
- Virk þátttaka í vöruþróun fyrirtækisins.
- Samskipti við erlenda viðskiptavini og birgja.
- Virk þátttaka í rekstri Microsoft lausna Sensa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Brennandi áhugi á upplýsingatækni og þeirri umbreytingu sem er að eiga sér stað.
- Reynsla af kerfisrekstri eða tæknistjórnun er kostur.
- Microsoft gráður æskilegar.

## Sérfræðingur í samskiptalausnum

Leitum að samviskusömum og metnaðarfullum einstaklingi í samstilltan hóp með áherslu á samskipta- og samvinnulausnir (e. Collaboration).

**Helstu verkefni:**

- Samskipti við viðskiptavini.
- Ráðgjöf, hönnun og uppsetning á samskiptalausnum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði upplýsingatækni er kostur en ekki skilyrði.
- Reynsla úr tæknigeiranum er kostur en ekki skilyrði.
- Reynsla og/eða áhugi á sviði samskipta- og samvinnulausna (e. Collaboration).
- Frumkvæði og löngun til að takast á við nýjar áskoranir.
- Rík þjónustulund ásamt samskiptahæfileikum.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk. Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum **https://sensa.is/storf-i-bodi/**

Fyrirspurnum skal beint á netfangið **starf@sensa.is**

Í anda jafnréttisstefnu Sensa hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.

cisco Gold Partner

Microsoft Gold Partner

Sensa er leiðandi upplýsingatæknifyrirtæki þar sem sterk liðsheild, hátt þekkingarstig og framúrskarandi þjónusta eru höfð að leiðarljósi.

**Ármúla 31 – 108 Reykjavík – S. 425 1500 – www.sensa.is**



# Leikskólastjóri í leikskólann Arnarsmára

Leikskólinn Arnarsmári er 5 deilda leikskóli sem stendur á Nónhæð. Í leikskólanum er starfað samkvæmt Uppbyggingarstefnunni og einkunnarorð hans eru frumkvæði, vinátta og gleði. Mikil og virk útikennsla einkennir Arnarsmára, sem og áhersla á dyggðir, stærðfræði, læsi og virðingu fyrir umhverfinu.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðamenn og leikskóladeild.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2021.**

**Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningavef Kópavogsbæjar.**
Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is



# Lausar stöður hjá Hafnarfjarðarbæ

**Grunnskóli**
- **Aðstoðarskólastjóri** - Öldutúnsskóli

**Leikskóli**
- **Leikskólakennari** - Hlíðarberg
- **Leikskólakennari** - Stekkjarás
- **Leikskólastjóri** - Stekkjarás
- **Leikskólasérkennari** - Álfasteinn
- **Sérkennslustjóri** - Álfasteinn
- **Þroskaþjálfi** - Skarðshlíðarleikskóli

**Mennta- og lýðheilsusvið**
- **Sálfræðingur** - 60% starf
- **Talmeinafræðingur** - 50% starf

**Málefni fatlaðs fólks**
- **Starfsmaður á heimili** - Einiberg
- **Sumarafleysing** - Einiberg

**Fjölskyldu- og barnamálasvið**
- **Starfsmaður félagsstarfs aldraðra** - Hraunsel

**Vinnuskóli Hafnarfjarðar**
- **Umsjónarmaður vinnuskóla** - sumarið 2021

Nánari upplýsingar á:
**Hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

VERITAS

# LÖGFRÆÐINGUR

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum lögfræðingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum fyrir Veritas og dótturfyrirtæki í 50-75% starfshlutfalli skv. samkomulagi. Um nýtt og fjölbreytt starf er að ræða hjá hratt vaxandi fyrirtækjasamstæðu á heilbrigðismarkaði. Starfið heyrir beint undir forstjóra Veritas.

## Starfssvið

- Almenn lögfræðiráðgjöf til framkvæmdastjórnar samstæðunnar
- Samningagerð, rýni og skjalastjórnun á samningum við birgja og aðra samstarfsaðila, bæði innlenda og erlenda
- Gerð álita og eftirfylgni vegna ýmissa stjórnsýslumála gagnvart opinberum aðilum
- Ráðgjöf varðandi vinnuréttarmál
- Ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni persónuverndarmála
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni t.d. gerð kaupsamninga og áreiðanleikakannana, greiningar og álitsgerðir vegna samkeppnismála o.fl.

## Hæfni, þekking og reynsla

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi s.s. reynsla af samningagerð, þekking á laga- og reglugerðaramma innan heilbrigðisgeirans
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Yfirsýn og geta til að vinna undir álagi

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 14. MARS 2021.

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Veritas, www.veritas.is.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Nánari upplýsingar veita **Hrund Rudolfsdóttir**, forstjóri, hrund@veritas.is og **Pétur Veigar Pétursson**, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

Veritas sérhæfir sig í rekstri fyrirtækja á sviði heilbrigðisþjónustu og starfar innan sértæks ramma laga og reglugerða er snúa að slíkri starfsemi. Veritas er móðurfélag fyrirtækjanna Artasan, Distica, MEDOR, Stoð og Vistor. Fyrirtækið er kjölfesta samstæðunnar og veitir stoðþjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni.

**GILDI VERITAS ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI**

# Heimavistarstjóri

Hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er laust til umsóknar starf heimavistarstjóra. FVA er framsækinn og traustur framhaldsskóli sem starfar samkvæmt þremur gildum; jafnrétti, virðingu og fjölbreytileika. Nemendur eru um 500 talsins og starfsfólk skólans um 70. Við skólann er starfrækt heimavist með 30 tveggja manna herbergjum, eldhúsi, þvottahúsi og sameiginlegu rými. Leitað er að fjölhæfum starfsmanni sem á gott með að umgangast ungt fólk. Áskilið er að heimavistarstjóri búi í íbúð sem tilheyrir heimavistinni.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón með íbúum heimavistar
- Eftirlit með húsakynnum
- Þrif á sameiginlegum svæðum og minniháttar viðhald

**Hæfnikröfur**
- Reynsla af faglegu starfi með ungu fólki
- Menntun í uppeldisfræðum, félags- eða sálfræði er kostur
- Góð samskiptahæfni

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Sameyki hafa gert. Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf auk afrits af prófskírteinum ef við á. Tilgreina skal meðmælendur. Ákvörðun um ráðningu byggir á innsendum gögnum og viðtölum. Öllum umsóknum verður svarað. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2021 og er reynslutími 3 mánuðir.

Starfshlutfall er 100%.
**Umsóknarfrestur er til og með 12.03.2021.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Steinunn Inga Óttarsdóttir - steinunn@fva.is - 855 5720
Umsóknir berist í gegnum Starfatorg.is

# Eigum við **samleið?**

Advania leitar að liðsauka í spennandi verkefni. Vilt þú vinna hjá einu framsæknasta upplýsingatæknifyrirtæki Norðurlandanna og á einum besta vinnustað landsins? Þá gætum við átt samleið.

### Forstöðumanneskja veflausna
Hefur þú brennandi áhuga á stafrænum lausnum? Hefur þú ástríðu fyrir því að búa til framúrskarandi lausnir og hjálpa fyrirtækjum í sinni stafrænu vegferð? Þá viljum við heyra í þér! Í starfinu felst að leiða hóp sérfræðinga í umfangsmiklum vefverkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

### Hópstjóri/ Senior ráðgjafi í Business Central (NAV)
Advania leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða hóp sérfræðinga í Business Central (NAV) teymi Advania. Hópstjóri sér um daglega verkefnastjórnun.

### Hugbúnaðarsérfræðingur – Business Central (NAV)
Við leitum að metnaðarfullum og öflugum forritara með reynslu af Business Central (NAV). Starfið felst í ýmiskonar hugbúnaðarþróun, s.s. þátttöku í innleiðingar- og uppfærsluverkefnum og þróun á sérlausnum og vinnu í umbótarverkefnum ásamt frábæru teymi sérfræðinga í Business Central (NAV).

### Hugbúnaðarsérfræðingur Microsoft Dynamics 365
Við leitum að metnaðarfullum og öflugum forritara í Microsoft Dynamics 365. Starfið felst í ýmiskonar hugbúnaðarþróun ásamt þátttöku í innleiðingar- og uppfærsluverkefnum. Við vinnum með Dynamics 365 lausnir og forritun felst í tengingu og samþættingu ytri kerfa ásamt þróun á lausnum tengdum Dynamics 365.

### Hugbúnaðarsérfræðingur á sviði samþættinga og ferla
Svið samþættinga og ferla hjá Advania leitar að duglegum og snjöllum forritara. Sviðið vinnur fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins við að sjálfvirknivæða verkferla og hjálpa fyrirtækjum að veita bestu mögulegu þjónustu.

### Ráðgjafi með sérþekkingu á vefverslunum
Vilt þú hjálpa fyrirtækjum að skara fram úr í rekstri vefverslana og aðstoða þau við að nýta þær til fulls? Advania leitar að öflugum ráðgjafa til að aðstoða viðskiptavini með vefverslun og markaðssetningu.

### Ráðgjafi Microsoft Dynamics 365
Við leitum að öflugum ráðgjafa um framleiðslu og vörustýringu í Microsoft Dynamics 365 teymið okkar. Starfið felur m.a í sér ráðgjöf á viðskiptakerfum, þátttöku í kerfishönnun og útfærslu lausna hjá viðskiptavinum. Ráðgjafi tekur þátt í innleiðingum og uppsetningum Dynamics 365 lausna hjá viðskiptavinum.

### Senior ráðgjafi Microsoft Dynamics 365
Við leitum að öflugum senior ráðgjafa í Microsoft Dynamics 365 teymið okkar til að leiða stafræn umbreytingarverkefni hjá viðskiptavinum okkar. Ráðgjafahlutverkið er fjölbreytt og felur m.a í sér kerfishönnun, sölu og samskipti við viðskiptavini, ásamt viðskiptaumsjón stærri viðskiptavina.

### Sérfræðingur í gagnagreiningu
Við leitum að sjálfstæðum og öflugum sérfræðingi í teymi gagna-ráðgjafa. Mikilvægt er að umsækjandi hafi hæfni og fagþekkingu til að samþætta, umbreyta og sameina gögn úr ólíkum gagnalindum til birtingar í greiningarlausnum hjá viðskiptavinum okkar.

### Sérfræðingur í rekstri afgreiðslukerfa
Advania leitar að öflugri manneskju með ríka þjónustulund til að koma inn í hóp sérfræðinga við rekstur afgreiðslulausna.

### Söluráðgjafi á sviði viðskiptakerfa (NAV)
Advania leitar að söluráðgjafa til að sinna sölu á Dynamics 365 Business Central viðskiptakerfinu og tengdum lausnum á viðskiptalausnasviði Advania. Leitað er að drífandi einstaklingi með þekkingu og reynslu af lausnamiðaðri ráðgjöf í upplýsingatækni.

### Verkefnastjóri á hugbúnaðarlausnasviði
Ertu ástríðufullur verkefnastjóri? Vegna aukinna umsvifa leitum við að útsjónarsömum og skipulögðum verkefnastjóra sem skilur og hefur gaman af tækni.

### Verkefnastjóri með reynslu af innleiðingu viðskiptakerfa (ERP)
Advania leitar að sjálfstæðri og metnaðarfullri manneskju til að leiða spennandi verkefni við innleiðingu viðskiptakerfa.

### Vörustjóri skólalausna
Vilt þú móta framtíð skólalausna með okkur? Advania leitar að öflugri manneskju í hlutverk vörustjóra skólalausna til að leiða þróun á framúrskarandi skólalausnum framtíðarinnar.

### Þjónustufulltrúi
Advania leitar að úrræðagóðum þjónustufulltrúa í framlínuteymið okkar sem gegnir lykilhlutverki við þjónustu í fyrstu samskiptum við viðskiptavini.

Kynntu þér störfin nánar á **www.advania.is/atvinna**
atvinna@advania.is / 440 9000.

advania

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður.
Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns,
eru hvattir til að sækja um.

# Vegagerðin auglýsir tvær stöður yfirverkstjóra lausar til umsóknar

**Starf yfirverkstjóra á þjónustustöð Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu**
er laust til umsóknar.
Um 100% starf er að ræða.

**Starf yfirverkstjóra á þjónustustöð Vegagerðarinnar á Selfossi**
er laust til umsóknar.
Um 100% starf er að ræða.

Yfirverkstjóri ber ábyrgð á rekstri og verkefnum þjónustustöðvarinnar. Hann sér til þess að verkefni séu leyst samkvæmt verklagsreglum, skipuriti og markmiðum Vegagerðarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Almennt grunnnám, iðnmenntun æskileg
- Marktæk reynsla af stjórnun
- Reynsla af kostnaðareftirliti, verkeftirliti og fjárhagsuppgjöri
- Verkstjórnarnámskeið er æskilegt
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp

**Starfssvið**

- Almenn þjónusta og viðhald vega sem og vegbúnaðar á svæði þjónustustöðvarinnar. Viðhald og þjónusta á malarvegum og bundnu slitlagi, umsjón með áhaldahúsi. Eftirlit og stjórnun verkefna í sumarþjónustu sem og samskipti við verktaka. Eftirlit í vetrarþjónustu með færð á vegum, upplýsingagjöf og stjórnun snjómoksturs í samvinnu við vaktstöð Vegagerðarinnar. Samskipti og eftirlit með verktökum í vetrarþjónustu.
- Reikningsuppgjör og kostnaðareftirlit, verðfyrirspurnir, fjárhagsuppgjör og gerð einfaldari útboðslýsinga.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Stefánsson deildarstjóri umsjónardeildar (bjarni.stefansson@vegagerdin.is ) eða í síma 522 1461.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Umsóknarfrestur fyrir störfin er til og með 15. mars 2021**

**Áhugasamir eru beðnir að sækja um störfin á www.vegagerdin.is**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Sambands stjórnendafélaga.

**Vacant positions at the Official Residence:**

**HOUSEKEEPER and HOSPITALITY SERVER (full time)**

U.S. Chief of Mission's Residence is seeking an individual for the full time position of Residence Housekeeper and Hospitality Server.

Please submit your CVs to ReykjavikOREVacancy@state.gov latest by **March 14, 2021.**



## LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

Leitum að starfsmanni í malbiksframleiðslu og eftirlit með búnaði

Vélvirkjanám, sambærilegt nám eða reynsla skilyrði

**umsóknir á alfred.is**

MALBIKSTÖÐIN

**job**

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við
að leita **að þér?**

BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

# VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?

Fréttablaðið leitar eftir umsóknum um starf blaðamanns. Um er að ræða áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn

**Umsækjandi þarf:**

- að hafa reynslu af blaðamennsku og skrifum í fréttamiðla, hvort sem er í blað, á net, fyrir sjónvarp eða útvarp
- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að hafa þekkingu á samfélagsmiðlum og virkni þeirra
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til Elísabetar Salvarsdóttur á netfangið elisabet@torg.is fyrir **19. mars 2021.**

Fréttablaðið er í eigu Torgs ehf. sem á og rekur fjölmarga frétta- og afþreyingarmiðla.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV TORG

# Viltu móta stafræna framtíð með okkur?



Crayon á Íslandi leitar að öflugum sérfræðingum til starfa. Ef þú hefur ástríðu fyrir upplýsingatækni, vilt starfa í síkviku umhverfi, vinna að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum sem felast í ráðgjöf í skýjavegferð og sjálfvirknivæðingu fyrir leiðandi fyrirtæki á markaði og samstarfsaðila, þá viljum við þig í okkar lið!

Við erum leiðandi í þróun og ráðgjöf stafrænna lausna og nýtum nýjustu þekkingu og fjölþætta reynslu liðsmanna okkar til að hámarka virði til viðskiptavina.

Við bjóðum upp á frábæra vinnustaðstöðu í lifandi umhverfi með skemmtilegum vinnufélögum.

Það er skoðun okkar hjá Crayon að fjölbreytileiki sé leiðandi afl í nýsköpun og því hvetjum við fólk af ólíkum bakgrunni, aldri og kynjum til að sækja um.

## Þjónustu- og viðskiptastjóri

Hefur eftirlit með og tryggir arðsemi þjónustusamninga og verkefna.

Stýrir þróun þjónustulausna sem mæta þörfum viðskiptavina og stuðlar að verðmætaskõpun þeirra.

**Starf fyrir einstakling með ríka skipulags- og samskiptaleikni sem tekur ábyrgð á og fylgir verkefnum eftir frá upphafi til enda.**

## Junior Microsoft skýjaráðgjafi

Vinnur með og aðstoðar senior ráðgjafa í skýjavegferð og verðmætasköpun fyrir stærstu viðskiptavini og samstarfsaðila Crayon.

Þjónustar og viðheldur innleiddum verkefnum.

**Starf fyrir einstakling með brennandi áhuga á skýjalausnum og löngun til að læra og þróast í krefjandi umhverfi.**

## Senior Microsoft skýjaráðgjafi

Tekur þátt í hönnun og uppsetningu tæknilegra innviða fyrir hybrid skýjalausnir.

Veitir ráðgjöf um nútíma rekstrar- og þróunarumhverfi í skýinu með áherslu á hagkvæmni, gagnaöryggi og regluheldni.

**Starf fyrir reyndan ráðgjafa í að skapa ný tækifæri í skýjalausnum fyrir kröfuharða viðskiptavini og samstarfsaðila.**

## Senior AWS skýjaráðgjafi

Leiðbeinir fyrirtækjum í stafrænni vegferð innviða og þróunar.

Ráðleggur viðskiptavinum og samstarfsaðilum um hönnun, innleiðingu og rekstur á AWS hybrid skýjalausnum.

**Starf fyrir einstakling með fjölbreytta reynslu og ástríðu fyrir AWS skýjalausnum.**

## ISV alþjóðlegur sölustjóri

Vinnur með Crayon fyrirtækjum út um allan heim við að fá nýja ISV þróunaraðila til samstarfs við Crayon.

Staðsetur Crayon sem stefnumótandi samstarfsaðila í skýjavegferð og umbreytingu ISV þróunaraðila.

**Starf fyrir einstakling með alþjóðlega reynslu í að afla nýrra viðskiptavina og samstarfsaðila með metnað fyrir stöðugri framþróun þeirra.**

Nánari upplýsingar um störfin og ráðningaferli er að finna á: **www.crayon.com/is/atvinna**

**Umsóknarfrestur er til 21. mars.**

Fyrirspurnir má senda með tölvupósti á **contact.is@crayon.com**

Crayon á Íslandi er hluti af Crayon Group sem er alþjóðlegt upplýsingatæknifyrirtæki með rúmlega 2000 starfsmenn. Viðskiptavinir okkar hérlendis eru stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins ásamt framsæknum samstarfsaðilum.

Crayon

**crayon.com**




Leikskólinn Álfatún er staðsettur í skjólsælum reit austast í Fossvogsdalnum og er í beinum tengslum við útivistarsvæðin í dalnum. Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á málörvun, hreyfingu og skapandi starf.

Leitað er að stjórnanda sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður og umbótadrifinn og hefur metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi í sínum skóla, veita faglega forystu og búa yfir hæfni og frumkvæði til að skipuleggja skapandi leikskólastarf í samvinnu við starfsmenn, forráðamenn og leikskóladeild.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af starfi og stjórnun í leikskóla
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2021.**
**Nánari upplýsingar um starfið má finna á ráðningavef Kópavogsbæjar.**

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

## Ert þú með brennandi áhuga á skipum?



**Samgöngustofa óskar eftir að ráða sérfræðing í skipatæknideild.**
Starfið felst í mati á tæknigögnum um öryggi skipa og viðeigandi hönnunargögnum, t.d. yfirferð á stöðugleikagögnum, hleðsluprófunum, öryggisplönum o.fl. Starfið felur í sér samskipti við útgerðir og flokkunarfélög vegna skoðana og tæknigagna. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til 15. mars 2021**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Hafa lokið námi í verkfræði eða tæknifræði á skipa- eða vélasviði. Annað sambærilegt nám kemur til greina.
- Reynsla af störfum við tæknimál skipa er kostur.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli. Kunnátta í Norðurlandamálum er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og að geta unnið sjálfstætt og í hóp.

*Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

## Lindarbros tannlæknastofa - aðstaða til leigu.

**Aðstaða til leigu á glænýrri tannlæknastofu, Lindarbros; staðsett að Bæjarlind 12, 2 hæð, sem opnuð var í desember 2020!**

Húsnæðið er allt ný innréttað og hið glæsilegasta í alla staði. Tannlæknastofan er vel staðsett í miðju Stór-Reykjavíkursvæðisins, aðkoma góð og bílastæðamál til fyrirmyndar. Stór lyfta er í sameign og hjólastólaaðgengi gott.

Húsnæðið er ekki eingöngu hugsað fyrir tannlækna, heldur einnig fyrir aðra heilbrigðistengda þjónustu, e.o. lækna, sjúkraþjálfara, kírópraktóra og nuddara.

Áhugasamir aðilar geta sent fyrirspurn á;
**lindarbros@lindarbros.is**

VÍÐISTAÐAKIRKJA

## Víðistaðakirkja í Hafnarfirði

**auglýsir eftir kirkjuverði/meðhjálpara í fullt starf.**

**Starfsvið:** Umsjón með kirkju og búnaði hennar, þjónusta við helgihald, umsjón með tónleikahaldi og upptökum, þrif á salarkynnum kirkjunnar, skráning eigna kirkjunnar, umsjón með foreldramorgnum og viðvera í æskulýðsstarfi.

**Hæfniskröfur:** Áhugi á kirkjulegu starfi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfileikar og snyrtimennska, lipurð í samskiptum og traust framkoma, góð íslensku- og enskukunnátta æskileg svo og almenn tölvukunnátta.

**Umsóknir merktar „Starfsumsókn" sendist til:**
Víðistaðakirkja, Pósthólf 351, 220 Hfj.
og rafrænt á srbragi@vidistadakirkja.is

**Umsóknarfrestur er til 22. mars 2021.**
Öllum umsóknum verður svarað.
Stefnt er að því að nýr starfsmaður hefji störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veita**
Hjörleifur Þórarinsson formaður sóknarnefndar
og séra Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.

**HNIT VERKFRÆÐISTOFA**

Hnit verkfræðistofa óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirfarandi störf:

### FRAMKVÆMDARÁÐGJÖF

Framkvæmdaráðgjöf, eftirlit með verklegum framkvæmdum, verkefnastjórnun og áætlanagerð.

### ÞÉTTBÝLISTÆKNI

Hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa. Gerð útboðsgagna og áætlana.

Almenn viðmið um ofangreind störf:

- Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði.
- M.Sc. gráða æskileg.
- Starfsreynsla á umræddum fagsviðum.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð samskiptafærni og jákvætt hugarfar.

Upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.hnit.is

Nánari upplýsingar veitir Þór Gunnarsson, s. 6937402
Umsóknir skal senda á starf@hnit.is.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2021.



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR

hagvangur.is



# Deildarstjóri innkaupadeildar

Kópavogsbær leitar að metnaðarfullum og reynslumiklum einstaklingi í starf deildarstjóra nýrrar innkaupadeildar. Deildarstjóri er yfirmaður innkaupadeildar og gegnir forystuhlutverki í innkaupum hjá Kópavogsbæ. Innkaupadeild heyrir undir fjármálasvið sem hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Kópavogs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Deildarstjóri heyrir undir sviðsstjóra fjármálasviðs og starfar með stjórnendum á öllum sviðum Kópavogsbæjar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Uppbygging á nýrri innkaupadeild í samráði við sviðsstjóra og aðra stjórnendur.
- Umsjón og eftirlit með samningagerð og annarri framkvæmd innkaupa, útboða og verðkannana á vegum bæjarins.
- Stefnumótun og áætlanagerð varðandi innkaup hjá Kópavogsbæ.
- Þjónusta, upplýsingagjöf og ráðgjöf við svið og stofnanir bæjarins vegna innkaupamála.
- Umsjón og ábyrgð á að innkaup bæjarins séu í samræmi við lög og reglur sem um þau gilda.
- Þróun innkaupaaðferða og rafrænnar stjórnsýslu á sviði innkaupamála.
- Dagleg verkstjórn innkaupadeildar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði, vörustjórnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af innkaupum.
- Reynsla af því að leiða verkefni og vinna að umbótum.
- Þekking á upplýsingakerfum á sviði innkaupa er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberum innkaupum er kostur.
- Reynsla á sviði innkaupa í stórri rekstrareiningu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Frumkvæði, skipulagshæfni, sjálfstæði, umbótavilji og metnaður.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á íslensku og ensku.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars n.k.**

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar undir auglýst störf.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**.

Nánari upplýsingar veitir Pálmi Þór Másson, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, **palmi@kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is



# Textaskrif og vinnsla á efni inn á **visiticeland.com**

## Störf án staðsetningar á landsbyggðinni

**Ferðamálastofa** leitar að starfsfólki til efnisvinnslu og textaskrifa fyrir vefinn **visiticeland.com** og miðla tengdum honum.

**Ferðamálastofa**, **Íslandsstofa** og **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið** hafa með samkomulagi sín á milli ákveðið að vefurinn **visitIceland.com** verði helsta upplýsingaveita fyrir ferðamenn á leið til landsins, á meðan dvöl þeirra á landinu stendur og eftir að heim er komið. Er þá m.a. horft til upplýsinga um framboð þjónustu, menningu, sögu, náttúru, fjölbreytileika landsins, aðgengi ferðamannastaða, öryggi og umhverfisvernd, veður og færð á vegum.

Mikilvægt er að í slíkri miðlun upplýsinga sé ítarlegt og vel unnið efni, bæði texti og myndir. Uppfærsla og endurnýjun á efni þarf að vera stöðug til að miðillinn sé lifandi og áreiðanlegur.

Leitað er að einstaklingum með víðtæka þekkingu á landi og þjóð, menningu og staðarháttum og tengsl við ólík byggðarlög landsins.

Störfin eru á landsbyggðinni en að öðru leyti er um að ræða störf án staðsetningar. Miðað er við að starfshlutfall sé að lágmarki 50%.

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- *Textaskrif um land og þjóð í samræmi við ritstjórnarstefnu **visitIceland.com***
- *Uppfærsla upplýsinga og leiðbeininga á **visitIceland.com***
- *Samstarf við áfangastaðastofur, sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu um gerð efnis fyrir ferðamenn*
- *Þýðing og staðfærsla efnis og texta fyrir stafræna miðlun*

### HÆFNISKRÖFUR:

- *Yfirgripsmikil reynsla af **textaskrifum fyrir vef (leitarvélabestun)** og þekking á sviði ferðaþjónustu, háskólapróf er kostur*
- *Mjög góð enskukunnátta og reynsla af skrifum á ensku. Þekking á fleiri tungumálum þ.m.t. íslensku er kostur*
- *Góð þekking á landi og þjóð, menningu og staðháttum og sérstöðu Íslands s.s. veðráttu og öryggi*
- *Góð tengsl við ólík byggðarlög landsins*
- *Tölvukunnátta og góð þekking á samfélagsmiðlum og vefmiðlun*
- *Frumkvæði og metnaður í starfi*
- *Rík þjónustulund og jákvæðni*
- *Hæfni í mannlegum samskiptum*

**Ferðamálastofa**
Icelandic Tourist Board

### Nánari upplýsingar

Umsóknum skal skila á netfangið upplysingar@ferdamalastofa.is fyrir 11. mars nk. Umsóknin skal m.a. innihalda starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni og sýn á starfið.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Nánari upplýsingar veitir **Inga Rós Antoníusdóttir ingaros@ferdamalastofa.is**

HEILSUGÆSLA
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## Sálfræðingur
## Heilsugæslan Efstaleiti

**Laust er til umsóknar 80-100% tímabundin staða til eins árs, starf sálfræðings fullorðinna við Heilsugæsluna Efstaleiti. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða samkvæmt nánara samkomulagi.**

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf og spennandi vettvang fyrir sálfræðing sem hefur áhuga á nýsköpun og framþróun í heilsugæslu. Sálfræðingur starfar í þverfaglegu teymi með læknum, hjúkrunarfræðingum og öðru fagfólki í skemmtilegu starfsumhverfi sem er í stöðugri þróun. Lögð er áhersla á að sálfræðingar HH fái handleiðslu og símenntun í faginu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Sálfræðiþjónusta fyrir einstaklinga 18 ára og eldri
- Greining, mat og meðferð á geðrænum vanda, gagnreynd sálfræðimeðferð og ráðgjöf
- Einstaklings- og hópmeðferð
- Námskeiðahald, ráðgjöf og fræðsla
- Handleiðsla og þjálfun nema í klíniskri sálfræði.
- Þátttaka í þróun og uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir s.s. Landspítala og félagsþjónustu
- Önnur tilfallandi verkefni eftir þörfum

**Hæfnikröfur**
- Leyfi frá landlækni til að starfa sem sálfræðingur er skilyrði
- Reynsla af greiningu og meðferð fullorðinna með geðrænan vanda
- Þekking og reynsla af gagnreyndum aðferðum, s.s. hugrænni atferlismeðferð
- Faglegur metnaður og áhugi á uppbyggingu sálfræðiþjónustu í heilsugæslu
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun í starfi
- Reynsla og áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Góð samskiptahæfni, lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 08.03.2021**
Nánari upplýsingar veitir Alma Eir Svavarsdóttir
Netfang: alma.e.svavarsdottir@heilsugaeslan.is
513-6100

Nánari upplýsingar veitir Agnes Sigríður Agnarsdóttir
Netfang: agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is 513-5000

Hægt er að sækja um starfið á: https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/laus-storf-a-starfatorgi/auglysing/?id=23933

## Hefur þú áhuga á safnastarfi?

**Starf forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga er laust til umsóknar**

Héraðsskjalasafnið varðveitir skjöl sveitarfélaga á Austurlandi og tekur við einkaskjölum og ljósmyndum sem hafa sögulegt gildi. Forstöðumaður annast daglegan rekstur, gefur ráð um skjalastjórnun, undirbýr fjárhagsáætlun með stjórn safnsins, ræður starfsfólk, hefur umsjón með fræðibókasafni, ljósmyndavef, sýningum og öðrum sérverkefnum. Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í námsgrein sem nýtist starfsemi safnsins. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af safnastarfi og fjármálastjórn.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsferil og meðmælendur sendist Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Laufskógum 1, 700 Egilsstaðir eða með tölvupósti á netfangið bara@heraust.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars.**

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef safnsins www.heraust.is.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

## Verkefnastjóri á framkvæmdadeild

Vegagerðin auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að sinna verkefnastjórn stórra verka á framkvæmdadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík. Um er að ræða fullt starf við áætlanir, undirbúning og framkvæmd í nýbyggingu og viðhaldi samgöngumannvirkja.
Um 100% starf er að ræða.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
→ Verkfræðingur, tæknifræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf æskilegt.
→ Marktæk reynsla af verkefnastjórnun
→ Reynsla af verkefnastjórnun stærri verkefna æskileg
→ Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
→ Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
→ Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
→ Hæfni til að fylgja málum eftir og til að finna bestu lausnir hverju sinni.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2021.**

**Starfssvið**
Starf verkefnastjóra á framkvæmdadeild felst í stjórnun viðhalds- og nýframkvæmda þ.m.t. gerð áætlana, útboðs og verklýsinga, fjárhagslegt og tæknilegt eftirlit, uppgjör verka og gerð skilamata. Einnig vinna verkefnastjórar framkvæmdadeildar að sameiginlegum umbótaverkefnum á sviði verkefnastjórnunar sem skilgreind eru nánar hverju sinni.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi verkefnastjóra.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Óskar Örn Jónsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar í síma 522-1000 (oskar.o.jonsson@vegagerdin.is).

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

***Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á www.vegagerdin.is***

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

## Leikskólastjóri óskast til starfa við leikskólann Barnabæ á Blönduósi

Blönduósbær auglýsir stöðu leikskólastjóra lausa til umsóknar. Stefnt er að því að ráða í stöðuna frá og með 1. júní næstkomandi eða eftir nánara samkomulagi.

Leitað er að faglegum leiðtoga með mikinn metnað sem leggur áherslu á velferð og framfarir barna í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra, er lausnamiðaður og hefur skýra framtíðarsýn um að viðhalda öflugu leikskólastarfi.

Leikskólinn er fimm deilda skóli með um 70 leikskólabörn frá 8 mánaða aldri. Einkunnarorð leikskólans er **leikurgleði-virðing.** Barnabær hefur unnið með þróunarverkefnið Málþroski og læsi - færni til framtíðar og innleiðir nú hugmyndafræðina um jákvæðan aga. Haustið 2021 munu starfsmenn leik- og grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu innleiða þróunarverkefnið Lærdómssamfélagið.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskóla
- Faglegur leiðtogi sem mótar framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu Blönduósbæjar, aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla
- Ber ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun
- Tekur þátt í samstarfi við aðila skólasamfélagsins

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf leikskólakennara, skv. núgildandi lögum, er skilyrði
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða.
- Kennslureynsla á leikskólastigi
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni, reynsla af stjórnun kostur
- Framúrskarandi samkiptahæfni og jákvætt viðmót
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og faglegur metnaður
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun kostur
- Almenn tölvukunnátta og góð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð, skv. lögum um leikskóla

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ (Félags stjórnenda leikskóla).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf sem tilgreinir m.a. ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Afrit af prófskírteini og leyfisbréfi skal fylgja umsókn. Umsækjendur af öllum kynjum eru hvattir til þess að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2021.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila á netfangið valdimar@blonduos.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



# LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

Leitum að starfsmanni í malbiksframleiðslu og eftirlit með búnaði

Vélvirkjanám, sambærilegt nám eða reynsla skilyrði

**umsóknir á alfred.is**

MALBIKSTÖÐIN

# Rafmagnaður bifvélavirki



**Við leitum að bifvélavirkja til að taka þátt í rafbílabyltingunni með okkur og öðlast sérþjálfun í viðgerðum rafmagnsbíla.**

### Menntunar-og hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Minnst 3 ára reynsla af almennum bílaviðgerðum
- Vandvirkni og áreiðanleiki
- Vilji til að þróast í starfi innan HEKLU

**Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk.** Nánari upplýsingar um starfið veitir Brynjar Páll Rúnarsson, bpr@hekla.is eða 825 5686.

Umsóknum skal skilað á **www.alfred.is/hekla** eða á ofangreint netfang.

Um 120 manns starfa hjá HEKLU sem er með umboð fyrir Audi, Volkswagen, Skoda og Mitsubishi.

Tækifæri fyrir öflugan aðila til að þróast í starfi enda leggur HEKLA áherslu á markvissa þjálfun og námskeiðahald samkvæmt stöðlum framleiðenda.

Öflug liðsheild, gott mötuneyti og afburðar starfsaðstaða einkennir fyrirtækið sem hefur undanfarin ár verið leiðandi í sölu og viðhaldi á umhverfisvænum bifreiðum.

www.hekla.is | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000


# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


DALVÍKURBYGGÐ

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR

## DALVÍKURBYGGÐ AUGLÝSIR TVÆR SPENNANDI STÖÐUR Á FRAMKVÆMDASVIÐI LAUSAR TIL UMSÓKNAR

**Vilt þú taka þátt í að byggja upp nýtt framkvæmdasvið hjá Dalvíkurbyggð með öflugu samstarfsfólki?**

Framkvæmdasvið er nýtt svið hjá Dalvíkurbyggð, sameinað úr Umhverfis- og tæknisviði og Veitu- og hafnasviði. Verkefni sviðsins eru; umhverfismál, umferðar- og samgöngumál, skipulags- og byggingarmál, bruna- og almannavarnir, vinnuskóli, hreinlætismál, landbúnaðarmál, Eignasjóður, Vatnsveita, Hitaveita, Fráveita og Hafnasjóður

### SVIÐSSTJÓRI FRAMKVÆMDASVIÐS.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á og hefur yfirumsjón með allri starfsemi sviðsins. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri en næstu undirmenn eru deildarstjóri eigna- og framkvæmdadeildar, slökkviliðsstjóri, byggingar- og skipulagsfulltrúi og starfsmenn hafna og veitna. Leitað er að tæknimenntuðum einstaklingi og rík áhersla er lögð á leiðtogahæfni, metnað fyrir starfseminni, jákvæðni og lausnamiðaða hugsun.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Stjórnun og daglegur rekstur framkvæmdasviðs.
- Umsjón með umhverfis- og tæknimálum og málefnum hafna og veitna.
- Yfirumsjón og ábyrgð með fjármálum og rekstri sviðsins, viðhaldi og nýframkvæmdum.
- Áætlanagerð og stefnumótun.
- Undirbúningur og eftirfylgni mála sem falla undir umhverfisráð og veitu- og hafnaráð.
- Góð yfirsýn yfir þjónustuþörf og starfsemi þeirra deilda og málaflokka er heyra undir sviðið.
- Þátttaka í yfirstjórn sveitarfélagsins.
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið hverju sinni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sambærilegt nám með víðtækri reynslu af verkefnum sem falla að starfinu.
- Framhaldsmenntun er kostur.
- Góð þekking á lögum og reglugerðum er varða verkefni sviðsins.
- Þekking og reynsla af stjórnun, verkefnastjórnun, verkstjórn og áætlunargerð.
- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Leiðtogahæfileikar.
- Góðir skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

### BYGGINGAR- OG SKIPULAGSFULLTRÚI.

Starf byggingarfulltrúa er lögbundið, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hlutverk hans er að veita starfinu faglega forystu og móta framtíðarstefnu innan ramma laga og reglugerða. Jafnframt að hafa eftirlit og eftirfylgni með að lögum um mannvirki nr. 160/2010, reglugerðum og öðrum lögum byggingarmála sé framfylgt. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu á sviði skipulagsmála.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á stefnumótun í málaflokki skipulags- og byggingarmála.
- Umsjón og eftirlit með mannvirkjagerð, skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga.
- Umsjón með landbúnaðarmálum, lóðum og lendum.
- Skráning í viðhaldsforrit sveitarfélagsins og umsjón með viðhaldsáætlunum fyrir eignir sveitarfélagsins í samstarfi við deildarstjóra EF-deildar og sviðsstjóra.
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið hverju sinni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Réttindi til að gegna stöðu byggingafulltrúa.
- Réttindi til að gegna stöðu skipulagsfulltrúa er kostur.
- Þekking og reynsla á sviði byggingarmála.
- Þekking og reynsla á sviði skipulagsmála kostur.
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum kostur.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingarreglugerðum.
- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og skipulagshæfileikar.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni.

Dalvíkurbyggð er blómlegt 1900 manna sveitafélag við Eyjafjörð með öflugu atvinnu- og menningarlífi. Umhverfið er öruggt og sérlega fjölskylduvænt með metnaðarfullum grunn- og leikskólum. Náttúrufegurð er mikil og aðstaða til íþróttaiðkunar og hvers kyns útivistar er framúrskarandi. Nánari upplýsingar má finna á www.dalvikurbyggd.is

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með **20. mars 2021.**
Sækja skal um á www.mognum.is.
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir; sigga@mognum.is

MÖGNUM

**Umsóknum skal fylgja** greinargóð náms- og starfsferilsskrá auk staðfest afrit af prófskírteinum. Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Auk þess að tilnefna skal a.m.k. tvo umsagnaraðila og er æskilegt að einn þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi starfi.




# Mannauðsráðgjafi velferðarsviðs Kópavogs

Kópavogsbær leitar að metnaðarfullum og reynslumiklum mannauðsráðgjafa. Mannauðsráðgjafi starfar á velferðarsviði en situr einnig í teymi mannauðsráðgjafa á miðlægri mannauðsdeild. Velferðarsvið skiptist í fjórar fagdeildir; þjónustudeild aldraðra, þjónustudeild fatlaðra, ráðgjafar- og íbúðadeild og barnavernd auk rekstrardeildar. Stöðugildi á velferðarsviði eru um 200 á 15 starfseiningum. Mannauðsráðgjafi heyrir undir sviðsstjóra en mun hafa náið samstarf við mannauðsdeild á stjórnsýslusviði.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ráðgjöf við stjórnendur á sviði mannauðsmála allt frá ráðningum til starfsloka.
- Framkvæmd mannauðsmála og stuðningur við stjórnendur, m.a. á sviði ráðninga, starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu og samskipta.
- Þátttaka í undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu starfsánægjukannana og umbótaverkefnum.
- Skýrslugerð um ýmsa mælikvarða er varða mannauðsmál.
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu mannauðstengdra verkefna í samvinnu við mannauðsdeild.
- Þátttaka í innleiðingu breytinga á starfsemi sviðsins og eftirfylgni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála.
- Að lágmarki þriggja ára reynsla af ráðgjöf í mannauðsmálum, s.s. ráðningum, fræðslumálum, uppbyggingu liðsheildar, starfsþróun og samskiptamálum.
- Reynsla af þátttöku við innleiðingu mannauðstengdra verkefna.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, skipulagshæfileikar og lausnamiðuð hugsun við lausn verkefna.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars n.k.**

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar undir auglýst störf.
Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Sigfússon sviðsstjóri velferðarsviðs, **adalsteinn@kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



# Sérfræðingur í áhættueftirliti og gagnagreiningu

**Akta** er öflugt fjármálafyrirtæki sem býður fjölbreytt úrval sjóða sem ávaxta fjármuni einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta.

**Akta leitar að einstaklingi í teymið til að starfa sem sérfræðingur í gagnagreiningu og áhættueftirliti. Um er að ræða tækifæri til að vaxa í starfi hjá fjármálafyrirtæki í fremstu röð. Starfið er fjölbreytt og felur í sér samvinnu við öll svið Akta.**

**Verkefni**

- Útreikningar í tengslum við áhættueftirlit
- Gagnagreining og skýrslugerð
- Uppfærsla á innri gögnum og skjölum
- Aðstoð í sjálfvirknivæðingu og tækniþróun
- Samvinna við stjórnendur og útvistunaraðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Þekking og reynsla**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Þekking á gagnagrunnum og forritun er kostur
- Frumkvæði, vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er unnt að senda póst á netfangið *umsokn@akta.is*.
Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.
Umsóknarfrestur til mánudags **8. mars 2021**.

Hugsa stórt. Akta strax. Allar umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@akta.is | akta.is

AKTA

**job**
Finnum draumastarfið **saman**



Erum við
að leita
**að þér?**

intellecta.is

RÁÐNINGAR




# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Litlahlíð. Gatnagerð og lagnir,** útboð nr. 15118.
- **Vesturbæjarskóli - endurbætur á lóð, seinni hluti,** útboð nr. 15129.

Nánari upplýsingar er að finna á
***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
**Sími 411 1111**
Netfang: utbod@reykjavik.is

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

# AUGLÝSING

## um tillögu að deiliskipulagi fyrir Stóru-Vatnsleysu í Sveitarfélaginu Vogum

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum þann 24.febrúar 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Stóru-Vatnsleysu skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagstillagan er innan séreignarlands jarðarinnar Stóru-Vatnsleysu og takmarkast við heimaland jarðarinnar ásamt þeim lóðum sem eru nú innan heimalandsins og hefur verið skipt út úr jörðinni. Deiliskipulagstillagan felur í sér gerð þriggja nýrra lóða innan jarðarinnar ásamt því að núverandi lóðum er markaður byggingarreitur og skilgreindir byggingarskilmálar fyrir þær.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum frá og með föstudeginum 5.mars 2021 til og með föstudeginum 16.apríl 2021. Tillagan er einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins Voga, https://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðan en **16.apríl 2021.**

*F.h. bæjarstjórnar*
*Atli Geir Júlíusson, skipulagsfulltrúi*

# ÚTBOÐ

**Yfirlagnir, fræsing og efniskaup á malbiki 2021-2022 í Kópavogi**

**Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í eftirfarandi:**

- Malbiksyfirlagnir
  *Áætlað magn á ári 20.000 m2*
- Fræsing á malbiki fyrir yfirlögn
  *Áætlað magn á ári 13.500 m2*
- Efniskaup á malbiki
  *Áætlað magn á ári 4.000 tonn*

Útboðsgögn verða afhent frá og með 9. mars. Beiðni um útboðsgögn skal senda á utbod@kopavogur.is þar sem tilgreint er fyrir hvaða útboð óskað er eftir gögnum, nafn tengiliðs, tölvupóstfang og heiti fyrirtækis.

Tilboðum skal skilað fyrir kl. 11:00, **15. apríl 2021** á utbod@kopavogur.is eða í lokuðu umslagi í Þjónustuver Kópavogs, Digranesvegi 1

Nánari upplýsingar á www.utbodsvefur.is

Kópavogsbær
kopavogur.is

# AUGLÝSING UM SVEINSPRÓF

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka næst:**

Í matvælagreinum **6.-10. júní.**
Umsóknarfrestur er til **15. apríl.**

Í byggingagreinum í **maí-sept.**
Umsóknarfrestur er til **15. apríl.**

Í prentgreinum í **sept/okt.**
Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í bílamálun og bifreiðasmíði í **maí/júní.**
Umsóknarfrestur er til **15. apríl.**

Í bifvélavirkjun í **september.**
Umsóknarfrestur er til **14. júní.**

Í hönnunar- og handverksgreinum í **maí/júní.** Umsóknarfrestur er til **15. apríl.**

Í snyrtifræði í **sept/okt.**
Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í vélvirkjun í **sept.**
Umsóknarfrestur er til **15. júní.**

Í hársnyrtiiðn í **sept/okt.**
Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í ljósmyndun í **sept/okt.**
Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í málmiðngreinum í **maí/júní.**
Umsóknarfrestur er til **15.apríl.**

**Dagsetningar prófa verða birtar á vef IÐUNNAR um leið og þær liggja fyrir.**

Með umsókn skal leggja fram: afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2021.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Kosið verður í stjórn fjölmennasta stéttarfélags landsins, VR, eftir helgina og var sitjandi formaður **Ragnar Þór Ingólfsson** skoraður á hólm af **Helgu Guðrúnu Jónasdóttur**. Formannsefnin sitja hér fyrir svörum um baráttumál sín.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ragnar Þór Ingólfsson

Ragnar Þór hefur verið formaður VR frá árinu 2017 en meðal baráttumála hans er átak gegn atvinnuleysi og þjóðarátak í húsnæðismálum.

**Fullt nafn:**
Ragnar Þór Ingólfsson
**Aldur:**
47 ára
**Atvinna:**
Formaður VR
**Menntun:**
Fjölbrautaskólinn Breiðholti og hef eytt síðastliðnum 14 árum í að stúdera lífeyrissjóðakerfið og vinnumarkaðinn
**Fjölskylduhagir:**
Giftur Guðbjörgu Ingunni Magnúsdóttur og samanlagt eigum við fimm börn og hundinn Bowie

**ÉG MUN TAKA MARKVISS SKREF Í AÐ KOMA ATVINNUREKENDUM ÚR STJÓRNUM LÍFEYRISSJÓÐANNA OG AÐ SJÓÐFÉLAGAR KJÓSI STJÓRNIR ÞEIRRA.**

*Hvert verður helsta baráttumál þitt á kjörtímabilinu?*

Staða félagsmanna VR sem misst hafa vinnu er erfið. Átak gegn atvinnuleysi með atvinnuframboðstryggingu og frekari aðgerðir til að bregðast við tekjufalli þeirra sem eru án atvinnu og ná ekki endum saman. Höldum áfram að ná niður vöxtum og lækka kostnað við að lifa. Barátta okkar hefur skilað ungu fólki betri möguleikum á húsnæðismarkaði, en nú stefnir í alvarlegan húsnæðisskort. Við þurfum þjóðarátak í húsnæðismálum.

Við megum ekki gleyma þeim sem ruddu brautina fyrir okkur og börðust fyrir þeim réttindum sem við teljum sjálfsögð í dag. VR tekur áfram slaginn með Gráa hernum, og kostar málsókn gegn ríkinu vegna skerðinga á ellilífeyri. Betri kjör fyrir alla hópa! Fyrir síðustu kjarasamninga komu um 3.600 félagsmenn að kröfugerð félagsins. Félagsmenn eiga alltaf fyrsta og síðasta orðið þegar kemur að kröfugerðinni og allir geta tekið þátt sem vilja hafa áhrif. Hvernig verður COVID-reikningnum skipt? Við verðum að tryggja að það verði gert með sanngjörnum hætti. Og að kreppunni verði dreift yfir lengri tíma til að koma í veg fyrir niðurskurð á grunnþjónustu eða sölu á verðmætum innviðum eða auðlindum almennings. Við þurfum að tryggja að ávinningi af sjálfvirknivæðingu og sparnaði fyrirtækja vegna fjarvinnu sé jafnt skipt. Ör tækniþróun og breytingar á vinnumarkaði þurfa að skila sér inn í kjarasamninga til að tryggja kjör, réttindi og hvíldartíma, vinnuaðstöðu og aðgang að nauðsynlegum búnaði.

*Að hversu miklu leyti á VR að hafa samflot við önnur verkalýðsfélög í kjaramálum?*

Samstaðan ætti að vera sem mest. Lykillinn að bættum lífskjörum allra er samtakamáttur heildarinnar. Þannig hefur það alltaf verið og þannig hafa stærstu sigrarnir og mikilvægustu réttindin áunnist. Þó getur það gerst að kröfur og áherslur félaganna séu of ólíkar þannig að landssamböndin semji hvert fyrir sig. Sagan hefur hins vegar sýnt að sameinuð hreyfing nær mun betri árangri en sundruð.

*VR er fjölmennasta verkalýðsfélagið og breiddin innan félagsins því mikil – eiga hópar innan félagsins samleið hver með öðrum?*

Ólíkir hópar hafa marga sameiginlega hagsmuni og sambærilegar skyldur, eins og að skila samfélaginu til afkomenda okkar á betri stað en við tókum við því. Réttindi sem við ávinnum okkur í dag verða réttindi barnanna okkar og afkomenda þeirra. Mál eins og orlof, vinnutímastytting , veikindaréttur, lífeyrir, sjúkratryggingar, húsnæði, lánakjör, menntun og traustir innviðir og grunnþjónusta eru sameiginleg hagsmunamál, á meðan launaliður getur sveiflast eftir vilja félagsmanna hverju sinni.

*Hvernig eiga tengsl og ítök félagsins gagnvart LIVE að vera?*

Sjóðfélagar lífeyrissjóða eiga að kjósa stjórnir þeirra. Þeir sem eiga lífeyrissjóðina eiga að ráða því hverjir stjórna þeim. Þannig væri hægt að veita mun meira aðhald og koma í veg fyrir árekstra ólíkra hagsmuna og meðvirkni gagnvart spillingu. Ég mun taka markviss skref í að koma atvinnurekendum úr stjórnum lífeyrissjóðanna og að sjóðfélagar kjósi stjórnir þeirra. Það hlýtur einnig að vera ákveðin mótsögn í starfi okkar innan verkalýðshreyfingarinnar að hámarka arðsemi fjárfestinga lífeyrissjóða í fyrirtækjum og hækka launin í leiðinni, þó þetta geti vissulega farið saman að einhverju leyti. Sjóðfélagalýðræðið hefur reynst vel hjá frjálsu sjóðunum.

*Er formannskosning í félaginu heppilegasta fyrirkomulagið – hefði kannski átt að taka upp listaframboðsfyrirkomulag?*

Ég tel að einstaklingskjör til formanns og stjórnar gefi bestu raunina. Þannig nást saman ólík sjónarmið sem eru líklegri til að endurspegla þá miklu breidd sem félagið býr yfir. Núverandi fyrirkomulag er aðgengilegra fyrir félagsmenn til að geta boðið sig fram, á sínum eigin forsendum, án þess að vera hluti af stærri hópi eða stefnu.



Traustur fyrirtækjarekstur og öflug nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á fyrirtaeki@arionbanki.is, við þjónustuver í síma 444 7000 eða í netspjalli á arionbanki.is.

## Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson



# Upplýsingaumsátrið



Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Ein stærsta áskorun manneskjunnar á tímum upplýsinga-ofgnóttarinnar er að gera eitt í einu.

Eitt í einu.

Ekki tvennt, þrennt eða allt í einu.

Heldur eitt. Bara eitt. Og geta það. Halda sig við það. Halda það út.

Og til þess að það megi takast – að gefa sér tíma í þetta eina og ekkert annað – þarf svo að segja ómælda einbeitni sem sannarlega er ekki sjálfgefin í þeirri samfélagsmiðlamóðu sem umlykur mannlífið nú á dögum.

Svo að segja allt í umhverfi okkar er til þess gert að ræna athygli okkar enda hefur áreitni og útsjónarsemi auglýsingaherdeildanna og þá ekki síður samskiptavefjavarganna aldrei verið ákafari og ofsafyllri en einmitt í því tröllum týnda núi sem allir vilja eiga með okkur.

Við erum umkringd upplýsingum og umfjöllunum af öllu tagi og eigum ekki lengur nokkra undankomuleið – og sjáumst æ oftar, samanhnipruð, í umsátri allra þessara tilkynningahríðskota sem ýmist er plaffað á okkur úr launsátri eða af berangri.

Altso, það er ekki lengur hægt að ganga fram hjá nærfatabúð án þess að vera minntur á það nokkru síðar að mann vanti nýjar brækur. Maður er vaktaður af himnum ofan. Allt sem maður gerir er gróðavon. Allt sem maður segir er söluvænt. Og það er óðara notað til að erta mann og ásækja.

Við erum hvergi hult.

Við erum í gíslingu orðabunuboðanna.

Og dagskipunin er aðeins ein. Það þarf að nást í okkur, alltaf og alls staðar. Ínáanleikinn er ofar öllu öðru.

> **SVO AÐ SEGJA ALLT Í UMHVERFI OKKAR ER TIL ÞESS GERT AÐ RÆNA ATHYGLI OKKAR.**

Þetta var ekki svona.

Að afloknum grautnum á kvöldin átti afi það stundum til að slökkva á útvarpinu inni í stofu, en þá hafði sú gamla tekið fram ullargarnið til að hnýta saman sokkaplöggin á okkur krakkana. Ekkert þótti honum værðarlegra en að hlusta á lágvært hljóðfall prjónanna í fimum fingrum frúarinnar, en hrynjandin sú arna var sérlega sefjandi, að hans eigin sögn. Þá sat hann svo eirinn og spakur í húsbóndastólnum sínum að ekkert fékk truflað tíma hans. Og þannig leið kvöldið. Í pískri prjónanna.

Eftir að amma dó, upp úr 1970, var haft á orði við karlinn hvort hann ætti ekki að fá sér sjónvarp í stofuna. Hann hélt nú ekki. Útvarpið nægði honum fyllilega. Það þyrfti heldur ekki að sýna honum það sem búið væri að segja honum.

Þar við sat.

Og enn man ég hann, ekkilinn sjálfan, í stólnum sínum, með hálflokuð augun á kvöldin eftir að útvarpsfréttunum lauk, að hlusta eftir hljóðlátum smellum prjónanna, fyllilega sáttum manninum, að gera það eitt, ekkert annað.

Ekki eru liðin mörg misseri frá því að góðvinur minn sagði mér frá því að núorðið reyndu þau hjónin að fara alein út að borða. Ég hváði auðvitað í fyrstu, alein? Jú, sko, útskýrði hann fyrir mér af yfirvegun, þau tækju ekki lengur símana með þegar þau færu á fínni veitingastaði. Þá vildu þau nefnilega eiga stundina fyrir sig. Og staðinn sömuleiðis. Þau töluðu heldur ekki mikið saman, ef út í það væri farið, en það hefði komið svolítið til af sjálfu sér, ekkert stækkaði svona stundir meira en að vera á staðnum. Altso, vera til staðar, fara ekki um leið og maður kæmi, flýja ekki samveruna, heldur meðtaka umhverfið, kliðinn og stemninguna, væntumþykjuna í loftinu, upplifa andrúmið, anda að sér velsælunni, afslöppuðum hugblænum. Svo smakkaðist maturinn betur fyrir vikið.

Athyglisránið um hábjartan daginn er að verða okkur eðlislægt. Við tökum ekki eftir því. Ekki lengur.

Öðru hverju átta ég mig á því framan við sjónvarpið heima í stofu að ég er allt í senn að horfa á kvöldfréttir, klára matinn minn, skoða skilaboð og ráðleggja dóttur minni um heimanám, en það sem raunverulega er að leita á huga minn er hvort fréttaþulurinn sé ekki örugglega sonur gamals fótboltafélaga míns.

Ég er með öðrum orðum að næra óróleikann.

Ósjálfrátt, glórulaust – og án þess auðvitað að vita af því.

Auglýsingafrekjan er orðin hömlulaus. Það er ekki lengur hægt að njóta nokkurs í þeim afkimum upplýsingaveitnanna sem eru manni kærastir nema ósköpunum öllum af óþolandi gylliboðum sé þröngvað upp á mann með þeim fleðulegustu tilþrifum sem leikarastéttin á í fórum sínum. Maður er kannski í sárasakleysi sínu að hlusta á Finlandiu eftir Sibelius þegar kröftug hljómkviðan er skyndilega stöðvuð út af öskrandi og ómerkilegu þvottaefnistilboði.

Og þetta versnar. Og þetta mun versna. Á Youtube og svo miklu víðar.

Stafræn markaðssetning flæðir um öll gólf. Bestun herferða og endurgjöf, eins og það heitir, ómar um öll hús. Eftir því sem auglýsingahönnuðirnir vita meira um hverja manneskju er hún auðveldari viðfangs. Þess vegna þarf að lesa í hegðun hennar alla daga og bera sig eftir löngunum hennar og þrám, færa það samviskulega til bókar og bjóða til sölu.

Við höfum gefið okkur leitarvélunum á vald, sjálfviljug að mestu, enda er enginn tími til að lesa lengur smáa letur lífsins. Og þær eru svangar, vélarnar atarna, sísvangar – og við erum fóðrið. Fáum ekkert við það ráðið lengur – og stendur kannski á sama, enda erum við búin að gefa erlendum efnisrisum á borð við Google og Facebook leyfi til að grandskoða allt okkar háttalag. Og því er það þannig – og verður svo í æ ríkari mæli – að í hvert sinn sem við leiðum augun að ákveðnum varningi umfram aðra verslunarvöru þá er við því að búast að álíka glingri verði gaukað að okkur, í síendurteknu og óforskömmuðu offorsi eins og alheimskur auglýsingaiðnaðurinn er hvað kunnastur fyrir í seinni tíð – og skammast sín ekki fyrir það.

Ég fer daglega í sund. Í heitu böðin og gufuna. Þar finnst mér ég vera hólpinn, alveg út af fyrir mig, ónáanlegur, utan alls þjónustusvæðis. Enginn sími sjáanlegur og því síður tölva eða tökuvél. Bara berir karlarnir í kringum mig, í friði fyrir umheiminum – og kasta í eins og eina krassandi sögu á milli þess sem svitinn sprettur fram.

Eða þeir þegja bara. Góna fram fyrir sig. Gera það eitt. Tómir í framan.

Og það er nú lífið, maður.




AMSTERDAM
dream × create
van Gogh
REMBRANDT
Liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

**Verkfæralagerinn**

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Litaráðgjöf í dag

Maja Ben veitir litaráðgjöf laugardag **kl. 12-16** í Skútuvogi

LADY málning JOTUN

**20%** afsláttur

Græn vara

---

**25%**

**damixa**

**Eldhúsblöndunartæki**

Silhouet, svart. 8000048

**31.490 kr**

~~41.990 kr~~

---

**20%**

**damixa**

**Sturtusett**

Hitastillt með ömmustöng með 200 mm höfuðsturtu, skiptir ásamt handsturtubarka. 8000582

**49.990 kr**

~~62.675 kr~~

---

**20%**

**AEG**

**Ryksuga**

750/650W, 5 m snúra, ryksuguhaus fyrir parket og mottur. 1870001

**13.590 kr**

~~16.990 kr~~

---

**20%**

**Nilfisk**

**Háþrýstidæla**

125 bör, 1.4kW, 438 ltr./312 ltr./klst., Click & Clean kerfi. 5254250

**17.995 kr**

~~22.495 kr~~

---

**27%**

NEO

**Topplyklasett**

126 stk., 1/4" og 1/2", troppar 4-32 mm, skrall 72T. 5052576

**18.995 kr**

~~25.995 kr~~

---

**20%**

**HiKOKI**

**Borvél 18V + 100 fylgihlutir**

2 stk., 2,5Ah, Li-ion rafhlöður, 2ja gíra, hersla 52Nm, 22 átakstillingar, Led ljós. 5247085

**39.995 kr**

~~49.978 kr~~

---

**26%**

BLACK+DECKER

**Borvél 18V + 80 fylgihlutir**

2 stk. 18V(1.5AH) LI-ion rafhlöður, Led ljós. 5245558

**19.995 kr**

~~26.995 kr~~

---

OUTBACK

**Gasgrill**

Magnum Outback, 3 brennarar með hliðarhellu, hitamælir í loki. 3000227

**79.990 kr**

~~89.990 kr~~

---

BerlingerHaus

**30%**

**Pottasett** ROSEWOOD

10 stk. 2002935

**18.476 kr**

~~26.395 kr~~

---

**30%**

BerlingerHaus

**Air Fryer**

Airfyer 2,6 lítrar. 1350 W. 1860240

**15.330 kr**

~~21.900 kr~~

---

75"

20 stk. í boði

**SAMSUNG** Kynningarverð

**Snjallsjónvarp** UHD 4K Tizen

Vandað 75 tommu, 4K UHD sjónvarp með Crystal Display skjá, upplausn 3840x2160. 1860810

**199.990 kr**

~~229.990 kr~~

---

Frábært **verð**

**AEG**

**AEG þvottavél 8 kg, 1400 sn.**

Kolalaus mótor, vigtar þyngd þvottar. 1860502

**89.990 kr**

~~94.990 kr~~

---

**26%**

**Orkidea**

12 cm pottur. 11325000

**1.990 kr**

~~2.690 kr~~

---

**20%**

**Sómakólfur**

12 cm pottur. 11328264

**2.790 kr**

~~3.490 kr~~

---

**23%**

**Indíána-fjöður**

11261877

**2.290 kr**

~~2.990 kr~~

---

**25%**

**Ástareldur**

10323787

**1.490 kr**

~~1.990 kr~~

---

**22%**

**Sítrónu-fíkjutré**

15 cm pottur. 11400094

**4.490 kr**

~~5.790 kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verð misjafnt milli verslana.


blómaval
HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG
Fallegra heimili
Nýtt blað
er komið út
husa.is
Parket og flísar
25%
afsláttur



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Bjarnadóttir**
Sléttuvegi 19,

lést 28. febrúar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. mars kl. 15. Allir eru velkomnir eins og húsrúm leyfir en gestir eru beðnir að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu og símanúmer. Útförinni er streymt á slóðinni: youtu.be/FkkHVxVRASo

**Guðrún Guðmundsdóttir** **Grétar J. Unnsteinsson**
**Þorsteinn Guðmundsson** **Helga Gylfadóttir**
**Erna Guðmundsdóttir** **Kristján Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Óskar Karl Þórhallsson**
(Óskar á Arney)
Garðatorgi 4c, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold, miðvikudaginn 3. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 12. mars kl. 11.00. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á facebook.com/groups/oskarkarl
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hollvinasamtök Húsavíkurkirkju. Banki 0133-15-602, kt. 640169-5919.

**Agnes Árnadóttir**
**Lárus Óskarsson** **Edda Þórðardóttir**
**Hrefna Björg Óskarsdóttir**
**Þórhallur Óskarsson** **Elín Þórhallsdóttir**
**Karl Einar Óskarsson** **Anna Pálína Árnadóttir**
**Kristinn Óskarsson** **Steinþóra Eir Hjaltadóttir**
**og fjölskyldur.**


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


# Keypti mér strax plötur með stórum meisturum

**Símon Helgi Ívarsson gítarleikari á merkisafmæli um þessar mundir og hyggst verða að heiman þann dag. Hann lærði á gítar vegna áhrifa frá Bítlunum. Semur stundum lög í flamencostíl enda er hann í fjölskyldubandi sem sérhæfir sig í slíkri tónlist.**

Símon Helgi Ívarsson var meðal fyrstu Íslendinga til að ljúka framhaldsnámi erlendis sem einleikari á gítar, ef ekki sá fyrsti. Hann vill ekkert fullyrða. „Ég lærði í Vínarborg, í Hochschule für Musik und darstellende Kunst. Flestir hugsuðu til Spánar en á þeim tíma var aðferð skólanna þar svo ströng að fólk þurfti að byrja alveg frá byrjun. Það fannst mér ekki aðlaðandi. Inntökuskilyrðin voru ekki jafn ströng í Vín, þó þar sé gömul hefð fyrir gítarleik. Ítalir komu þangað mikið, það var ekki hægt að lifa af tónlist á þessu sviði á Ítalíu þannig að menningarborgir eins og Vín og París löðuðu að sér gítarleikara sunnan frá.“

Þó að gömlu meistararnir hafi verið þekktari fyrir annað en gítarleik segir Símon Schubert hafa átt gítar. „Það er talið að Schubert hafi samið mörg laga sinna með gítar í hönd. Hafi oft farið út í Vínarskóga og samið þar og þá var handhægt að taka gítarinn með. Sá er til sýnis í Schubertsafninu í Vín.“

> **Maður lenti í alls konar störfum eins og fiskvinnu og vera handlangari hjá múrara. En þannig lærði maður að vinna svo það voru kostir við það.**

Símon kveðst hafa laðast að gítarnum sem sínu hljóðfæri. „Gítarinn var til á heimilinu, móðir mín hafði eitthvað spilað sér til gamans. Síðan voru það áhrif frá Bítlunum og því popp-tímabili sem var þá í gangi sem fengu mig til að byrja að spila hljóma eftir einhverjum bókum og slá grip í Bítlalögum,“ lýsir Símon. Hann kveðst aldrei hafa farið í hljómsveitarbransa. „Hins vegar hafði ég upp á gítarkennaranum Gunnari H. Jónssyni sem kenndi við Tónskóla Sigursveins. Það var mikill fengur að hitta hann. Þó hann hafi ekki lært erlendis þá hafði hann sterka sýn á hvað var að gerast í heiminum og hafði lag á að vekja áhuga minn fyrir að leita út fyrir landsteinana. Ég fór strax að kaupa mér plötur með stórum meisturum eins og John Williams og Zegovia.“

Spurður hvort hann hafi ekki þurft að fara varlega með puttana á sér sem ungur maður hlær Símon. „Það var nú ekki alltaf í boði því maður lenti í alls konar störfum eins og fiskvinnu og vera handlangari hjá múrara. En þannig lærði maður að vinna svo það voru kostir við það.“

Hvernig skyldi svo hafa gengið fyrir klassískan gítarleikara að fá vinnu eftir námið? „Eftir einleikaraprófið í Vín 1980 fór ég fyrst til Sviss og fékk ágæta kennarastöðu í Luzern bæði við tónlistarskóla og framhaldsskóla. En það kallaði á mig að koma heim og ég fékk strax stöðu í Tónskóla Sigursveins. Það var mikið sótt í gítarnám og Tónskóli Sigursveins var staðurinn sem flestir leituðu til. Þar var gróska og á þeim tíma aðalvettvangur fyrir gítarnemendur. Síðan hef ég kennt þar og líka við Listaskóla Mosfellsbæjar. Hef haft nóg að gera í tónlistinni, stjórna Kammerkór Mosfellsbæjar og er með hálfgerða fjölskylduhljómsveit sem nefnist Fantasía flamenca sem var með tónleika í Hörpu nýlega. Hef samið svolítið í flamencostíl þegar andinn hefur komið yfir mig og líka verið að útsetja þannig að mig vantar ekki verkefni.“

**gun@frettabladid.is**



**Símon Helgi laðaðist ungur að gítarnum hennar móður sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



✝

Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þorbjörg Pálsdóttir**
(Bobba)
Bakkastöðum 73, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. mars klukkan 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á hjartadeild Landspítalans.

**Kristjana Líndal** **Sigurður W. Egilsson**
**Páll Líndal**
**Ingdís Líndal** **Hallur Illugason**
**Unnsteinn Líndal** **Steinunn A. Guðmundsdóttir**
**Ævar Líndal**
**og ömmubörnin stór og smá.**



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Hulda Ágústsdóttir**
Asparskógum 22, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, mánudaginn 1. mars sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 11. mars kl. 13. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir athöfnina. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju. www.akraneskirkja.is

**Sigurbjörg Jóhannsdóttir** **Ómar Traustason**
**Kristjana Jóna Jóhannsdóttir**
**Sigurður Jóhannsson**
**Árni Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# Farin að horfa fram á við

**Aðalheiður Borgþórsdóttir, fulltrúi sveitarstjóra Múlaþings á Seyðisfirði, segir hreinsun og uppbyggingu eftir hamfarirnar í desember ganga vel þó mikið sé eftir.**

Hér er búið að stofna verkefnastjórn sem mun vinna að endurreisn í atvinnulífinu og stofnaður verður faghópur sem mun fjalla um færslu á húsum og uppbyggingu bæjarins. Sömuleiðis verður hafist handa í vor við byggingu átján til tuttugu íbúða, þannig að við erum farin að horfa fram á við,“ segir Aðalheiður Borgþórsdóttir þegar hún er innt frétta frá Seyðisfirði. Hún fer lofsamlegum orðum um vöktun Veðurstofunnar á svæðinu og hrósar einnig því ötula liði sem vinnur að hreinsun og uppsetningu varnargarða.

„Það eru risastór björg sem verið er að hreinsa burt hér beint fyrir utan gluggana hjá mér,“ segir hún og upplýsir að hús fjölskyldunnar, Múli, sé á hamfarasvæðinu en hafi sloppið með undraverðum hætti. Eiginmaðurinn og tveir synir hafi verið heima þegar skriðan féll. „Það er eins og veggur hér fyrir ofan okkur og þar sveigði skriðan frá. Húsið var byggt 1886 á öðrum stað og þar fór skriðan yfir en það var flutt á þennan grunn árið 1907. Hér eru stór og mikil grenitré í garðinum, sett niður um miðja síðustu öld, þau stóðu þetta af sér.“

Aðalheiður og fjölskylda bjuggu ekki í húsinu í nokkrar vikur eftir að skriðan féll en fluttu heim í byrjun febrúar. Hún segir ekki um fólksflótta að ræða frá staðnum heldur veit hún um ungt fólk sem er að koma þangað til starfa.

gun@frettabladid.is


Aðalheiður segir almennt engan bilbug á Seyðfirðingum. MYND/AÐSEND

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sólveig Alda Pétursdóttir**

áður Teistunesi 1, Garðabæ,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði
miðvikudaginn 25. febrúar.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju,
Garðabæ, miðvikudaginn 10. mars klukkan 13.
Ættingjar og vinir eru velkomnir í athöfnina.
Hlekk á streymi verður hægt að nálgast á
beint.is/streymi/alda. Sérstakar þakkir fær starfsfólk
Báruhrauns á Hrafnistu Hafnarfirði fyrir einstaka
aðhlynningu og alúð í hennar garð.

**Ómar Kristjánsson** **Hjördís Ingvadóttir**
**Halldór Benedikt Kristjánsson** **Auðbjörg Erlingsdóttir**
**Kjartan Bragi Kristjánsson** **Hulda Fanný Hafsteinsdóttir**
**Kristján Vignir Kristjánsson** **Christel Johansen**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Heittelskuð móðir okkar,

**Unnur Ágústsdóttir**

andaðist 26. febrúar í faðmi dætra
sinnar. Hún verður jarðsungin frá
Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn
11. mars kl. 15.00. Vegna aðstæðna verða
aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.
Streymt verður frá athöfninni á slóðinni
youtu.be/lbqCGLLkWYE
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
Unnar er bent á vökudeild Barnaspítala Hringsins,
reikningur 513-26-22241, kt. 640394-4479.

**Katrín Pálsdóttir** **Gunnar Þorvaldsson**
**Lára Pálsdóttir** **Sveinn Kjartansson**
**Ingibjörg Pálsdóttir** **Gunnar Hermannsson**
**Guðrún Pálsdóttir** **Þórir Baldursson**
**Unnur Pálsdóttir** **Sigfús Bjarni Sigfússon**
**og afkomendur.**

---



Innilegustu þakkir til allra sem sýndu
okkur hlýhug og stuðning vegna
andláts og útfarar elskulegrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Þ. G. Jónsdóttur**

(Löllu)
Njálsgötu 1,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks hjúkrunarheimilisins
Sóltúns fyrir einstaka alúð og hlýhug í hennar garð.

**Ingibjörg Þóra Marteinsdóttir** **Hilmar Teitsson**
**Kristinn Óskar Marteinsson** **Þóra Stefánsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Elskuleg systir okkar,
mágkona og frænka,

**Guðrún Jóhannesdóttir**

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi, miðvikudaginn 24. febrúar.
Útförin fer fram frá Seljakirkju,
föstudaginn 19. mars, kl. 13.00.

**Sveinn Jóhannesson** **Þorbjörg Valdimarsdóttir**
**Auður Fanney Jóhannesdóttir**
**Marteinn Valdimarsson**
**systkinabörn og fjölskyldur**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Magnús Friðrik Þórðarson**

Jökulgrunni 4,
Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands,
Akranesi, mánudaginn 22. febrúar.
Útförin hefur farið fram með hans nánustu.

**Sævar Már Magnússon** **Íris Björk Sigurjónsdóttir**
**Ester Kristín Magnúsdóttir** **Guðmundur Böðvarsson**
**Helga Lind G. Magnúsdóttir** **Hrólfur Árni Borgarsson**
**Ríkey Björk G. Magnúsdóttir** **Ingimundur Pétur Guðnason**
**afabörn og langafabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .

---



Elskulegur sonur okkar,
bróðir og frændi,

**Jóhannes Hafberg Jónsson**

Kirkjugerði 11, Vogum,

varð bráðkvaddur á heimili sínu
miðvikudaginn 17. febrúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Svandís Magnúsdóttir** **Lárus Kristinn Lárusson**
**Sigurður Bergsteinn Lárusson** **Erla Ösp Ísaksdóttir**
**Katrín Lára Lárusdóttir** **Hannes Smárason**
**og frændsystkini.**

---



**Ómar Þór Helgason**

bifreiðastjóri,
Heiðmörk 26h,
Hveragerði,

er látinn. Útför hans fer fram í
Fossvogskirkju þann 8. mars kl. 13.00.

**Klara Guðmundsdóttir**
**Sóley Ómarsdóttir** **Mark Hartmann**
**og aðrir ættingjar og vinir Ómars.**

---



Ástkær eiginmaður minn og faðir,

**Pétur Þórir Hugus**

Dúfnahólum 2,
Reykjavík,

lést á líknardeildinni
í Kópavogi 24. febrúar.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
miðvikudaginn 10. mars kl. 13.00.
Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.
Útförinni verður streymt á: www.sonik.s/petur

**Kristín Ó. Sigurðardóttir**
**Davíð Örn Hugus**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Erna Sigurbaldursdóttir**

frá Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund,
laugardaginn 27. febrúar.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju,
föstudaginn 12. mars kl. 13.

**Hólmfríður S. Sigurðardóttir** **Ragnar Stefánsson**
**Pétur Örn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ástbjörg Stefanía Gunnarsdóttir**

íþróttakennari,
Brúnavegi 9, 104 Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum miðvikudaginn 3. mars 2021.
Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Jóhannsdóttir** **Hálfdán Helgason**
**Ingi Gunnar Jóhannsson** **Kristín G. Hákonardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri faðir,
tengdafaðir, afi og sonur,

**Garðar Jónsson**

öryggisstjóri Icelandair,
Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands,
Akranesi, mánudaginn 1. mars. Útför hans
fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 12. mars kl. 13.
Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu óskum við eftir að þeir
sem vilja koma sendi tölvupóst á liljabjarklind@icloud.is

**Jón Gunnar Garðarsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Hafþór Ingi Garðarsson** **Melika Sule**
**Lilja Bjarklind Garðarsdóttir** **Oliver Darri Bergmann**
**Stefán Kaprasíus Garðarsson**
**barnabörn**
**Alma Garðarsdóttir**

---



Útför dóttur minnar, systur okkar,
mágkonu og frænku,

**Hildar Steingrímsdóttur**

lyfjafræðings,

fer fram frá Dómkirkjunni
þriðjudaginn 9. mars kl. 15.

**Ingibjörg Pála Jónsdóttir**
**Einar Steingrímsson** **Eva Hauksdóttir**
**Þóra Steingrímsdóttir** **Haukur Hjaltason**
**systkinabörnin Ragnhildur, Elín Hildur, Steinunn,**
**Freyr, Halla og makar.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**FAGRADALSFJALL**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist nafn íþróttamanns (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „6. mars“.




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Bálviðri eftir Kiran Millwood Hargrave** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Birna Laufdal, Akureyri.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Ránarrall verður utan landsins ystu marka (9)
**11** Að þessum frumbyggja föllnum viljum við auðsveipa yfirmenn (12)
**12** Hans hátign, krónprins Amagras fyrsti (9)
**13** Það er leitun að almennilegum mat í þessum snarlhrúgum (10)
**14** Leita að atkvæðum í því sem ég á inni (9)
**15** Segja Nóa karl í krapinu og sjóara góðan (7)
**17** Krabbinn var nappaður með ákveðinn lim í miðjunni, sem hann notar við fæðuöflun (10)
**21** Grafa upp hluta framleiðslu sinnar (6)
**22** Taldar leita ráðs en síður rænu (7)
**25** Byssustæði freigáta draga að sér draugana (10)
**27** Ísraelskóngur samdi þá meðal annars um guð (5)
**30** Óhreinkum auð með aldinum (7)
**31** Leita rits um örlög örkumla ýsu (8)
**32** Aðeins flón taka sundabát til eyja (5)
**33** Nanna vill ekki þennan kofa (5)
**34** Aríel virðir ekki skilin milli Atlants- og Kyrrahafs (8)
**36** Aflátsbyrði, afdreps fjöl/ætíð vindi forðar (7)
**37** Fúl, því við losnuðum einhvern veginn við verstu dilluna en ekki fýluna (7)
**41** Húsin verða troðin áður en þeir verða almennilega klárir í slaginn (9)
**44** Tiltekin grip duga á tiltekna gripi (8)
**47** Sé eldstó hjarta heimilisins verður hún miðpunktur þess (8)
**48** Fjarlægjum súrefni úr silfurnítrati og fáum flugu (3)
**49** Sjáum síst eftir suðu í óvissutíð (9)
**51** Jökulgrimmt fé og hvítleitt til að sjá (7)
**52** Hér er hólmi Hjörleifs húskarls og hans bana (9)
**53** Hér ganga börn í bæ þegar pysjan er klár (6)
**54** Syngur í ofnum sveit með söng á vörum/aldrei fórnar yndistónum/útaf þessum fáu krónum (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Staðfesting á heiti: Hleðsla (7)
**2** Stappa af fólki þekkti söguna af hinum jarðnesku leifum (7)
**3** Velta því sem þau láta hér um bil (7)
**4** Hann mun óður og tættur, en við þvældumst bara um (7)
**5** Illa æst út af spili þriggja riddara (9)
**6** Gott að snæða ef geymir skræða/greinar kyns og rætur (6)
**7** Hún hefur elt Brand um Skotland, England og Wales (8)
**8** Vélar vitrunar benda til blekkingar (8)
**9** Grétu í gaddfreðnu rými (7)
**10** Runnum til og frá með öllum sem við greiddum bónus (9)
**16** Finn vott af drottningu eftir viðkomu hennar (9)
**18** Hún uppsker toppeinkunn fyrir að réttlæta ölvun sína (7)
**19** E-ð um telpu flækta í norðlenskum fetlum (7)
**20** Gefur býli, meira að segja myndarbýli, af örlæti sínu (9)
**23** Kæmist örugglega heim að því gefnu ég rúnni þetta af (7)
**24** Öðru sinni inn um port/æði bakvið -gafl (9)
**26** Held'ann blási úr öllum áttum nema vestri segir ein sem er að hnusa í allar áttir (7)
**27** Fínleg flytja þau kost og löst tapas og tartaletta fyrir dómi (8)
**28** Þar sem er gas, þar er þróttur (8)
**29** Þessi er ákveðinn í að verða rekinn (8)
**34** Þá tók þessi stjarna að rækta blóm á Borgundarhólmi (8)
**35** Illa lyktandi espa þau til neyslu drúta (8)
**38** Hér er ein forn og eilítið tætt markísa frá Damaskus (7)
**39** Nugga setur, enda ekki fæddur í gær heldur fyrradag (7)
**40** Gruggug móðan gefur lax og gott rím við hann strax (7)
**42** Gerum gott úr þessu með sextán bitum eða fleiri (5)
**43** Gleyma seint þeim sem dó við malargryfjuna (6)
**45** Höfum það huggulegt með Álaborgurum (6)
**46** Biðjum guðina að finna þennan ringlaða, útlenska fugl (6)
**50** Slátra milli slóða (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Símon Þórhallsson (2.222) átti leik gegn Helga Áss Grétarssyni á Brim-mótinu um síðustu helgi.

**54. Hg6+! 1-0.** Íslandsbikarinn hefst í dag. Átta sterkustu skákmenn landsins tefla útsláttarkeppni um laust sæti á heimsbikarmótinu í skák. Beinar útsendingar og lýsing á netinu. Skákþing Kópavogs klárast í dag.

**www.skak.is:** Íslandsbikarinn

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## MÓT FRAM UNDAN

Jafet Ólafsson, forseti Bridgesambands Íslands, sat nýverið „zoom“ fund (net í tölvunni) með forráðamönnum bridgesamtaka á Norðurlöndunum þar sem ákveðið var að fresta Norðurlandamótinu, sem átti að vera í Finnlandi í vor. Mótinu er frestað um eitt ár og verður í maí 2022. Danir ætla að bjóða upp á landsliðskeppni á Real Bridge sem þeir kalla „Corona Nordic Bridge championship“ og verður 29.-30. maí. Nánar verður fjallað um það síðar. Ákvörðun um hvort Evrópumótið í bridge verður haldið á portúgölsku eyjunni Madeira um miðjan júní í sumar, hefur ekki verið tekin. Þó gæti það verið. Aðallega vegna þess að Bretland hefur verið með töluverðar tilslakanir vegna sóttarinnar í bridge. Ákvörðun um EM verður tekin á fundi 31. mars. Vegna COVID-19 faraldursins hefur lítil spilamennska verið viðhöfð í spilaklúbbum landsins. Þó hefur athyglisverð tvímenningskeppni verið haldin í spilasölum hjá Bridgefélagi Hafnarfjarðar. Hún eru fjögurra kvölda keppni og telja þrjú bestu kvöldin til verðlauna. Fyrsta kvöldið unnu Magnús Sverrisson og Halldór Þorvaldsson en Skúli Skúlason og Bergur Reynisson voru hlutskarpastir á öðru kvöldinu. Hins vegar eru Helgi Sigurðsson og Gísli Steingrímsson langefstir í samanlögðu, eru með 115,87% á tveimur samanlögðum kvöldum, en næsta par er með 109,79%. Á síðasta spilakvöldi (1. mars) kom athyglisvert spil fyrir. Norður var með óvenjulega sterka hönd og 13 slagir í boði þegar styrkur suðurhandarinnar bættist við. Þetta var fyrsta spil kvöldsins, norður gjafari og enginn á hættu.

**Norður**
♠ ÁK8
♥ ÁKD106
♦ Á1082
♣ Á

**Vestur**
♠ 10654
♥ 874
♦ G5
♣ 10832

**Austur**
♠ DG9732
♥ G93
♦ 74
♣ G6

**Suður**
♠ -
♥ 52
♦ KD963
♣ KD9754

Ekkert par náði þó alslemmunni, hvorki í tígli eða grandi. Fjögur borð (af 10) voru einungis í hjartageimi. Þrjú pör spiluðu hálfslemmu í hjarta en þeir sem spiluðu 6 grönd með 13 slögum fengu 17-1 skor. Að spila sex hjörtu með 13 slögum gaf meðalskor (9-9).

# H&H

**HEIMILI & HUGMYNDIR**

T Í M A L A U S  F E G U R Ð










ÁRMÚLI 26, 108 REYKJAVÍK, 108 REYKJAVÍK, S: 5784400

HEIMILIOGHUGMYNDIR@GMAIL.COM, HEIMILIOGHUGMYNDIR.IS

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 444



„Þetta er nú skrýtin mynd,“ sagði Konráð. „Ekki hélt ég að svín gætu synt.“ Lísaloppa virti fyrir sér myndina íbyggin. „En kannski er þetta ekki mynd af svíni,“ sagði hún loks. „Ekki mynd af svíni?“ Konráð var forviða. „Auðvitað er þetta mynd af svíni, sérðu það ekki?“ „Þetta gæti verið felumynd,“ sagði Lísaloppa. „Kannski á maður að geta séð út úr myndinni eitthvert annað dýr sem getur synt.“ Konráð rýndi í myndina. „Já, þú meinar það,“ hann grandskoðaði myndina.

Getur þú séð út úr myndinni eitthvert annað dýr en svín?

Hvaða dýr skyldi það nú vera?



## Vísan



## Kisubörnin

Kisubörnin kúrðu ein
köld og hrædd í snjónum,
ekkert ból né björg var nein,
bylurinn þaut í naktri grein.
Þeim var svo ósköp, skelfing
kalt á klónum.

Blessuð kisubörnin smá
björguðust úr snjónum.
Ég er mamma og ykkur á,
ef aldrei mér þið hlaupið frá.
Þá verður ykkur aldrei kalt á
klónum.

*Úr bókinni Kisubörnin kátu*
*þýð. Guðjón Guðjónsson*

## Dýrið

## Köttur

Þó kettir teljist til lítilla rándýra eru margir þeirra mjög vinsæl gæludýr – þá eru þeir oft kallaðir kisi eða kisa, eftir því um hvort kynið er að ræða. Kvendýr kattarins nefnist læða og karldýrið fress eða högni. Þegar læðan verður kettlingafull gengur hún með í rúma tvo mánuði og eignast yfirleitt þrjá til fimm kettlinga.

Til eru nokkrar tegundir heimiliskatta, til dæmis síamskettir og norskir skógarkettir. Ein tegund katta er hárlaus, hún kallast Sphynx-köttur.

Kettir verða venjulega fjögur til fimm kíló að þyngd. Til eru tegundir katta sem verða mjög stórar. Ein sú stærsta heitir Maine Coon sem getur orðið ellefu kíló að þyngd. Árið 2010 var köttur af þeirri tegund talinn stærsti köttur í heimi af Guinness, sá var einn metri og tuttugu og þrír sentímetrar að lengd, að skottinu meðtöldu. Maine Coon kettir geta vaxið þar til þeir verða fjögurra ára.

Af því kettir eru rándýr þá er heyrn þeirra yfirleitt mjög góð. Það er til að þeir geti heyrt í músum og öðrum dýrum sem þeir vilja veiða. Svo eru þeir með mun betra lyktarskyn en við mannfólkið. Þeir sjá auk þess mjög vel í myrkri en þeir sjá ekki liti eins vel og við.

Kettir geta lifað lengi en oft verða þeir tíu til fimmtán ára gamlir.






Körfubolti er eitt af áhugamálunum hjá Degi Hafnfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Brá í fyrstu skjálftunum

Dagur Hafnfjörð Óskarsson er níu ára gamall Hafnfirðingur. Hann svaraði ljúflega nokkrum spurningum.

> VIÐ PABBI FÖRUM OFT Í HANDBOLTA, AÐ SENDA Á MILLI OG SVOLEIÐIS.

**Hefur þú fundið fyrir jarðskjálftunum síðustu daga?** Já, mörgum.

**Hvernig hefur þér liðið þegar þeir hafa gengið yfir?** Mér brá í fyrstu skjálftunum en núna er ég búinn að venjast þeim.

**En í hvaða skóla ertu og hver er uppáhalds námsgreinin þín þar?** Ég er í Engidalsskóla í Hafnarfirði og heimilisfræðin er í mestu uppáhaldi af því mér finnst svo gaman að baka.

**Hefur þú einhvern tíma siglt á bát eða stóru skipi?** Já, ég fór til Vestmannaeyja og fór þá í Herjólfi. Það var gaman en svolítið mikið af öldum. Svo sigldi ég líka í minni bát einu sinni á sjómannadeginum.

**Hver er besti leikfélaginn þinn?** Þeir eru tveir, Tandri frændi minn og pabbi.

**Hvernig leikið þið ykkur oftast?** Ég fer í sund og í körfubolta með Tandra. Ég gisti líka oft hjá honum. Þá horfum við á bíómynd og förum í Playstation. Við pabbi förum oft í handbolta, að senda á milli og svoleiðis.

**Hvað finnst þér langbest að borða?** Pítsu og hakk og spagettí.

**Eigið þið gæludýr á heimilinu?** Nei, en mig langar mjög mikið að eiga hvolp.

**En eru einhver dýr í heiminum í uppáhaldi?** Já, hundar af því þeir eru skemmtilegir.

**Hver eru helstu áhugamálin þín núna?** Körfubolti, handbolti, tölvuleikir og að fara í sund.

**En hvað finnst þér skemmtilegast að horfa á í sjónvarpinu?** Þættina Tímaflakk og svo alls konar hasarmyndir.

**Hlustar þú á tónlist?** Já, já. Uppáhaldslögin mín núna eru Our House með Crosby, Stills, Nash & Young og Daydream Beliver með The Monkees.

**Það er aldeilis. En áttu þér uppáhalds tónlistarmann eða -konu?** Bítlarnir eru uppáhaldshljómsveitin mín.

**Til hvaða lands í heiminum langar þig mest að ferðast?** Til Bandaríkjanna. Helst til Hollywood og hitta FaZe Rug sem ég fylgist með á YouTube.

**Hvað langar þig svo helst að verða þegar þú verður stór?** Atvinnu körfuboltamaður eða lögreglumaður.

## Lausn á gátunni

Ef þú snýrð myndinni á hvolf getur þú séð hákarl


Eucerin
VELDUR GRÍMAN ÚTBROTUM?
„Ég byrjaði að fá útbrot í kringum munninn og ég skildi ekki hvers vegna."
María, Húsavík
Eucerin
BLEMISH-PRONE SKIN
DERMOPURE
CLEANSING GEL
MEDICAL SKINCARE
Eucerin
DERMOPURE
MATTIFYING FLUID
MEDICAL SKINCARE
Eucerin
BLEMISH-PRONE SKIN
DERMOPURE
SKIN RENEWAL TREATMENT
MEDICAL SKINCARE
SKREF 1: HREINSA
SKREF 2: UMÖNNUN
PRÓFAÐU NÚNA
64% MINNI ÚTBROT*
*Árangur eftir notkun á 3 vörum - Klínísk rannsókn með 90 einstaklingum í 8 vikur.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6 °C, 1 ↗ | 5 °C, 7 ↗ | 5 °C, 1 ↖ |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3 °C, 1 ↑ | 4 °C, 4 ↙ | 0 °C, 6 ↑ |

Suðlæg átt, 3-10 m/s og dálítil væta með köflum, en lítilsháttar slydda eða snjókoma um tíma NA-til fram eftir degi. Léttir víða til í kvöld. Hiti 2 til 7 stig að deginum.


Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Einn mikilvægasti stuðningsaðili nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.

Fyrirtækjastyrkur Sproti

Fyrirtækjastyrkur Vöxtur, Sprettur

Fyrirtækjastyrkur Markaðsstyrkur

Næsti umsóknarfrestur er 15. mars 2021, kl. 15.00.

Nánari upplýsingar eru á tths.is

tths.is

Tækniþróunarsjóður







## Reykjavík



## Ísafjörður



## Akureyri



## Egilsstaðir



## Kirkjubæjarklaustur



## Hveravellir



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4 °C, 2 ← | 5 °C, 12 ↖ | 3 °C, 2 ↙ | 3 °C, 4 ↓ | 5 °C, 10 ↙ |
| Ísafjörður | 4 °C, 4 ↗ | 3 °C, 5 ↖ | 3 °C, 3 ↘ | 3 °C, 11 ↙ | 2 °C, 10 ↙ |
| Akureyri | 4 °C, 1 ↖ | 2 °C, 1 ↑ | 4 °C, 1 ↖ | 5 °C, 4 ↘ | 4 °C, 5 ↙ |
| Egilsstaðir | 3 °C, 1 ↑ | 1 °C, 3 ↑ | 3 °C, 0 ○ | 3 °C, 3 ↙ | 3 °C, 7 ↙ |
| Kirkjubæjarklaustur | 3 °C, 1 ↖ | 5 °C, 9 ← | 4 °C, 3 ↙ | 7 °C, 2 ↓ | 5 °C, 13 ← |
| Hveravellir | -2 °C, 6 ↗ | 1 °C, 10 ↑ | -2 °C, 5 ↓ | -1 °C, 12 ↘ | -1 °C, 19 ↙ |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**NÝR NISSAN LEAF - OKKAR VERÐ 3.890.000 KR. HLAÐINN AUKABÚNAÐI**
**NÚ FYLGJA MEÐ GÆÐA VETRARDEKK, COOPER WM SA2+, AÐ VERÐMÆTI 95.960 KR.**

AUKAHLUTIR INNIFALDIR M.A.

- SYNTHETIC LEÐURÁKLÆÐI
- HITI Í STÝRI, FRAM- OG AFTURSÆTUM
- LYKILLAUST AÐGENGI OG RÆSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ 360° MYNDAVÉL
- 17” ÁLFELGUR
- INTELLIGENT CRUISE CONTROL HRAÐASTILLIR
- SJÁLFVIRK MIÐSTÖÐ MEÐ LOFTKÆLINGU
- 6 LOFTPÚÐAR
- ISOFIX FESTINGAR FYRIR BARNABÍLSTÓL
- BLINDHORNSVIÐVÖRUN
- BLUETOOTH TIL AÐ STREYMA TÓNLIST OG SÍMA

TIL AFHENDINGAR STRAX

SÖLUAÐILI 100bílar bílasala

**100 BÍLAR EHF** • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15




SÖLUAÐILI 100bílar bílasala

**100 BÍLAR EHF** • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15



Gísli Helgason er í hópi þeirra sem sáu um sýningargerð en sýningin stendur fram í september. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Verkamenn við vinnu í Malbikunarstöð Reykjavíkur.

# Þetta eru algjörlega magnaðar heimildir

**Á afmælissýningu Ljósmyndasafns Reykjavíkur eru myndir eftir ljósmyndarann Vignir sem skildi eftir sig verðmætt filmusafn. Myndefnið er afar fjölbreytt. Myndvarpssýning þar sem fjallað er um myndir.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Hið þögla, en göfuga mál, er yfirskrift 40 ára afmælissýningar Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem verður opnuð í dag, laugardaginn 6. mars. Þar eru sýnd verk eftir Sigurhans Vignir (1894-1975) sem starfaði sem ljósmyndari frá 1917 til 1965, lengst af í Reykjavík. Hann skildi eftir sig verðmætt filmusafn sem varðveitt er á Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Borgarsögusafni. Í því eru ríflega 40 þúsund myndir, flestar teknar á árunum 1940-1965. Sýningargerð önnuðust: Gísli Helgason, Sigríður Kristín Birnudóttir, Kristín Hauksdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Sigrún Kristjánsdóttir.

Vignir notaði nafnið Vignir og þess má geta að nafnið er ekki fallbeygt. Um Vignir segir Gísli: „Vignir var bóndasonur úr Laxárdal, einn af níu systkinum. Hann fór suður til Reykjavíkur um 1917 til að læra ljósmyndun. Sneri síðan aftur í sveitina í nokkur ár, opnaði ljósmyndastofu á Stykkishólmi en fluttist til Reykjavíkur 1926 og opnaði ljósmyndastofu með Óskari Gíslasyni. Hann opnaði síðan sína eigin ljósmyndastofu í Reykjavík árið 1929.“

> **ÞAR ERU MARGAR MAGNAÐAR MYNDIR ALLT FRÁ EINSTAKLINGSPORTRETTUM UPP Í STÓRVIÐBURÐI Í ÍSLANDSSÖGUNNI, EINS OG HERNÁM BRETA 1940 OG LÝÐVELDISSTOFNUNIN 1944.**

### Alls kyns verkefni

Ragnar Vignir, sonur Vignir, færði Ljósmyndasafni Reykjavíkur filmusafn föður síns árið 2006. „Þetta filmusafn, 40.000 myndir, er frá árunum 1940-1966. Safn hans fyrir þann tíma er að stórum hluta glatað, fyrir utan tímabilið sem hann vann með Óskari Gíslasyni, en það safn er einnig varðveitt hér á safninu,“ segir Gísli. „Og óhætt er að segja að myndefnið sé afar fjölbreytt, enda virðist Vignir hafa tekið að sér öll verkefni sem voru í boði; tók portrettmyndir af fólki, myndaði brúðkaup, skírnir, afmæli einstaklinga og fyrirtækja. Þá myndaði Vignir mikið fyrir Reykjavíkurborg, ýmsar framkvæmdir, fyrirtæki í borginni og skólastarf. Þetta eru algjörlega magnaðar heimildir,“ bætir Gísli við.



Mynd eftir Vignir af skautahlaupi á Tjörninni um 1950.



Vignir. Myndin er tekin árið 1955. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

### Magnaðar myndir

Að sögn Gísla má skipta sýningunni í fjóra hluta: „Stærsti hluti salarins fer undir ríflega 100 nýjar stækkanir sem ljósmyndarinn okkar, Sigríður Kristín, prentaði út. Þar eru margar magnaðar myndir allt frá einstaklingsportrettum upp í stórviðburði í Íslandssögunni, eins og hernám Breta 1940 og lýðveldisstofnunin 1944. Þá fá atvinnulífsmyndir einnig gott pláss á sýningunni. Síðan verðum við með rými sem er helgað orginal ljósmyndum eftir Vignir, meðal annars má þar sjá handlitaðar myndir og portrett, að meginhluta eldra efni en nýju stækkanirnar.

Í myrkvuðum Kubbnum verður svo myndvarpssýning þar sem við fjöllun nánar um nokkrar myndir eða myndasyrpur. Þar verður meðal annars fjallað í stuttu máli um braggahverfi í Reykjavík, Tívolí, innréttingar, gæsluvelli, handlitaðar myndir og fleira.

Síðan var Vignir leikhúsljósmyndari til margra ára og myndaði meðal annars fyrir Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið. Myndir sem meðal annars voru notaðar í sýningaskrár og birtust sem kynningarmyndir í dagblöðum. Þeim hluta ferilsins gerum við skil með því að láta um 400 leikhúsmyndir rúlla á flatskjá.“

Sýningin í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Tryggvagötu er opin alla daga og stendur til og með 19. september á þessu ári.



# ÓMISSANDI SKYLDULESTUR!




**Vetrarmein**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Bráðin**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Dulmál Katharinu**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-




**Snerting**
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016–2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 7. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhúss-arkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

**Þátturinn er á dagskrá alla þriðjudaga kl. 20.00**

BÓNUS

HRINGBRAUT




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Matur og heimili (e)** Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Heima er bezt (e)** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**21.00 Sir Arnar Gauti (e)** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.
**21.30 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum. (e)

## RÚV SJÓNVARP

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Rán - Rún**
**07.21 Poppý kisukló**
**07.32 Lundaklettur**
**07.39 Tölukubbar**
**07.44 Eðlukrúttin**
**07.55 Bubbi byggir**
**08.06 Lestrarhvutti**
**08.13 Hið mikla Bé**
**08.35 Stuðboltarnir**
**08.46 Hvolpasveitin**
**09.09 Grettir**
**09.21 Stundin okkar**
**09.45 Húllumhæ**
**10.00 Gettu betur Undanúrslit**
**11.05 Börnin í hjarta Afríku**
**11.25 HM í skíðagöngu** Bein útsending frá keppni í 30 km skíðagöngu kvenna.
**13.00 Kiljan**
**13.40 Vikan með Gísla Marteini**
**14.25 Flugslysið í Færeyjum** (1 af 2)
**15.30 Bækur og staðir** Simmasjoppa, Suðurgötu
**15.40 17 Again Sautján á ný**
**17.20 Einstök börn - og fullorðnir** Sjaldgæfir sjúkdómar á Íslandi
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargadýr**
**18.29 Herra Bean**
**18.40 Hjá dýralækninum**
**18.45 Landakort** Holt
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Daði og gagnamagnið** (2 af 2)
**20.25 Heaven is for Real Himnaríki er til** Sannsöguleg kvikmynd um ungan dreng sem heldur því fram að hann hafi komið til himnaríkis eftir atvik þar sem hann var nær dauða en lífi.
**22.05 Bíóást. Pulp Fiction**
**22.10 Pulp Fiction**
**00.40 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.45 PGA Tour 2021** Útsending frá Arnold Palmer Invitational.
**13.40 PGA Special. This is Mackenzie Tour**
**14.05 LPGA Tour 2021** Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
**17.05 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
**17.30 PGA Tour 2021** Bein útsending frá Arnold Palmer Invitational.
**23.05 Champions Tour Highlights 2021**

## SJÓNVARP SÍMANS

**12.30 The Block**
**13.30 Dr. Phil**
**14.30 Sheff. Utd. - Southampton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Four Weddings and a Funeral**
**19.05 Life in Pieces**
**19.30 Vinátta**
**20.00 Það er komin Helgi** Helgi Björns ásamt Reiðmönnum vindanna bauð landsmönnum upp á kvöldvöku.
**21.10 The Rewrite** Rithöfundurinn Keith Michaels má sannarlega muna sinn fífil fegurri eftir að hafa toppað fyrir löngu með kvikmyndahandriti sem hann hlaut m.a. Golden Globeverðlaunin fyrir.
**22.55 Jack Reacher** Spennumynd frá 2012 með Tom Cruise í aðalhlutverki. Jack Reacher er fyrrverandi hermaður sem rannsakaði glæpi innan hersins. Hann var þekktur fyrir að fara sínar eigin leiðir í rannsókn mála og átti af þeim sökum ekki alltaf upp á pallborðið hjá yfirmönnum sínum.
**04.00 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Vinill vikunnar**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Ástir gömlu meistaranna** Franz Joseph Haydn
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Hryggsúlan**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.45 Heimskviður**
**13.15 Gestaboð**
**14.05 Kartöflur** (1 af 3)
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Orð um bækur**
**17.00 Tónlist frá A til Ö**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi sögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar** Joe Temperly, Wes Montgomery og Nils Lindberg
**20.45 Fólk og fræði** Afríka kallar
**21.15 Bók vikunnar** Aprílsólarkuldi
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.09 Lestur Passíusálma** (28 af 50)
**22.15 Litla flugan** Rokk og ról. Elvis Presley, Ragnar Bjarnason, Guðbergur Auðunsson
**23.00 Vikulokin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30 Pokémon Detective Pikachu**
**13.10 Honey. Rise Up and Dance**
**14.50 Mystery 101. Playing Dead**
**16.15 Pokémon Detective Pikachu**
**17.55 Honey. Rise Up and Dance**
**19.30 Mystery 101. Playing Dead**
**21.00 Life of the Party** Stórgóð gamanmynd frá 2018 með Melissu McCarthy og fleiri stórgóðum leikurum.
**22.40 Vox Lux**
**00.30 The First Purge**
**02.05 Life of the Party**

## STÖÐ 2

**08.00 Strumparnir**
**08.20 Monsurnar**
**08.35 Vanda og geimveran**
**08.45 Tappi mús**
**08.50 Latibær**
**09.00 Víkingurinn Viggó**
**09.15 Heiða**
**09.35 Blíða og Blær**
**09.55 Leikfélag Esóps**
**10.05 Mæja býfluga**
**10.20 Mia og ég**
**10.40 Lína langsokkur**
**11.05 Angelo ræður**
**11.15 Angry Birds Stella**
**11.20 Hunter Street**
**11.40 Friends**
**12.10 Bold and the Beautiful**
**13.35 Bold and the Beautiful**
**14.00 Draumaheimilið**
**14.30 Leitin að upprunanum**
**15.10 The Great British Bake Off**
**16.20 The Masked Singer**
**17.20 Í kvöld er gigg**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.53 Lottó**
**18.55 Impractical Jokers**
**19.15 Hrúturinn Hreinn. Rollurök**
**20.45 Mortal Engines**
**22.55 What Lies Beneath**
**01.05 The Exception**
**02.45 Mesteren**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 The Office**
**21.10 Simpson-fjölskyldan**
**21.40 Bob's Burgers**
**22.05 Catastrophe**
**22.35 Absentia**
**23.20 True Blood**
**00.10 True Blood**
**01.05 Friends**
**01.25 Friends**
**01.50 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Dominos Körfuboltakvöld**
**08.25 Stjarnan - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**10.05 Haukar - Þór Þ.**
**11.50 ÍBV - Haukar** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
**13.20 ÍBV - Fram** Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**14.50 Seinni bylgjan - kvenna**
**15.50 Stjarnan - Valur** Bein útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
**17.30 Dominos Körfuboltakvöld**
**18.45 The Fifth Quarter**
**19.00 Hestalífið. Áslaug Arna**
**19.20 FH - Þór Ak.** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
**21.00 Hestalífið. Gummi Ben á hestbak í fyrsta sinn**
**21.15 Seinni bylgjan - karla**
**22.45 Fylkir - Leiknir R.** Útsending frá leik í Lengjubikar karla.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.00 Parma - Inter Milan**
**10.40 Valencia - Villarreal**
**12.25 Watford - Nottingham Forest** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**14.20 Huddersfield - Cardiff**
**16.00 The Fifth Quarter**
**16.15 La Liga Show**
**16.50 Hereda San Pablo Burgos - Morabanc Andorra** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**18.40 Inside Serie A**
**19.05 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**19.35 Juventus - Lazio**
**21.40 Cádiz - Eibar**
**23.20 Spezia - Benevento**


2021
NBA ALL STAR
TEAM LEBRON vs TEAM DURANT
SUNNUDAG 23:30
2 SPORT
Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is

# Sunnudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón Páll Ketilsson. Framleiðandi Víkurfréttir ehf.
**21.00 Viðurkenningarhátíð FKA** Félag kvenna í atvinnurekstri veitir konum í viðskiptalífinu viðurkenningar.
**21.30 Viðurkenningarhátíð FKA** Félag kvenna í atvinnurekstri veitir konum í viðskiptalífinu viðurkenningar.

## RÚV SJÓNVARP

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Refurinn Pablo**
**07.21 Úmísúmí**
**07.44 Kalli og Lóa**
**07.56 Poppý kisukló**
**08.07 Kúlugúbbarnir**
**08.30 Lautarferð með köku**
**08.36 Hæ Sámur**
**08.43 Flugskólinn**
**09.05 Hrúturinn Hreinn**
**09.12 Múmínálfarnir**
**09.34 Kátur**
**09.36 Konráð og Baldur**
**09.49 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
**10.00 Vísindahorn Ævars**
**10.05 Tónatal - brot** Jónas Sig - Hafið er svart
**10.15 Daði og gagnamagnið**
**11.00 Silfrið**
**12.10 Einmana á miðjum aldri**
**12.40 Með sálina að veði - París s**
**13.40 Við getum þetta ekki**
**14.40 Rúnturinn**
**16.00 HM í skíðagöngu** Bein útsending frá keppni í 50 km skíðagöngu karla.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Menningin - samantekt**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir á sunnudegi**
**19.40 Veður**
**19.50 Landinn**
**20.20 Flugslysið í Færeyjum** (2 af 2) Færeysk heimildarmynd í tveimur hlutum um flugslys sem varð 26. september 1970. Fokker Friendhip flugvél Flugfélags Íslands fórst í hlíðum fjallsins Knúks.
**21.15 Lítil þúfa - Menntun Small Axe. Education**
**22.20 Faðmlag slöngunnar El Abrazo de la serpiente**
**00.20 Silfrið**
**01.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.55 PGA Tour 2021**
**14.25 PGA Tour 2021** Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
**17.30 PGA Tour 2021**
**23.05 PGA Special. 3M Open Compass Challenge** Góðgerðarþáttur í tengslum við 3M Open mótið.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 Dr. Phil**
**14.00 The Bachelor**
**15.20 Það er komin Helgi**
**16.35 The King of Queens**
**16.55 Everybody Loves Raymond**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 For the People**
**18.50 Hver drap Friðrik Dór?** Skemmtilegir heimildarháðsþættir þar sem fylgst er með Villa Netó rannsaka meint andlát söngvarans Friðriks Dórs.
**19.30 Með Loga** Logi Bergmann Eiðsson stýrir skemmtilegum viðtalsþætti þar sem spennandi einstaklingar eru teknir tali.
**20.00 The Block**
**21.20 Law and Order. Special Victims Unit**
**22.10 Your Honor**
**00.00 Station 19**
**00.45 The Resident**
**01.30 The Rookie**
**02.15 Blue Bloods**
**03.00 Mayans M.C.**
**03.55 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Hringsól**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Á tónsviðinu**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Svona er þetta**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunnar** Rauður maður/svartur maður
**11.00 Guðsþjónusta í Langholtskirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Sögur af landi**
**14.00 Víðsjá**
**15.00 Lestin**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Úr tónlistarlífinu**
**17.25 Orð af orði**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Stoðkerfið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Ástir gömlu meistaranna** Franz Joseph Haydn
**20.35 Gestaboð**
**21.30 Fólk og fræði** Um gildi kvennasöngs
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Á reki með KK**
**23.10 Frjálsar hendur**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.40 Woody Woodpecker**
**11.05 First Man**
**13.25 Five Feet Apart**
**15.15 Woody Woodpecker**
**16.45 First Man**
**19.05 Five Feet Apart**
**21.00 Valerian and the City of a Thousand Planets**
**23.10 Blood Money** Spennumynd frá 2017 með John Cusack í aðalhlutverki. Myndin fjallar um þrjá vini sem fara í ferðalag úti í óbyggðum.
**00.35 The Boy Downstairs**
**02.05 Valerian and the City of a Thousand Planets**

## STÖÐ 2

**08.00 Blíða og Blær**
**08.20 Víkingurinn Viggó**
**08.30 Strumparnir**
**08.55 Adda klóka**
**09.20 Mia og ég**
**09.40 Lína langsokkur**
**10.05 Lukku láki**
**10.30 Ævintýri Tinna**
**10.50 Angry Birds Stella**
**11.00 It's Pony**
**11.20 Are You Afraid of the Dark?**
**12.05 Nágrannar**
**113.30 Nágrannar**
**13.55 Modern Family**
**14.15 Impractical Jokers**
**14.40 Top 20 Funniest**
**15.20 BBQ kóngurinn**
**15.55 Um land allt**
**16.50 60 Minutes**
**17.40 Víglínan**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.40 Sportpakkinn**
**18.50 Ísland í dag**
**19.05 Leitin að upprunanum**
**19.45 The Great British Bake Off**
**20.45 Finding Alice**
**21.35 Tell Me Your Secrets**
**22.25 Prodigal Son 2**
**23.10 Tin Star. Liverpool**
**00.05 Supernanny US**
**00.50 Are You Afraid of the Dark?**
**01.30 Modern Family**
**01.55 Impractical Jokers**
**02.15 Um land allt**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 The Office**
**21.10 True Blood**
**22.05 True Blood**
**23.00 Ríkið**
**23.25 Last Man Standing**
**23.50 Friends**
**00.10 Friends**
**00.35 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35 Seinni bylgjan - karla**
**09.00 Njarðvík - ÍR** Í 1. deild kvenna í körfubolta.
**10.40 Keflavík - ÍBV** Í Lengjubikar kvenna.
**12.20 Fylkir - Leiknir R.**
**14.00 ÍBV - Fram** Í Olís-deild kvenna.
**15.15 Stjarnan - Valur**
**16.35 Seinni bylgjan - karla**
**18.05 Þór Þ. - Keflavík** Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**20.05 Tindastóll - KR** Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**22.00 Dominos Tilþrifin 13. umferð**
**22.50 Skallagrímur - Breiðablik** Í Dominos-deild kvenna.
**00.30 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**01.00 Stjörnuleikur NBA** Bein útsending.
**07.40 Spezia - Benevento**
**09.20 Udinese - Sassuolo**
**11.05 Osasuna - Barcelona**
**12.50 Huesca - Celta Vigo** Bein útsending.
**15.05 Atlético Madrid - Real Madrid** Bein útsending.
**17.10 Watford - Nottingham Forest**
**18.50 Valencia Basket Club - Baxi Manresa** Bein útsending.
**20.40 Crotone - Torino**
**23.30 NBA Skills Challenge** Bein útsending.

# Mánudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfssemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
**20.30 Karlmennskan** Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi
**21.00 Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits
**21.30 Bílalíf** Bílalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Spaugstofan 2008-2009**
**09.35 Grænir fingur 1989-1990**
**09.50 Bækur og staðir**
**10.00 Íslendingar** Sigurður Sigurðsson
**11.30 Mósaík 2000-2001**
**12.05 Heimaleikfimi**
**12.15 Hvað höfum við gert?**
**12.50 Veröld Ginu**
**13.20 Ljósmyndari ársins**
**13.50 Innlit til arkitekta**
**14.20 Íþróttagreinin mín - Sitjandi skíði**
**14.50 Símamyndasmiðir**
**15.30 Sama-systur**
**16.00 Landakort Kvæðakona**
**16.05 Hafið, bláa hafið - Endurlit**
**17.00 Martin læknir**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Loðmundur**
**18.08 Skotti og Fló**
**18.15 Hæ Sámur**
**18.22 Stuðboltarnir**
**18.33 Nellý og Nóra**
**18.40 Sammi brunavörður**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Hvað getum við gert? Ný tækni í álframleiðslu**
**20.10 Sitthvað skrítið í náttúrunni Nature's Weirdest Events**
**21.05 Kynþroskinn - Kynfæri kvenna Newton. Pubertet**
**21.15 Ævina á enda Livstid**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Útrás Exit**
**22.55 Tímaritið Rolling Stone. Á ystu nöf - Seinni hluti Rolling Stone Magazine. Stories from the Edge**
**00.45 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.30 PGA Tour 2021** Útsending frá Arnold Palmer Invitational.
**13.30 PGA Tour 2021** Útsending frá Arnold Palmer Invitational.
**19.00 PGA Highlights 2021**
**19.55 PGA Tour 2021** Útsending frá Arnold Palmer Invitational.

## SJÓNVARP SÍMANS

**13.00 Dr. Phil**
**13.45 The Late Late Show**
**14.30 mixed-ish**
**14.55 The Block**
**16.40 Family Guy**
**17.00 The King of Queens**
**17.20 Everybody Loves Raymond**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Late Late Show**
**19.15 Man with a Plan**
**19.40 Superstore**
**20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
**21.00 The Rookie**
**21.50 Blue Bloods**
**22.35 Mayans M.C.**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Station 19**
**01.00 The Resident**
**01.45 FBI**
**02.30 Dark Money**
**03.30 Fosse/Verdon**
**04.00 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Flugur** Bragi Hlíðberg, fjórði þáttur
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið** seinni hluti
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Hringsól**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Orð um bækur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakiljan**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Grettis saga** (13 af 21)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.09 Lestur Passíusálma** (29 af 50)
**22.15 Samfélagið**
**23.10 Segðu mér**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.35 Foodfight**
**12.05 The Mercy**
**13.45 Ocean's Twelve**
**15.45 Foodfight**
**17.15 The Mercy**
**18.55 Ocean's Twelve**
**21.00 Tale of Tales** Mögnuð mynd frá 2015. Hér er fléttað saman þremur óvenjulegum ítölskum ævintýrum um konga og drottningar, álfa og risa, dreka, flær og nornir. Ævintýrin eru öll stórbrotið sjónarspil þar sem myndlíkingar leika stórt hlutverk.
**23.10 Beatriz at Dinner**
**00.30 Fear of Water**
**02.05 Tale of Tales**

## STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 Veronica Mars**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.25 The O.C.**
**10.05 The Goldbergs**
**10.30 Women on the Verge**
**11.00 Major Crimes**
**11.40 Um land allt**
**12.20 Last Man Standing**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Suits**
**13.40 12 Puppies and Us**
**14.40 Modern Family**
**15.05 MasterChef Junior**
**15.45 Ísskápastríð**
**16.20 First Dates**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Um land allt**
**19.50 Supernanny US**
**20.35 All Rise**
**21.25 Tin Star. Liverpool**
**22.10 60 Minutes**
**23.00 Magnum P.I.**
**23.45 Death Row Stories**
**00.25 Warrior**
**01.10 Warrior**
**02.00 Veronica Mars**
**02.40 The O.C.**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.45 The Office**
**21.10 Last Man Standing**
**21.35 Divorce**
**22.05 You're the Worst**
**22.35 Wyatt Cenac's Problem Areas**
**23.05 The Bold Type**
**23.45 Friends**
**00.10 Friends**
**00.30 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Dominos Tilþrifin 13. umferð**
**08.40 Afturelding - Fram**
**10.05 ÍBV - Haukar**
**11.30 Seinni bylgjan - karla**
**12.55 Þór Þ. - Keflavík**
**14.35 Tindastóll - KR**
**16.15 Dominos Tilþrifin 13. umferð**
**17.00 Seinni bylgjan - kvenna**
**18.05 Haukar - Njarðvík** Bein útsending í Dominos-deild karla.
**20.05 Valur - ÍR** Bein útsending í Dominos-deild karla.
**22.00 Dominos Körfuboltakvöld**
**23.05 Dominos Tilþrifin 13. umferð**
**23.50 Aron Pálmason**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.35 Roma - Genoa**
**10.15 Hellas Verona - AC Milan**
**11.55 Sampdoria - Cagliari**
**13.35 Napoli - Bologna**
**15.15 Real Sociedad - Levante**
**16.55 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**17.20 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**17.45 Ítölsku mörkin**
**18.40 Football League Show**
**19.05 Fréttaþáttur EM 2020**
**19.35 Inter Milan - Atalanta** Bein útsending.
**21.40 Ítölsku mörkin**
**22.30 Football League Show**
**22.55 Fréttaþáttur EM 2020**
**23.20 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
**23.45 Real Betis - Alavés**


SR
STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:
21. mars kl. 20.00
Eldborg Hörpu
JÓN MÚLI
ÁRNASON
100 ÁRA
GESTASÖNGVARAR
Ellen Kristjánsdóttir
Jón Jónsson
Sigríður Thorlacius
Sigurður Guðmundsson
STJÓRNANDI & KYNNIR
Sigurður Flosason

# Nálykt má vel lýsa með orðum

Hvernig rotna lík? Þessari spurningu og öðrum álíka ætlar réttarlæknirinn **Pétur Guðmann Guðmannsson** að svara á námskeiði fyrir þá sem fást við dauðann í skáldskap enda orðinn mátulega leiður á alls kyns bábiljum um fag sitt í glæpasögum.



Pétur Guðmann hyggst gera út um algengan misskilning um dauða og réttarlæknisfræði á námskeiðinu Réttarlæknisfræði fyrir rithöfunda hjá Endurmenntun HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Þórarinn Þórarinsson**
thorarinn@frettabladid.is



Réttarlæknirinn Pétur Guðmann Guðmannsson lendir reglulega í því að rithöfundar og aðrir sem fást við skapandi skrif um morð og aðra glæpi leita til hans með spurningar um réttarmeinafræðileg atriði. Samt er lítill skortur á alls kyns dellu og rangfærslum í glæpaskáldskap sem fara stundum í hans fínustu fræðataugar.

„Jú, það gerir það svolítið. Ég held að ég myndi líklega gera meira af því að horfa á þannig efni ef það væri aðeins meira sannfærandi varðandi réttarlæknisfræðilega þáttinn. Maður er alltaf, aftur og aftur, að sjá sömu villurnar sem virðast lifa góðu lífi bæði í svona þáttum og líka í bókum," segir Pétur Guðmann sem ætlar að reyna að leiðrétta eitthvað af þessu með sérstöku og vægast sagt öðruvísi námskeiði, Réttarlæknisfræði fyrir rithöfunda, hjá Endurmenntun HÍ í næsta mánuði.

### Hvernig er lyktin?

„Þar sem ég var að vinna í Svíþjóð komu reglulega fyrirspurnir til okkar frá fólki sem var að skrifa og þetta hefur haldið áfram hjá mér eftir að ég kom hingað," segir Pétur sem krufði um 190 lík vegna óútskýrðra dauðsfalla hér á landi í fyrra og hefur komið að fjölmörgum morðrannsóknum.

Hann segir fyrirspurnir höfundanna oft bera með sér að þeir geti verið mjög skapandi. „Þetta getur snúist um lík sem á að vera búið að vera á tilteknum stað við einhverjar mjög furðulegar aðstæður í sautján ár eða eitthvað slíkt. Þau vilja þá kannski fá að vita hvernig líkið myndi líta út. Hvernig lyktin er og hvort það myndi sjást í beinin og eitthvað svoleiðis.

Þetta eru alls konar og mjög oft sértækar spurningar þannig að ég sá það strax að það hlyti eiginlega að vera til vettvangur þar sem væri bara hægt að fá þetta fólk saman til þess að setja allavegana almenna rammann utan um þetta," segir Pétur um námskeiðið sem er ætlað þeim sem vilja geta fjallað á raunhæfan hátt um dauða, lík og réttarlæknisfræðilega rannsókn dauðsfalls.

„Já, þetta er svolítið spennandi. Ég kvitta alveg undir það," segir Pétur þegar blaðamaður getur ekki leynt áhuga sínum og veltir því upp að sjálfsagt muni fleiri en rithöfundar vilja fá nasaþef af nályktinni hjá réttarlækninum þótt námskeiðslýsingin vari við því að máli sínu til stuðnings muni Pétur sýna myndir af áverkum og látnu fólki sem geti vakið óhug.

### Nályktarstemning

„Já, já, svo sannarlega og hún er mjög margbrotin sko," svarar Pétur umhugsunarlaust þegar hann er spurður hvort það sé hægt að lýsa nálykt með orðum. „Lyktin er náttúrlega það fyrsta sem græningjar sem eru með við krufningu bregðast við.

Þetta er kannski lykt sem maður er löngu hættur að finna sjálfur þannig að það getur verið svolítið áhugavert að upplifa það með þeim. Þá koma fram alls konar lýsingarorð og maður gerir sér grein fyrir því að er eitthvert munstur í þessu og það fer eftir tilfellum hvaða lykt ríkir, hvenær hún kemur og af hvaða líffæri.

Síðan tengist þetta allt áferð, lifnaði og rotnun. Ég held það sé sko mjög mikið að hafa þarna fyrir orðaperra. Svona stemningslýsingar," segir Pétur um þennan óplægða en illa þefjandi akur glæpaskáldskaparins.



### Kyrking og eitur

Pétur skýrir á námskeiðinu frá helstu viðfangsefnum réttarmeinafræðinnar og hlutverki réttarlækna í rannsókn dauðsfalla og manndrápa. Þá verður rætt um dauðann frá sjónarhóli læknisfræðinnar og það hvernig lík eru rannsökuð, hvernig þau koma fyrir og hvaða breytingar verða á líkamanum eftir dauðann.

Hugtök áverkafræði verða kynnt sem og túlkun á tilurð áverka og fáeinar mýtur og furður varðandi dauðann verða tíundaðar og rannsóknaraðferð réttarlæknisins, krufningin, útskýrð í helstu atriðum. Þá ætlar Pétur að kynna valdar dánarorsakir eins og til dæmis eitrun og kyrkingu.

*Eitrun?*

„Já, hví ekki?" spyr Pétur á móti og segir að vissulega sé litið svo á að eitur sé ekki notað til morða og eitrun oft tengd slysum eða sjálfsvígum. Þá bendir Pétur á að það sé svo margt sem geti valdið eitrun og að alls konar einföld módel spretti upp í því sambandi en í réttarmeinafræðunum er ekki gengið að neinu sem gefnu.

### Skekkjumörk dauðans

„Til dæmis komst orðið „dauðaskammtur" í umferð um daginn. Eins og það sé þannig að ef þú tekur þetta margar töflur af þessu þá deyrðu. Ef þú tekur einni töflu færri þá á að vera allt í lagi og eitthvað svoleiðis. Þessi vísindavinkill er aldrei svona og er alltaf miklu meira fljótandi og það eru alltaf þessi skekkjumörk sem maður vill kannski aðeins miðla áfram.

Svo er náttúrlega líka möguleikinn á því að eitrun sé beitt sem manndrápsaðferð og það er eitthvað sem maður þarf alltaf að hafa í huga," segir Pétur og bætir við að þá þurfi að huga að því hversu auðvelt getur verið að dylja eitrun, hversu ofboðslega margar gerðir eiturs eru til og annað í þeim dúr.

„Hvað kyrkinguna varðar þá er það náttúrlega bara algeng manndrápsaðferð í okkar heimshluta og líka frekar misskilin af bæði fagfólki og leikmönnum; hvernig þetta er, hvernig þetta fer fram og hvaða ummerki eru til staðar. Um leið er þetta afskaplega áhugavert fyrirbæri og sniðugt að rýna í það."

### Venjulegt fólk

Réttarmeinafræðingar eru sjálfir algeng klisja í glæpaskáldskap þar sem staðalmyndin af innhverfum sérvitringum með kolsvartan húmor er gegnumgangandi.

*Eruð þið öll eitthvað skrítin?*

„Nei, ég held að þetta sé mjög fínn hópur. Þessi litla stétt," segir Pétur Guðmann og hlær. „Þetta er mjög mismunandi fólk og ég get bara í fullri hreinskilni ekki sagt að það hafi einhvern samnefnara og langt í frá því að það sé skrýtið fólk eða eitthvað öðruvísi en aðrir. Alls ekki.

Meira að segja enn þann dag í dag þegar ég kynnist nýju fólki í stéttinni þá furða ég mig á því hvað þetta er eðlilegt fólk," heldur hann áfram og telur kollega sína almennt vera eðlilega, úthverfa og aðlaðandi. „Þannig að þessi steríótýpa, sem ég finn á sjálfum mér að er einhvern veginn föst, er alls ekki sönn."

### Teygjanleg dauðastund

Dauðinn kemur í ýmsum myndum og í flestum tilfellum er flóknara að deyja en aðeins að geispa golunni og Pétur Guðmann segir aðspurður að tal um að deyja samstundis eigi sjaldnast við.

„Það er hægt að flokka þetta svolítið. Það er alveg hægt að tala um svona augnabliksdauða en það á þá kannski við ef þú deyrð þegar þú stendur við hliðina á kjarnorkusprengju þegar hún springur eða dettur ofan í heitt hraun í eldfjalli og eitthvað þannig lagað.

Annars er þetta bara skali og suma tekur tvo, þrjá daga að deyja hægt og hægt en það er þá kannski meira eins og fólk sem er í líknandi meðferð með mjög mikinn lyfjastuðning.

Þetta er allt þar á milli og þarna eru mörg samspilandi kerfi þannig að það er yfirleitt ekki neitt praktískt að tala um dauðastundina, dauðaaugnablikið. Ef ég er spurður um dánarsekúnduna reyni ég yfirleitt alltaf að tala frekar um dauðaferlið. Hvenær það er að hefjast og hvernig það fer fram. Enda erum við að reyna að lesa í það til þess að fatta hvað gerðist og sjálft dánarferlið skilur eftir sig spor í líkinu."

**LYKTIN ER NÁTTÚRLEGA ÞAÐ FYRSTA SEM GRÆNINGJAR SEM ERU MEÐ VIÐ KRUFNINGU BREGÐAST VIÐ.**

## Banvænar árásir

Pétur Guðmann Guðmannsson er réttarlæknir sem starfað hefur við fagið í níu ár, fyrst í Svíþjóð og síðar á Íslandi.

Hann hefur komið að fjöldamörgum rannsóknum á manndrápum og ofbeldisverkum. Hann hefur sérstaklega rannsakað áverka á hálsi og banvænar árásir dýra. Pétur kennir réttarlæknisfræði og hjartameinafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

Allar frekari upplýsingar um námskeiðið Réttarlæknisfræði fyrir rithöfunda eru á Endurmenntun.is.

# PIER



**Acapulco bekkur**
áður ~~49.990.-~~ nú 40.312.-



**Acapulco stóll**
áður ~~24.990.-~~ nú 20.152.-



**Blómapottar**
lítill, áður ~~15.990.-~~ nú 12.894.-
stór, áður ~~18.990.-~~ nú 15.314.-



**Bali hægindastóll**
áður ~~49.990.-~~ nú 40.312.-

# TAX FREE

af öllum vörum*

*19,36% afsláttur af öllum vörum
gildir ekki með öðrum tilboðum

**Skermar í miklu úrvali**
verð frá ~~6.990.-~~ nú 5.637.-





**Púðar í miklu úrvali**
verð frá ~~1.990.-~~ nú 1.605.-



**Kertastjakar**
lítill, áður ~~2.990.-~~ nú 2.411.-
stór, áður ~~3.990.-~~ nú 3.218.-



**Teppi**
áður ~~9.990.-~~ nú 8.056.-



**Kertastjakar**
áður ~~1.490.-~~ nú 1.202.-



**Tímaritastandur**
áður ~~16.990.-~~ nú 13.701.-



**Hliðarborð**
áður ~~38.990.-~~ nú 31.442.-



**3ja sæta velvet sófi**
áður ~~189.900.-~~ nú 153.135.-

**Gólflampi án skerms**
áður ~~39.990.-~~ nú 32.248.-



**Myndarammi**
áður ~~1.990.-~~ nú 1.605.-



**Stofuborð**
hærra, áður ~~44.990.-~~ nú 36.280.-
lægra, áður ~~54.990.-~~ nú 44.344.-



**Borðlampi**
áður ~~24.990.-~~ nú 20.152.-



**Barstóll, til í fleiri litum**
áður ~~24.990.-~~ nú 20.152.-

PIER KORPUTORGI | SÍMI 5227870 | OPIÐ: VIRKA DAGA 11-18:30 LAU OG SUN 12-20 | PIER.IS

## Lífið í vikunni
28.02.21-06.03.21



### SELDI UPP Í SUNDI

Stuttskífa Gunnars Jónssonar Collider, MOA074, kom út í síðustu viku og vínylútgáfan seldist nánast upp samstundis. „Ég skellti mér í sund og það allt var uppselt þegar ég kom til baka. Ég get verið lengi í sundi en þetta var með ólíkindum,“ segir hann.

### ÓLÉTT Í HETJULEIT



Sjónvarpskonan Viktoría Hermannsdóttir biður almenning um ábendingar um hvunndagshetjur fyrir nýjan sjónvarpsþátt hvunndagshetja@ruv.is. Tíminn er naumur því hún á von á barni og vill hitta sem flesta áður. „Þetta er engin sérstök týpa. Bara einhver sem fólki finnst hafa lagt sitt af mörkum til að bæta samfélagið.“



### BÚÁLFAR FYRIR NORÐAN

Árni Beinteinn Árnason og Þórdís Þorfinnsdóttir fara með aðalhlutverkin í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Benedikt búálfi. Þau voru saman í bekk í leiklistardeild Listaháskóla Íslands og eru sammála um að magnað teymi standi að baki uppsetningunni.

### GOTT BÍÓ



Danska bíómyndin Retfærdighedens ryttere, Riddarar réttlætisins, er tragískur en drepfyndinn ofbeldisfarsi með Mads Mikkelsen fremstan meðal jafningja. Myndin fékk fimm stjörnur í Fréttablaðinu og hlýtur að teljast með því allra besta sem er í boði í reykvískum kvikmyndahúsum sem hrista nú af sér COVID-doðann.





GLÆSILEG VIÐBÓTARGJÖF TIL FERMINGARBARNSINS

Nú er 20% afsláttur af heilsurúmum frá Sealy. Auk þess fylgir nú veglegur kaupauki – Aspen fjallahjól – að verðmæti 59.000 krónur* þegar keypt er PORTLAND eða SEATTLE rúm (dýna og Classic botn) í stærðunum 120 eða 140 cm.






Sealy **SEATTLE**
FERMINGARTILBOÐ

**VERÐDÆMI:**
**120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 145.900 kr.**
Fermingartilboð aðeins **116.720 kr.** með Aspen fjallahjóli

* á meðan birgðir endast - athugið skilaskilmála.

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast


# Kári í klassísku stuði með Ravel og Hómer

**Kári Egilsson** er opinn fyrir allri tónlist og ólíkum klassíkerum eins og Hómer Simpson og Ravel sem hann tengir við djassinn, sem mun duna ásamt frumsömdu efni á stúdentsprófstónleikum hans.

Kári Egilsson heldur stúdentsprófstónleika sína frá rytmískri deild Menntaskóla í tónlist (MÍT) á sunnudaginn. Efnisskráin samanstendur af verkum sem Kári samdi sérstaklega fyrir tónleikana auk nokkurra þekktra djasslaga.

„Þetta er bara spennandi. Ég verð þarna í rauninni með þremur af bestu hljóðfæraleikurum bransans þannig að þetta verður gaman,“ segir píanóleikarinn ungi, spenntur fyrir því að flytja eigin verk með fulltingi Andra Ólafssonar á kontra- og rafbassa, Matthíasar Hemstock á trommur og Jóels Pálssonar á saxófón.

### Klassískt samhengi

Kári er einnig að útskrifast af klassískri braut MÍT og heldur klassíska einleikstónleika í maí þar sem tónlist hans mun einnig hljóma. „Þá ætla ég að taka eitt frumsamið verk en síðan eru þetta að mestu leyti bara Beethoven, Ravel og Liszt og svona,“ segir Kári og nefnir Ravel sérstaklega þegar hann er spurður hvort einhver eldri meistaranna sé í sérstöku uppáhaldi. „Hljómarnir og harmónían frá honum hafa svo áhrif á djassinn seinna,“ segir Kári og bætir við að í tónlistinni hangi þetta allt saman.

*Stendur þá kannski djassinn næst hjartanu?*

„Nei, nei, ég hef gaman af öllu. Ég hef verið í klassískri tónlist síðan ég var sjö ára og hef samið tónlist af alls konar tegundum mjög lengi. Ég hef ekki mjög gaman af því að takmarka mig,“ segir Kári, sem veit þó hvar hann dregur línuna.

„Ég hef mjög gaman af alls konar tónlist en ég er kannski ekki í öllu og er ekki að fara að gefa út einhverja sítar-plötu,“ segir hann og hlær. „Ég fer ekki út í það en hef gaman af því að vera opinn.“

### Klár í plötuútgáfu

„Hann semur gríðarlega mikið af tónlist í ýmsum stílum,“ segir Egill Helgason, faðir Kára, og lætur fljóta með að hann stefni á að koma djassplötu út á þessu ári. Jafnvel popplötu líka.

„Við ætlum að reyna að taka eitthvað upp. Það er ekki komið neitt fast en ég ætla að stefna að því,“ segir tónskáldið fjölhæfa, sem ætlar sér greinilega að gefa út plötu fyrr en síðar þótt sítarinn liggi óbættur hjá garði.



Tónlistin er eina áhugamálið sem Kári tekur alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> ÉG HEF MJÖG GAMAN AF ALLS KONAR TÓNLIST EN ÉG ER KANNSKI EKKI Í ÖLLU OG ER EKKI AÐ FARA AÐ GEFA ÚT EINHVERJA SÍTAR-PLÖTU.

Þótt Kári lifi og hrærist í heimi tónlistarinnar gefur hann sér tíma í ýmislegt annað en að semja og spila á píanóið. „Það er gaman að vera með fjölskyldunni sinni,“ segir hann. Áhugamálin eru síðan ekki síður fjölbreytt en tónlistarstefnurnar sem hann stúderar og þar má til dæmis nefna skák, bandaríska forseta og varaforseta og Simpson-fjölskylduna.

### Ólíkir klassíkerar

„Ég er samt mest í tónlistinni og hún er kannski eina áhugamálið sem ég tek alvarlega og það eina sem ég legg mikinn metnað í,“ segir Kári, en staðfestir að hann hafi lengi verið hrifinn af The Simpsons og stelist enn í þátt og þátt.

„Já, ég er mikið í Simpsons þótt ég horfi nú ekki alltaf á þá en ég horfði mikið sem barn. Þeir hafa dalað ansi mikið og eru ekki jafn góðir þótt þeir séu ekki ömurlegir,“ segir Kári um sjónvarpsþættina sem enn sér ekki fyrir endann á þótt þeir hafi gengið áratugum saman.

„Þannig að þegar ég horfi þá eru það frekar sígildu seríurnar,“ segir Kári og er í takti við aðra einlæga aðdáendur sem telja árganga fjögur til níu til gullaldarinnar. „Þetta nær kannski upp í tíu en þeir eru góðir þessir sígildu,“ segir Kári sem þekkir sína klassík og hvað það er sem gerir hana sígilda. „Það er sígildið. Hómer og Ravel,“ segir tónlistarmaðurinn ungi og hlær.

Tónleikarnir fara fram í Hátíðarsal FÍH, Rauðagerði 27, á sunnudaginn klukkan 16. Áhorfendur eru velkomnir þar sem í núverandi ástandi er nokkur gestafjöldi leyfður en einnig verður streymt frá tónleikunum á YouTube. **toti@frettabladid.is**

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is
GRJÓTHARÐAR
VEGGKLÆÐNINGAR










Verslaðu á netinu á byko.is



**Tilboðsverð**

## Tropea

loftljós með 6 perustæðum E27.
Perur seldar sér.

**14.516**

52239173

Almennt verð: 19.355



**Tilboðsverð**

## Messina

Flott hangandi ljós með perustæði fyrir 8 perur sem eru seldar sér til að gefa fleiri valmöguleika.

**15.424**

52238896

Almennt verð: 20.565

# 25% afsláttur inniljós



**Tilboðsverð**

## Sasha

veggljós 1 x E14.

**5.996**

52269401

Almennt verð: 7.995



**Tilboðsverð**

## Belle

Stílhreinn glerkúpull sem hentar vel þar sem raki er, 24cm.

**2.719**

51351379

Almennt verð: 3.625



**Tilboðsverð**

## Lanjo

Hvítt kubbaljós, 140x70x70mm.

**2.636**

52260064

Almennt verð: 3.515

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda út 3. mars 2021.



# 30% afsláttur snjóþotur& snjóskóflur




*Komdu og gramsaðu!*

# MARKAÐS-DAGAR ERU BYRJAÐIR

Við bætum við nýjum vörum daglega.

**Gerðu frábær kaup!**

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is





**BAKÞANKAR**



Margrétar Kristmannsdóttur

## Eldamennska og afgangar

Eins og lífið gengur oftast fyrir sig fluttu börn okkar hjóna að lokum að heiman og við þurftum að finna taktinn á ný í tveggja manna tangó. Tómleikinn var þrúgandi um stund en smám saman vandist þetta litla heimilishald og kostir komu í ljós. Frelsið var algjört og einungis ákvörðun tveggja hvað gera skyldi að loknum vinnudegi. Spurningin var bara hvað okkur langaði að gera – það hafði á vissan hátt verið endanlega klippt á naflastrenginn.

Það tók þó suma hluti lengur að aðlagast tveggja manna heimilishaldi en aðra. Yfir þvottahúsið færðist ró enda virtist vart taka því að þvo af tveimur einstaklingum og mun sjaldnar var ágreiningur um hvað horfa skyldi á í sjónvarpinu. En í eldhúsinu virtist hins vegar allt óbreytt. Eiginmanninum, sem um árabil hafði að mestu séð um eldamennskuna, reyndist lífsins ómögulegt að elda fyrir tvo og frystirinn fylltist af afgöngunum, sem þó sjaldan var munað eftir. Og ástæðan kom fljótlega í ljós. Eftir að kjötborð hurfu svo að segja úr verslunum og allt kjöt er forpakkað miðast skammtastærðir framleiðenda við einhverjar vísitölufjölskyldur. Að finna hæfilegt magn í kvöldmat fyrir tvö reyndist erfitt sem er undarlegt þar sem um 50.000 heimili í landinu eru með 1-2 íbúa.

Matarsóun er risavaxið vandamál í heiminum í dag enda talið að um þriðjungur af þeim mat sem framleiddur er endi í ruslinu og kolefnissporið er gígantískt. Ef fataframleiðendur bjóða neytendum upp á stærðir XS-S-M-L-XL-XXL þá hljóta matvælaframleiðendur að geta aukið úrvalið. Heimurinn verður að draga út matarsóun og fyrsta skrefið er að geta keypt inn rétt magn í næstu verslun.




